

Áfengis- og
vímuvarnarráð
Mat á verkefninu
Ísland án eiturfylfja

GALLUP
MARS 2002

Efnisyfirlit

I. SAMANTEKT

Hver var árangurinn að Ísland án eiturlyfja?

Hvað skilaði góðum árangri

Verðmætt vörumerki

Áróður og auglýsingar – Vitundarvakning meðal unglunga og foreldra

Nýjum forvörnum ýtt úr vör

Vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf

Rannsóknir og fræðsla

Hvað skilaði litlum árangri – hefði mátt gera betur?

Verkefnið sniðið að forvörnum fyrir unglunga

Verkefnið illa afmarkað

Virkja fleiri hópa

Kynningar ómarkvissar

Lokaorð

II. VIÐAUKI 1 – VIÐHORFSRANNSÓKN

III. VIÐAUKI 2 – DJÚPVIÐTÖL

IV. VIÐAUKI 3 - FJÖLMÍÐLAGREING

I. SAMANTEKT

Gallup hefur unnið mat á árangri verkefnisins *Ísland án eiturlyfja* fyrir Áfengis- og vímuvarnarráð. Hér á eftir fara niðurstöður þess mats auk skýrslna sem unnar voru og eru í viðauka í skýrslunni.

Í markmiðum áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* kemur fram að verkefnið miði að því að:

- leita leiða til að sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum vímuefnum
- efla forvarnir
- hefta innflutning
- skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hafa þetta að leiðarljósi

Viðá var leitað fanga við gerð árangursmatsins. Gallup lagði áherslu á að nota bæði eigindlegar og megingdlegar aðferðir og fara yfir fyrirbyggjandi gögn úr sem flestum áttum. Hér á eftir er listi yfir þær rannsóknir sem matið er að mestu leyti byggt á en einnig var skoðað mikið af gögnum sem Áfengis- og vímuvarnarráð lagði til s.s. ársskýrslur og samantektir sem *Ísland án eiturlyfja* hefur gefið út og annað útgefið efni um vímuefni og vímuvarnir.

Við árangursmatið var beitt eftirfarandi rannsóknum:

1. Viðhorfsrannsóknir

Gallup hefur unnið fjórar rannsóknir sem eru að stórum hluta með sömu spurningum. Spurningarnar voru lagðar fyrir foreldra. Spurt var 1997, 1998, 2000 og 2002. Nýjasta rannsóknin fylgir með í viðauka en í henni er einnig þróun á þeim spurningum sem spurt var í öllum rannsóknunum.

2. Djúpvíðtöl við samstarfsaðila úr öllum landshlutum

Tekin voru viðtöl við 20 aðila sem á einhvern hátt tengjast verkefninu *Ísland án eiturlyfja*. Viðtölin miðuðu að því að fá fram hvernig unnið hefði verið í verkefninu, hvað hefði tekist vel og hvað hefði betur mátt fara. Lögð var áhersla á að þeir sem talað var við kæmu að verkefninu á sem ólíkastan hátt. Fólk af landsbyggðinni og af höfuðborgarsvæðinu, þeir sem unnu mikið með verkefnastjórninni og þeir sem unnu lítið, þeir sem voru ánægðir með samstarfið og einnig þeir sem voru óánægðir.

3. Fjölmiðlagreining

Tekin var saman öll umræða um fikniefni í prentmiðlum frá árinu 1998 til ársloka 2001. Umræða um verkefnið *Ísland án eiturlyfja* var skoðuð sérstaklega og einnig í ljósvakamiðlum á sama tímabili. Greint var hvort þær greinar og fréttir þar sem fjallað var um verkefnið *Ísland án eiturlyfja* væru jákvæðar, neikvæðar eða hlutlausar.

4. Rannsóknir Rannsóknar & greiningar

Skoðaðar voru rannsóknir *Rannsóknar & greiningar*, Ungt fólk 1997, Ungt fólk 2000 og Grunnskólanemar 2001. Skoðaðar voru tölur um neyslu unglunga á áfengi og vímuefnum og hver þróun hennar hefur verið. Einnig var skoðað hvernig reykingar

meðal þessara aldurshópa hafa þróast. Þá voru skoðaðar tölur um samvistir foreldra og barna.

Ekki var unnt að leggja mat á hversu vel eða illa hafði tekist að hefta innflutning á ólöglegum fíkniefnum, þar sem ekki liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar um árangur á því sviði. Þannig beinist árangursmatið að því að meta hvernig hafi tekist að sameina krafta þjóðarinnar í að efla forvarnir og hvernig miðaði í skipulagningu verkefna og leiða til að vinna gegn notkun á eiturflyfjum á árunum 1997 til 2002.

Hver var árangurinn af *Ísland án eiturflyfja*?

Hér er í stórum dráttum rakið hvað var árangursríkt eða vel gert í átakinu *Ísland án eiturflyfja* og hvað hefði mátt gera betur. Nánari greiningu er að finna í viðauka þar sem einstakar skýrslur fylgja.

Hvað skilaði góðum árangri?

Verðmætt vörumerki

Miðað við allan þann fjölda sem þekkir vörumerkið *Ísland án eiturflyfja* hlýtur það að teljast mjög verðmætt og því skiptir miklu máli hvernig það verður nýtt frekar í komandi verkefnum. Samkvæmt viðhorfskönnuninni sem var gerð í ársbyrjun 2002 hafa rúmlega 86% þjóðarinnar heyrt um *Ísland án eiturflyfja* og hefur það aukist síðan árið 2000, þegar rúmlega 74% höfðu heyrt um áætlunina. Ekki er munur eftir bakgrunnsbreytum sem þýðir að svipað hlutfall hefur heyrt um áætlunina hvort sem lítið er til karla eða kvenna, mismunandi aldurs-, starfs-, menntunar- eða tekjuhópa. Af þeim sem hafa heyrt um áætlunina *Ísland án eiturflyfja* telja tæpleg 59% að hún styðji vel við forvarnir gegn eiturflyfjum en 30% telja að hún styðji illa við þær. Fram kemur að yngra fólk telur í meiri mæli að hún styðji vel við forvarnir heldur en þeir sem eldri eru.

Einnig kemur fram að *Ísland án eiturflyfja* sé mikilvæg regnhlíf fyrir alla forvarnarstarfsemi gegn fíkniefnum. Þannig er vörumerkið líka verðmætt í innra starfi.

Áróður og auglýsingar - Vitundarvakning meðal unglunga og foreldra

Þó auglýsingar *Íslands án eiturflyfja* hafi lítið verið mældar benda rannsóknir til þess að sá áróður og þær auglýsingar sem *Ísland án eiturflyfja* stóð fyrir hafi skilað verulegum árangri og náð til stórs hóps foreldra og unglunga.

Eftirlit foreldra með börnum sínum og unglungum er heldur að aukast, stendur í sumum tilvikum í stað, ef bornar eru saman tölur frá *Rannsóknnum & greiningu* frá 1997 og 2000. Einnig kemur í ljós í rannsóknnum Gallup að hlutfall foreldra sem segjast alltaf vita hvar unglungurinn er þegar hann er að heiman hefur verið að aukast litillega frá 1998.

Áhyggjur foreldra af því hvort börn þeirra muni neyta fíkniefna hefur minnkað frá árinu 1998. Rösklega 59% höfðu miklar eða nokkrar áhyggjur árið 1997, árið 1998 voru það rösklega 66% og 63% árið 2000, en aldrei færri en núna árið 2002 eða rösklega 54%.

Mun fleiri foreldrar segja nú en 1997 að börn þeirra eða unglingar fari alltaf eftir

reglum um útvistartíma, eða rösklega 54% 1997 en rúmlega 64% í ár.

Foreldrar vilja í auknum mæli að unglingar fari ekki eftirlitslausir á útihátíðir fyrr en við 18 ára aldur en fyrir tveimur árum nefndu flestir 16 ára aldur.

Langflestir hafa aldrei keypt áfengi fyrir unglingsinn sinn. Það hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt, um 85-90%, þó eru heldur færri sem segjast aldrei hafa keypt áfengi fyrir unglingsinn sinn núna en árið 1997.

Níu af hverjum tíu vilja að einhver ótengdur þeim segi þeim frá áfengisneyslu unglings þeirra ef þeir vita ekki af henni og hefur það hlutfall hækkað lítillega frá 1997. Hlutfall þeirra sem alls ekki myndu kaupa áfengi í ríkinu fyrir unglingsinn sinn til að forða honum frá drykkju á landabriggi er nokkru lægra núna en fyrir tveimur árum. Hér þarf að athuga hvort umræða um landabrigg hefur verið minni síðustu misseri en hún var fyrir tveimur til fjórum árum.

Samvera foreldra og barna hefur verið eitt af þeim atriðum sem *Ísland án eiturlýfja* hefur lagt mikla áherslu á í áróðri sínum. Talsverður munur kemur fram á milli árána 1997 og 2000 á samveru unglings og foreldra þeirra bæði á virkum dögum utan skólatíma og um helgar, þannig að foreldrar og unglingar eyða meiri tíma saman árið 2000 en 1997. Hins vegar kemur ekki fram munur þegar spurt er um nokkra þætti samveru s.s. sjónvarpsáhorf, menningarviðburði, íþróttir, útvist eða samtöl. Þetta þýðir að samveran hafi aukist en ekki er hægt að segja til um í hvað aukinn samvistartími er nýttur.

Einnig kom fram í viðtölum við fagfólk að mun færri eftirlitslaus börn væru nú seint á ferli í bæjum landsins heldur en verið hefði.

Nýjum forvörnum ýtt úr vör

Mörg ný forvarnarverkefni litu dagsins ljós undir merkjum *Íslands án eiturlýfja* eða með styrk og hvatningu frá áttakinu. Verkefnalistinn er orðinn langur og nær yfir mörg mismunandi verkefni, m.a. rannsóknir, gerð forvarnaráætlana, ráðstefnur, fundi, áróður og kynningar. Mörgum þessara verkefna er enn verið að vinna að í þeim hópum sem eru starfandi.

Fagfólk taldi mikilvægt að verkefni eins og *Ísland án eiturlýfja* kæmi slíkum verkefnum af stað, það væri betur í stakk búið til þess en flestir aðrir, síðan tækju aðrir við og ynnu áfram að verkefnunum og lykju þeim ef þannig bæri undir.

Í nýjum gögnum *Rannsóknar & greiningar* kemur í ljós að forvarnarverkefni virðast vera að skila árangri t.d. hefur neysla áfengis minnkað í efstu bekkjum grunnskóla. Einnig hefur verið bent á að neysla hér sé að þróast á jákvæðari hátt en í löndunum í kringum okkur.

Vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf

Eitt af því mikilvægasta sem *Ísland án eiturlýfja* hefur án efa komið á er að sameina krafta margra faghópa. Nú vinna fagaðilar úr mismunandi stofnunum og samtökum saman á landsvísu og í smærri hópum innan hverfa, svæða eða byggðarlaga að forvarnarstarfi.

Búið er að mynda persónuleg tengsl þvert á faghópa og þannig hefur samstarfið orðið árangursríkara. Þá þykir sýnt að þverfaglegt samstarf hefur rutt úr vegi fordómum og samkeppni milli aðila, þar sem nú þekkja menn störf og starfsaðstæður hjá hver öðrum og vinna frekar saman að verkefnum. Eins hefur samstarfið leitt af

sér nýjar hugmyndir, aðferðir og leiðir. Mjög margir þeirra sem komu að samstarfi á vegum átaksins telja þennan árangur einn af hornsteinum forvarnarstarfs í framtíðinni

Margoft kom fram í viðtölum við faghópinn að ímynd lögreglu hefði breyst mjög til hins betra með samstarfi í verkefnum á vegum *Íslands án eiturlyfja*, þannig að nú væri lítið á lögreglu sem bandamann í hverfinu eða byggðalaginu.

Í viðtölum við fagfólk kom einnig fram að mikilvægt væri að halda áfram að vinna í þeirri nálægð sem lagt var af stað með í verkefninu *Ísland án eiturlyfja*. Þar er átt við að vinnan fór fram í litlum þverfaglegum hópum, t.d. innan hverfa eða byggðarlaga.

Rannsóknir og fræðsla

Iðulega kom fram að sú áhersla sem *Ísland án eiturlyfja* hefði lagt á að safna gögnum hefði skilað verulegum árangri. Fram til þess tíma hefðu menn þurft að tala út frá tilfinningum og reynslu en nú væru komin gögn sem hægt væri að byggja starfið á. Þarna voru sérstaklega tiltekin þau gögn sem *Rannsóknir & greining* hefur safnað og einnig þær kannanir sem Gallup hefur gert meðal foreldra og *Ísland án eiturlyfja* stóð að ásamt fleiri aðilum.

Fram kom að upplýsingar sem þessar auðveldi mönnum mjög að grípa til markvissari aðgerða á tilteknum svæðum eða hverfum og ættu að nýtast vel þeim hópum sem enn eru starfandi.

Fræðslufundir og ráðstefnur sem *Ísland án eiturlyfja* hefur staðið fyrir hafa einnig nýst fagaðilum á þessu sviði mjög vel og margir þeirra hafa flutt fræðsluna áfram á heimaslóðir. Hér voru tilteknir bæði morgunverðarfundir og stærri ráðstefnur.

Fagfólk sagði einnig að verkefnið *Ísland án eiturlyfja* hefði nýst vel til að koma umræðu af stað, en orð væru til alls fyrst. Umræða um forvarnir og fíkniefni hefði stóraukist með áttakinu *Ísland án eiturlyfja*.

Hvað skilaði litlum árangri – hefði mátt gera betur?

Verkefnið sniðið að forvörnum fyrir unglinga

Ef það markmið á að nást að útrýma eiturlyfjum á Íslandi þarf vissulega að huga að fleiri hópum en virðist hafa verið gert í áttakinu *Ísland án eiturlyfja*. Í gögnum verkefnisins kemur lítið fram um úrbætur eða áróður fyrir aðra hópa en ungt fólk og foreldra þeirra. Verkefnið virðist aðallega hafa verið sniðið að unglingum og forvörnumfyrir þá. Neysla á eiturlyfjum er vissulega ekki bundin við ákveðinn aldurshóp.

Verkefnið illa afmarkað

Niðurstöður benda til þess að bæði þeir sem þátt hafa tekið í verkefninu og almenningur í landinu telji að verkefnið hafi verið illa afmarkað. Þannig hafi verið erfitt að átta sig á því hvaða verkefni voru á vegum *Íslands án eiturlyfja* og hver ekki.

Fram kom að sá stóri hópur sem þekkti til *Íslands án eiturlyfja* þekkti aftur á móti mjög lítið til þeirra verkefna sem áætlunin stóð að þar sem 79% sögðust ekki geta nefnt eitthvað verkefni átaksins. Sama má segja um þá sem tóku þátt í samstarfi á vegum

verkefnisins því að mörgum þeirra þótti óljóst hvað heyrði til átaksins og hvað ekki. Einnig kemur fram að rösklega 66% segjast þekkja illa til áætlunarinnar. Samt sem áður telja 59% landsmanna að *Ísland án eiturlyfja* hafi stutt vel forvarnir gegn eiturlyfjum.

Nokkuð var rætt um að það hefðu verið mistök að kalla þetta *Ísland án eiturlyfja 2002* í upphafi áætlunarinnar. Þó nafninu hafi fljótlega verið breytt þá hafi umræðan verið neikvæð og átakið haft í flimtingum vegna nafnsins.

Virkja fleiri hópa

Fleiri hópar og stofnanir hefðu þurft að koma að áttakinu að mati þeirra sem unnu að framgangi ýmissa verkefna. Fagfólk taldi að hægt hefði verið að gera enn betur ef tekist hefði að virkja fleiri. Eins kom fram að það hefði þurft að virkja enn betur landsbyggðina og flytja meira af verkefnum og ábyrgð til sveitarfélaga.

Mjög mikið var rætt um þá hópa sem ekki hefði tekist að virkja. Langflestir töluðu um Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, skólana, kennarana, skólastjórnendur sem í raun réðu því hvort þessi mál væru rædd innan skólans eða ekki og ekki síst foreldra sem alls ekki hefði tekist að virkja beint í samstarfinu.

Fram kom að ekki hefði tekist að koma námsefni um skaðsemi vímuefna nógu markvisst inn í námsefni grunnskólanna. Þar taldi fólk að væri gott lag að koma skilaboðum til ungs fólks, t.d. væri *Lífsleikni* góður vettvangur. Þeir sem höfðu farið með fræðslu inn í Lífsleiknitíma töldu að það hefði skilað árangri.

Helsti þröskuldurinn fyrir því að virkja foreldra virðist vera að þegar hóparnir eru að hittast á vinnutíma eru foreldrar uppteknir við störf sín. Þannig sé erfitt að samþætta faghópana annars vegar og sjálfbóðaliðastörfin sem foreldrar sinna hins vegar.

Mörgum fannst að íþróttahreyfingin gæti komið mun öflugri inni starf eins og fram fer í verkefninu. Einnig kom fram að þar fer fram mikið sjálfbóðaliðastarf sem þýðir að erfitt er að samþætta starfi fagfólks eins og áður var lýst. Töluverð gagnrýni kom fram á íþróttahreyfinguna fyrir að samþykkja áfengisauglýsingar á íþróttakappleikjum og fyrir að sigurhátíðum íþróttamanna tengdist gjarnan áfengi.

Rætt var um að heilbrigðisgeirinn hefði getað komið mun sterkari inn í samstarfið, bæði geðdeildir og heilsugæslan. Vitað er að geðræn vandamál auka líkur á neyslu og því hefðu geðdeildir þurft að koma meira beint að verkefninu að mati margra.

Eins og áður sagði var almenn ánægja með morgunverðarfundina *Náum áttum* en fram kom hjá mörgum að þar hefði þurft að virkja betur skólastjórnendur, Fræðslumiðstöð og kennara og einnig almenning. Á þessum fundum væri meira eða minna einungis fagfólk, það sama og væri að starfa í hópum annars staðar. Fram kom að líklega væri tímasetning fundanna hvorki hentug fyrir þá sem starfa að fræðslumálum né foreldra.

Kynningar ómarkvissar

Þetta er sá þáttur sem verst hefur tekist til þegar öll gögn hafa verið krufin. Það vekur nokkra athygli að þátttakendur í verkefninu virðast líta þannig á að vel hafi tekist að kynna verkefnið og koma umræðu af stað um vímuefnamál. Hins vegar sýnir niðurstaða um umfjöllun í fjölmiðlum og niðurstaða almennings um sýnileika verkefnisins að alls ekki hefur tekist að kynna það nóg í fjölmiðlum.

Þegar almenningur var spurður hvort verkefnið *Ísland án eiturlyfja* hefði verið áberandi

í samfélaginu síðustu ár svöruðu tæplega 76% því til að það hefði verið litið áberandi en um 17% sögðu að það hefði verið áberandi. Eini marktæki munurinn eftir bakgrunni er sá að þeir yngstu telja verkefnið meira áberandi en aðrir hópar.

Skoðuð var heildarumræða um fíkniefnamál í prentmiðlum frá 1998-2001. Á þessu tímabili birtust 3.289 greinar um fíkniefnamál í íslenskum blöðum. Þar af eru 137 greinar þar sem minnst er á átakið *Ísland án eiturlýfja*, sem vegur 4,2% í heildarumræðu um málaflokkinn á þessu tímabili. Að auki voru 13 fréttir í ljósvakamiðlum þar sem átakið kom við sögu á fyrrgreindu tímabili. Önnur fíkniefnaumræða var ekki skoðuð í ljósvakamiðlunum.

Alls 150 birtust greinar eða fréttir um átakið *Ísland án eiturlýfja* frá 1998 til 2001. Af þeim voru rösklega 65% jákvæðar fyrir átakið en rösklega 5% neikvæðar. Þetta þýðir að í flestum tilvikum var umfjöllun í fjölmiðlum áttakinu til framdráttar.

Í langflestum tilvikum, eða tæplega 69%, var verið að fjalla um forvarnir þegar málefni *Íslands án eiturlýfja* voru til umfjöllunar. Í tæplega 23% tilvika var um almenna umfjöllun að ræða, tæplega 7% tilvika fjölluðu fréttirnar eða greinarnar um vímuefnaneyslu unglinga og um meðferðarúrræði í 2% tilvika.

Þegar þróun heildarumræðu í prentmiðlum fyrir þetta tímabil er skoðuð kemur í ljós að hún dreifist nokkuð jafnt á árin, tæplega 22% umræðunnar er árið 1998, rösklega 29% árið 1999, liðlega 25% 2000 og næstum 24% árið 2002.

Þegar á hinn bóginn er litið á það hvernig birting þessara 150 greina dreifinst á árin kemur í ljós að rösklega 43% umfjöllunarinnar um *Ísland án eiturlýfja* birtist í fjölmiðlum árið 1998, 28% árið 1999, 20% árið 2000 en einungis tæplega 7% á síðasta ári. Umfjöllunin hefur því greinilega verið að minnka ár frá ári. Alls var *Ísland án eiturlýfja* aðeins 10 sinnum til umfjöllunar í fjölmiðlum á síðasta ári.

Lokaorð

Það er ljóst að margt hefur tekist afar vel í verkefninu *Ísland án eiturlýfja* þó alltaf megi gera betur. Mat Gallup sýnir að vel hefur verið staðið að verkefninu og að safnast hefur saman mikil reynsla og þekking sem vel er haldið utan um á einum stað. Fjöldi verkefna, rannsókna og viðtæk fræðsla hefur farið af stað í áttakinu, sem óvíst er að hefði litið dagsins ljós án þess. Sýnt er að mjög þarft er að hafa regnhlíf eða vettvang eins og *Ísland án eiturlýfja* fyrir hina ýmsu hópa, stofnanir og félög sem vilja vinna að forvörnum. Átakið hefur rutt braut sem verður að halda við og átakið hefur komið af stað þverfaglegu samstarfi sem verður að halda áfram. *Ísland án eiturlýfja* er komið til að vera, þ.e.a.s. ef við viljum stefna áfram að svo háleitu markmiði.

Áfengis og vímuvarnaráð

- Ísland án eiturlyfja -

Viðhorfsrannsókn

Jan/feb 2002

GALLUP

IMG

Skýrsla þessi og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki eða þeim einstaklingi sem hana keypti. Öll opinber birting eða dreifing er óheimil án skriflegs leyfis Gallup á Íslandi.

Um meðferð upplýsinga um samanburðarfyrirtæki gilda eftirfarandi reglur Persónuverndar: Þess ber vandlega að gæta, að farið verði með upplýsingar um þau fyrirtæki, sem tekin eru til samanburðar við það fyrirtæki sem óskar eftir könnun, sem trúnaðarmál, og að þær berist ekki til annarra aðila en þeirra sem óskað hafa eftir viðkomandi könnun. Jafnframt er því fyrirtæki óheimilt að birta upplýsingar um samanburðarfyrirtækin á nokkurn hátt.

Allur réttur áskilinn: © Gallup á Íslandi

Gallup á Íslandi er aðili
að Gallup International

Efnisyfirlit

Bls.

FRAMKVÆMD	4
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
Í TARLEGAR NIÐURSTÖÐUR	
SP. 1 Neytir þú áfengis?	7
SP. 2 Átt þú barn?	8
SP. 3 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?	9
SP. 4 Býr(búa) barnið(börnin) á þínu heimili?	10
SP. 5 En áttu einhver yngri börn?	11
SP. 6 Býr(búa) barnið(börnin) á þínu heimili?	12
SP. 7 Fer barn þitt eftir reglum um útvistartíma alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei?	13
SP. 8 Veist þú alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei hvað barn þitt eða unglingur aðhefst þegar það er ekki heima?	14
SP. 9 Á að þínu mati að takmarka aðgang unglunga á útihátíðir ef þeir eru ekki í fylgd með fullorðnum við 16 ára aldur, 17 ára aldur, 18 ára aldur eða einhvern annan aldur?	15
SP. 10 Hvaða aldur?	16
SP. 11 Áttu son eða dóttur sem fór á útihátíð í fyrrasumar án þess að vera í fylgd fullorðinna?	17
SP. 12 Hvað var hann(hún) gömul?	18
SP. 13 Veist þú hvort barn þitt sem var í 8. bekk á síðastliðnum vetri hefur drukkið áfengi af einhverju tagi?	19
SP. 14 Veist þú hvort barn þitt sem var í 9. bekk á síðastliðnum vetri hefur drukkið áfengi af einhverju tagi?	20
SP. 15 Veist þú hvort barn þitt sem var í 10. bekk á síðastliðnum vetri hefur drukkið áfengi af einhverju tagi?	21
SP. 16 Nýlegar kannanir sýna að rúmlega 60% 15 ára unglunga á Íslandi hafa orðið ölvuð. Finnst þér þessi niðurstaða alvarleg eða ekki alvarleg?	22
SP. 17 Á hvaða aldri finnst þér að unglingar mættu byrja að drekka áfengi?	23
SP. 18 Setjum sem svo að þú ættir ungling á aldrinum 13-15 ára sem drykki áfengi án þinnar vitundar. Myndir þú vilja að einhver ótengdur þér sem vissi af áfengisneyslunni segði þér frá henni?	24
SP. 19 Setjum sem svo að þú ættir ungling á aldrinum 13-15 ára sem drykki landabugg. Myndir þú reyna að forða því að hann drykki landa með því að kaupa sjálf(ur) fyrir hann áfengi í ríkinu?	25
SP. 20 Hefur þú keypt áfengi oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir son þinn eða dóttur á unglingsaldri?	26
SP. 21 Hefur þú miklar, nokkrar, litlar eða engar áhyggjur af því að barn þitt (eitthvert barna þinna) muni neyta fíkniefna, annarra en áfengis, á unglingsaldri?	27
SP. 22 Þekkir þú vel eða illa til samstarfsverkefna á sviði forvarna í þínu hverfi?	28
SP. 23 Telur þú að þetta verkefni hafi skilað miklum eða litlum árangri?	29
SP. 24 Hefur þú heyrt um áætlunina Ísland án eiturlyfja?	30
SP. 25 Hversu vel eða illa þekkir þú þessa áætlun?	31
SP. 26 Getur þú nefnt mér eitthvert verkefni sem Ísland án eiturlyfja hefur staðið fyrir?	32
SP. 27 Finnst þér að verkefnið Ísland án eiturlyfja hafi verið áberandi í samfélaginu síðustu ár eða finnst þér það ekki hafa verið áberandi?	33
SP. 28 Telur þú að verkefni eins og Ísland án eiturlyfja styðji vel eða illa við forvarnir gegn eiturlyfjum?	34
HVERNIG Á AÐ TÚLKA NIÐURSTÖÐURNAR	35

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Áfengis og vímuvarnaráð
Markmið	Markmið rannsóknarinnar er að athuga viðhorf fólks á aldrinum 23-55 ára til vímuefnaneyslu og tóbaksreykinga meðal unglinga. Einnig að kanna þekkingu 16-75 ára fólks á áttakinu „Ísland án eituryfja“.
Framkvæmdatími	30. janúar - 13. febrúar 2002
Aðferð	Símakönnun
Úrtak	1200 manns á aldrinum 16-75 ára af öllu landinu, úr Þjóðskrá
Verknúmer	5177

Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak	1200
Búsettir í útlöndum	32
Veikir	12
Látnir	1
Endanlegt úrtak	1155
Neita að svara	348
Næst ekki í	6
Fjöldi svarenda	801
Svarhlutfall	69,4%

Greiningarbreytur

Kyn	Karlar og konur
Aldur	Fimm aldursflokkar
Búseta	Þrír flokkar
Fjölskyldutekjur	Heildartekjur allra á heimilinu á mánuði, fjórir flokkar
Menntun	Fjórir flokkar
	Auk þess voru spurningar greindar innbyrðis

Reykjavík, 5. mars 2002

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Jóna Bríet Guðjónsdóttir

Matthías Þorvaldsson

Börn á heimilinu



Útivistartími

Ríflega 64% telja að barn sitt fari alltaf eftir reglum um útivistartíma. Líðlega 28% telja að það geri það oftast. Á hinn bóginn eru það tæplega 6% sem telja að barnið sitt geri það stundum og tæp 3% sjaldan. Flestir, eða rúmlega 93%, segjast vita alltaf eða oftast hvað barn sitt eða unglingur aðhefst þegar það er ekki heima.

Útíhátíðir

Nær 45% telja að það eigi að takmarka aðgang unglunga á útíhátíðir, ef þeir eru ekki í fylgd með fullorðnum við 18 ára aldur. Tæp 30% telja að það eigi að takmarka aðgang við 16 ára aldur en tæplega 20% við 17 ára aldur. Af þeim sem eiga barn, voru ríflega 14% sem áttu son eða dóttur sem fór á útíhátíð í fyrrasumar án þess að vera í fylgd fullorðinna.

Áfengisdrykkja barna í 8.-9. bekk




Ölvun unglunga og byrjun áfengisdrykkju

Nýlegar kannanir sýna að rúmlega 60% 15 ára unglunga á Íslandi hafa orðið ölvuð. Rúmum 55% finnst þessar niðurstöður vera mjög alvarlegar. Rúmlega 29% finnst þær vera fremur alvarlegar en naumlega 16% finnst þær ekki vera alvarlegar. Tæplega 48% telja að unglingar mættu byrja að drekka áfengi 18-19 ára. Nær 28% telja að þeir mættu byrja 16-17 ára en tæp 19% telja að fólk verði að vera orðið 20 ára eða eldri til að mega drekka áfengi.

Að segja frá drykkju unglunga - landabrug

Setjum sem svo að þú ættir ungling á aldrinum 13-15 ára sem drykki áfengi án þinnar vitundar. Myndir þú vilja að einhver ótengdur þér sem vissi af áfengisneyslunni segði þér frá henni?

Setjum sem svo að þú ættir ungling á aldrinum 13-15 ára sem drykki landabrug. Myndir þú reyna að forða því að hann drykki landa með því að kaupa sjálf(ur) fyrir hann áfengi í ríkinu?



Kaup á áfengi handa barni - önnur fíkniefni en áfengi

Flestir, eða tæp 85%, hafa aldrei keypt áfengi fyrir son sinn eða dóttur á unglingsaldri. Ríflega 9% hafa sjaldan gert það, nálega 5% stundum en 1% oft. Rúmlega 54% hafa mjög, fremur eða nokkuð miklar áhyggjur af því að barn sitt (eitthvert barna sinna) muni neyta fíkniefna, annarra en áfengis, á unglingsaldri. Nær 28% hefur fremur eða mjög litlar áhyggjur af því. Aftur á móti hafa tæp 18% engar áhyggjur af því.


Ísland án eiturlyfja




Neytir þú áfengis?

Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk +/-
		%		
Já	396	81,3		3,5
Nei	91	18,7		3,5
Fjöldi svara	487	100,0		
Tóku afstöðu	487	99,8		
Tóku ekki afstöðu	1	0,2		
Fjöldi aðspurðra	488	100,0		
Spurðir	488	60,9		
Ekki spurðir	313	39,1		
Fjöldi svarenda	801	100,0		

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára voru spurðir þessarar spurningar.



Þróun



Greiningar


	Fjöldi svarenda	Já	Nei
Kyn			
Karlar	241	84%	16%
Konur	246	79%	21%
Aldur*			
23-34 ára	171	83%	17%
35-44 ára	161	86%	14%
45-55 ára	154	74%	26%
Búseta			
Reykjavík	180	83%	17%
Nágrannasv.félög R.víkur	114	85%	15%
Önnur sveitarfélög	192	77%	23%
Menntun*			
Grunnskólapróf	64	70%	30%
Grunnskólapróf og viðbót	134	77%	23%
Framhaldsskólapróf	175	83%	17%
Háskólapróf	104	88%	12%
Fjölskyldutekjur*			
Lægri en 250 þúsund	86	71%	29%
250 til 399 þúsund	166	84%	16%
400 til 549 þúsund	97	84%	16%
550 þúsund eða hærri	76	88%	12%
Starfssvið			
Verkafl/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	127	79%	21%
Faglærð iðnaðarstörf	34	85%	15%
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	105	86%	14%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	131	83%	17%
Nemar	44	80%	20%
Hvorki útvinandi né í námi	39	69%	31%

*Marktækt

Átt þú barn?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Já	379	77,8	3,7
Nei	108	22,2	3,7
Fjöldi svara	487	100,0	
Tóku afstöðu	487	99,8	
Tóku ekki afstöðu	1	0,2	
Fjöldi aðspurðra	488	100,0	
Spurðir	488	60,9	
Ekki spurðir	313	39,1	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar

	Fjöldi svarenda	Já	Nei
Kyn*			
Karlar	241	73%	27%
Konur	246	83%	17%
Aldur*			
23-34 ára	171	54%	46%
35-44 ára	161	87%	13%
45-55 ára	154	95%	5%
Búseta*			
Reykjavík	180	71%	29%
Nágrannasv.félög R.víkur	114	82%	18%
Önnur sveitarfélög	192	82%	18%
Menntun			
Grunnskólapróf	64	86%	14%
Grunnskólapróf og viðbót	134	74%	26%
Framhaldsskólapróf	175	79%	21%
Háskólapróf	104	83%	17%
Fjölskyldutekjur*			
Lægri en 250 þúsund	86	56%	44%
250 til 399 þúsund	166	80%	20%
400 til 549 þúsund	97	91%	9%
550 þúsund eða hærri	76	89%	11%
Starfssvið*			
Verkaf/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	127	76%	24%
Faglærð iðnaðarstörf	34	82%	18%
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	105	86%	14%
Sj.st/Atvrek/Sérfræðingar	131	87%	13%
Nemar	44	39%	61%
Hvorki útivinnandi né í námi	39	79%	21%


*Marktækt

Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?

Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk +/-
		%		
Já í 10. bekk	55	14,5		3,5
Já í 8. bekk	39	10,3		3,1
Já í 9. bekk	28	7,4		2,6
Nei	266	70,2		4,6
Fjöldi svarenda		379		
Tóku afstöðu	379	100,0		
Tóku ekki afstöðu		0,0		
Fjöldi aðspurðra		379 100,0		
Spurðir	379	47,3		
Ekki spurðir	422	52,7		
Fjöldi svarenda		801 100,0		

Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga barn (sp. 2) voru spurðir þessarar spurningar.




Greiningar

	Fjöldi svarenda	Já í 10. bekk	Já í 8. bekk	Já í 9. bekk	Nei
Kyn					
Karlar	175	15,4%	10,9%	7,4%	69,7%
Konur	204	13,7%	9,8%	7,4%	70,6%
Aldur					
23-34 ára	93		1,1%	1,1%	97,8%
35-44 ára	140	23,6%	15,7%	12,1%	51,4%
45-55 ára	146	15,1%	11,0%	6,8%	70,5%
Búseta					
Reykjavík	128	13,3%	7,0%	8,6%	73,4%
Nágrannasv.félög R.víkur	93	12,9%	14,0%	7,5%	66,7%
Önnur sveitarfélög	158	16,5%	10,8%	6,3%	69,6%
Menntun					
Grunnskólapróf	55	20,0%	12,7%	7,3%	61,8%
Grunnskólapróf og viðbót	99	15,2%	10,1%	9,1%	67,7%
Framhaldsskólapróf	138	15,2%	9,4%	5,1%	73,2%
Háskólapróf	86	9,3%	10,5%	9,3%	73,3%
Fjölskyldutekjur					
Lægrí en 250 þúsund	48	12,5%	8,3%	6,3%	75,0%
250 til 399 þúsund	132	13,6%	11,4%	9,1%	68,9%
400 til 549 þúsund	88	14,8%	13,6%	8,0%	65,9%
550 þúsund eða hærri	68	19,1%	7,4%	8,8%	67,6%
Starfssvið					
Verkafl/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	97	14,4%	14,4%	10,3%	62,9%
Faglærð iðnaðarstörf	28	17,9%	17,9%		64,3%
Skrifsst.+Fagl.við opinb. þjón.	90	10,0%	7,8%	10,0%	74,4%
Slj.st/Atvrek/Sérfræðingar	114	17,5%	7,9%	7,0%	71,9%
Nemar	17	17,6%	5,9%		76,5%
Hvorki útvinnandi né í námi	31	9,7%	9,7%	3,2%	77,4%

Býr(búa) barnið(börnin) á þínu heimili?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Já	97	85,8	6,4
Nei	16	14,2	6,4
Fjöldi svara	113	100,0	
Spurðir	113	14,1	
Ekki spurðir	688	85,9	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga barn sem var í 8. 9. eða 10. bekk á síðastliðnum vetri, voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar


	Fjöldi svarenda	Já	Nei
Kyn			
Karlar	53	79%	21%
Konur	60	92%	8%
Aldur			
23-34 ára	2	100%	0%
35-44 ára	68	84%	16%
45-55 ára	43	88%	12%
Búseta			
Reykjavík	34	82%	18%
Nágrannasv.félög R.víkur	31	87%	13%
Önnur sveitarfélög	48	88%	13%
Menntun			
Grunnskólapróf	21	81%	19%
Grunnskólapróf og viðbót	32	94%	6%
Framhaldsskólapróf	37	78%	22%
Háskólapróf	23	91%	9%
Fjölskyldutekjur			
Lægrí en 250 þúsund	12	75%	25%
250 til 399 þúsund	41	85%	15%
400 til 549 þúsund	30	87%	13%
550 þúsund eða hærrí	22	86%	14%
Starfssvið			
Verkafl/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	36	86%	14%
Faglærð iðnaðarstórf	10	70%	30%
Skrifsst.+Fagl.við opinb. þjón.	23	83%	17%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	32	88%	13%
Nemar	4	100%	0%
Hvorki útívinandi né í námi	7	100%	0%

*Marktækt

Áttu einhver yngri börn?

Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk +/-
		%		
Já	247	65,3		4,8
Nei	131	34,7		4,8
Fjöldi svara	378	100,0		
Tóku afstöðu	378	99,7		
Tóku ekki afstöðu	1	0,3		
Fjöldi aðspurðra	379	100,0		
Spurðir	379	47,3		
Ekki spurðir	422	52,7		
Fjöldi svarenda	801	100,0		

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga barn (sp. 2) voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar


	Fjöldi svarenda	Já	Nei
Kyn			
Karlar	174	67%	33%
Konur	204	64%	36%
Aldur*			
23-34 ára	92	98%	2%
35-44 ára	140	84%	16%
45-55 ára	146	27%	73%
Búseta			
Reykjavík	127	60%	40%
Nágrannasv.félög R.víkur	93	66%	34%
Önnur sveitarfélög	158	70%	30%
Menntun			
Grunnskólapróf	55	56%	44%
Grunnskólapróf og viðbót	98	64%	36%
Framhaldsskólapróf	138	67%	33%
Háskólapróf	86	70%	30%
Fjölskyldutekjur			
Lægri en 250 þúsund	47	68%	32%
250 til 399 þúsund	132	67%	33%
400 til 549 þúsund	88	65%	35%
550 þúsund eða hærrí	68	65%	35%
Starfssvið			
Verkaf/Einf. þj.st/Sjóm/Bændur	96	61%	39%
Faglærð iðnaðarstórf	28	57%	43%
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	90	64%	36%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	114	67%	33%
Nemar	17	88%	12%
Hvorki útívinandi né í námi	31	74%	26%

*Marktækt

Býr(búa) barnið(börnin) á þínu heimili?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik- mörk +/-
Já	238	96,4	2,3
Nei	9	3,6	2,3
Fjöldi svara	247	100,0	
Spurðir	247	30,8	
Ekki spurðir	554	69,2	
Fjöldi svarenda	801	100,0	



Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga yngri börn en í 8.-9. bekk (sp. 5), voru spurðir þessarar spurningar.



Fer barn þitt eftir reglum um útvistartíma?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Alltaf	157	64,3	6,0
Oftast	67	27,5	5,6
Stundum	14	5,7	2,9
Sjaldan	6	2,5	1,9
Aldrei	0	0,0	0,0
Fjöldi svara	244	100,0	
Tóku afstöðu	244	89,1	
Tóku ekki afstöðu	30	10,9	
Fjöldi aðspurðra	274	100,0	
Spurðir	274	34,2	
Ekki spurðir	527	65,8	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára, þeir sem segja að það búi barn/börn á heimili sínu (sp. 4 og 6), voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar


	Fjöldi svarenda	Alltaf	Oftast	Stundum/sjaldan/aldrei
Kyn				
Karlar	104	57%	33%	11%
Konur	140	70%	24%	6%
Aldur*				
23-34 ára	64	81%	17%	2%
35-44 ára	120	61%	31%	8%
45-55 ára	60	53%	32%	15%
Búseta				
Reykjavík	74	74%	19%	7%
Nágrannasv.félög R.víkur	64	59%	30%	11%
Önnur sveitarfélög	106	60%	32%	8%
Menntun				
Grunnskólapróf	34	68%	29%	3%
Grunnskólapróf og viðbót	68	68%	24%	9%
Framhaldsskólapróf	86	60%	30%	9%
Háskólapróf	55	65%	25%	9%
Fjölskyldutekjur*				
Lægri en 250 þúsund	28	86%	7%	7%
250 til 399 þúsund	91	64%	25%	11%
400 til 549 þúsund	59	68%	27%	5%
550 þúsund eða hærrí	42	45%	43%	12%
Starfssvið				
Verkafl/Einf. þj.st/Sjóm/Bændur	61	64%	30%	7%
Faglærð iðnaðarstörf	14	43%	43%	14%
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	57	72%	26%	2%
Stj.st./Atvrek/Sérfræðingar	76	61%	24%	16%
Nemar	14	79%	14%	7%
Hvorki útvinnandi né í námi	21	62%	38%	
*Marktækt				
Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?				
Já í 8. bekk	34	59%	35%	6%
Já í 9. bekk	25	48%	36%	16%
Já í 10. bekk	52	42%	29%	29%
Nei	141	74%	23%	2%

Spurning 7. Fer barn þitt eftir reglum um útvistartíma alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei?


Veist þú hvað barn þitt eða unglingur aðhefst þegar það er ekki heima?

Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik-mörk +/-
			%	
Alltaf	111	46,1	6,3	
Oftast	115	47,7	6,3	
Stundum	10	4,1	2,5	
Sjaldan	3	1,2	1,4	
Aldrei	2	0,8	1,1	
Fjöldi svara	241	100,0		
Tóku afstöðu	241	98,8		
Tóku ekki afstöðu	3	1,2		
Fjöldi aðspurðra	244	100,0		
Spurðir	244	30,5		
EKKI spurðir	557	69,5		
Fjöldi svarenda	801	100,0		

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára, þeir sem segja að það búi barn/börn á heimili sínu (sp. 4 og 6), voru spurðir þessarar spurningar.



Þróun



Greiningar

	Fjöldi svarenda	Alltaf	Oftast	Stundum/sjaldan/aldrei
Kyn				
Karlar	102	41%	51%	8%
Konur	139	50%	45%	5%
Aldur				
23-34 ára	62	53%	40%	6%
35-44 ára	119	46%	48%	6%
45-55 ára	60	38%	55%	7%
Búseta				
Reykjavík	73	51%	42%	7%
Nágrannasv.félög R.víkur	62	47%	44%	10%
Önnur sveitarfélög	106	42%	54%	4%
Menntun				
Grunnskólapróf	34	53%	44%	3%
Grunnskólapróf og viðbót	68	43%	50%	7%
Framhaldsskólapróf	85	52%	41%	7%
Háskólapróf	53	36%	58%	6%
Fjölskyldutekjur				
Lægri en 250 þúsund	28	54%	43%	4%
250 til 399 þúsund	91	46%	49%	4%
400 til 549 þúsund	59	46%	42%	12%
550 þúsund eða hærri	40	43%	55%	3%
Starfssvið				
Verkafl./Einf.þj.st./Sjóm/Bændur	60	47%	45%	8%
Faglærð iðnaðarstörf	14	43%	43%	14%
Skrifsst.+Fagl.við opinb.þjón.	57	51%	44%	5%
Stj.st./Atvrek/Sérfræðingar	75	45%	51%	4%
Nemar	13	31%	69%	
Hvorki útí vinnandi né í námi	21	43%	48%	10%

*Marktækt

Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?

Svar	Fjöldi	Alltaf	Oftast	Stundum/sjaldan/aldrei
Já í 8. bekk	34	41%	56%	3%
Já í 9. bekk	25	32%	48%	20%
Já í 10. bekk	52	42%	52%	6%
Nei	138	49%	46%	5%


Spurning 8. Veist þú alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei hvað barn þitt eða unglingur aðhefst þegar það er ekki heima?

Á að takmarka aðgang unglinga á útihátíðir ef þeir eru ekki í fylgd með fullorðnum við 16/17/18 ára aldur?


Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Takmarka við 18 ára aldur	211	44,6	4,5
Takmarka við 16 ára aldur	141	29,8	4,1
Takmarka við 17 ára aldur	92	19,5	3,6
Takmarka við annan aldur	8	1,7	1,2
Ekki takmarka við neinn aldur	21	4,4	1,9
Fjöldi svara	473	100,0	
Tóku afstöðu	473	96,9	
Tóku ekki afstöðu	15	3,1	
Fjöldi aðspurðra	488	100,0	
Spurðir	488	60,9	
Ekki spurðir	313	39,1	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára voru spurðir þessarar spurningar.

Vegna þess hversu fáir nefna annan aldur voru þeir ekki greindir eftir bakgrunnsbreytum.



Þróun



Greiningar

	Fjöldi svarenda	Takmarka við 18 ára aldur	Takmarka við 16 ára aldur	Takmarka við 17 ára aldur	Ekki takmarka við neinn aldur	Samtals
Kyn*						
Karlar	225	36,4%	36,4%	20,4%	6,7%	100%
Konur	240	53,8%	24,6%	19,2%	2,5%	100%
Aldur						
23-34 ára	162	45,1%	34,6%	16,0%	4,3%	100%
35-44 ára	153	47,1%	29,4%	19,0%	4,6%	100%
45-55 ára	149	44,3%	26,8%	24,8%	4,0%	100%
Búseta						
Reykjavík	170	45,9%	31,8%	19,4%	2,9%	100%
Nágrannasv.félög R.vikur	109	47,7%	22,0%	23,9%	6,4%	100%
Önnur sveitarfélög	185	43,8%	34,1%	17,8%	4,3%	100%
Menntun						
Grunnskólapróf	63	46,0%	33,3%	14,3%	6,3%	100%
Grunnskólapróf og viðbót	127	44,9%	27,6%	22,0%	5,5%	100%
Framhaldsskólapróf	168	42,9%	33,3%	19,6%	4,2%	100%
Háskólapróf	98	50,0%	25,5%	22,4%	2,0%	100%
Fjölskyldutekjur						
Lægri en 250 þúsund	81	43,2%	38,3%	13,6%	4,9%	100%
250 til 399 þúsund	159	42,8%	32,1%	22,0%	3,1%	100%
400 til 549 þúsund	91	50,5%	25,3%	18,7%	5,5%	100%
550 þúsund eða hærrí	75	38,7%	33,3%	24,0%	4,0%	100%
Starfssvið						
Verkafl/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	123	42,3%	36,6%	17,1%	4,1%	100%
Faglærð iðnaðarstörf	32	40,6%	25,0%	21,9%	12,5%	100%
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	104	52,9%	25,0%	19,2%	2,9%	100%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	122	41,0%	27,9%	26,2%	4,9%	100%
Nemar	42	45,2%	38,1%	14,3%	2,4%	100%
Hvorki útvinnandi né í námi	35	60,0%	25,7%	14,3%		100%
Sp. 2 Átt þú barn?*						
Já	363	47,1%	27,3%	21,5%	4,1%	100%
Nei	102	39,2%	41,2%	13,7%	5,9%	100%

*Marktækt

Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?

Bekkur	Fjöldi	Takmarka við 18 ára aldur	Takmarka við 16 ára aldur	Takmarka við 17 ára aldur	Ekki takmarka við neinn aldur	Samtals
Já í 8. bekk	36	50,0%	19,4%	25,0%	5,6%	100%
Já í 9. bekk	28	50,0%	17,9%	28,6%	3,6%	100%
Já í 10. bekk	52	53,8%	19,2%	25,0%	1,9%	100%

Spurning 9. Á að þínu mati að takmarka aðgang unglinga á útihátíðir ef þeir eru ekki í fylgd með fullorðnum við 16 ára aldur, 17 ára aldur, 18 ára aldur eða einhvern annan aldur?

Hvaða aldur?


Svör	Fjöldi	Hlutfall	
			%
14 ára	3		
18 ára	1		
20 ára	3		
Fjöldi svara	7		
Tóku afstöðu	7	87,5	
Tóku ekki afstöðu	1	12,5	
Fjöldi aðspurðra	8	100,0	
Spurðir	8	1,0	
Ekki spurðir	793	99,0	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem nefndu annan aldur í sp. 10, voru spurðir þessarar spurningar.


Áttu barn sem fór á útihátíð í fyrrasumar án þess að vera í fylgd fullorðinna?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Já	54	14,3	3,5
Nei	324	85,7	3,5
Fjöldi svara	378	100,0	
Tóku afstöðu	378	99,7	
Tóku ekki afstöðu	1	0,3	
Fjöldi aðspurðra	379	100,0	
Spurðir	379	47,3	
Ekki spurðir	422	52,7	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga barn (sp. 2) voru spurðir þessarar spurningar.



Þróun




Greiningar

	Fjöldi svarenda	Já	Nei
Kyn			
Karlar	174	15%	85%
Konur	204	14%	86%
Aldur*			
23-34 ára	92	0%	100%
35-44 ára	140	15%	85%
45-55 ára	146	23%	77%
Búseta			
Reykjavík	127	12%	88%
Nágrannasv.félög R.víkur	93	12%	88%
Önnur sveitarfélög	158	18%	82%
Menntun			
Grunnskólapróf	55	20%	80%
Grunnskólapróf og viðbót	98	14%	86%
Framhaldsskólapróf	138	13%	87%
Háskólapróf	86	13%	87%
Fjölskyldutekjur			
Lægrí en 250 þúsund	47	6%	94%
250 til 399 þúsund	132	17%	83%
400 til 549 þúsund	88	14%	86%
550 þúsund eða hærri	68	18%	82%
Starfssvið			
Verkaf/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	96	16%	84%
Faglærð iðnaðarstörf	28	25%	75%
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	90	10%	90%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	114	16%	84%
Nemar	17	0%	100%
Hvorki útivinnandi né í námi	31	16%	84%
*Marktækt			
Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?			
Já í 8. bekk	39	18%	82%
Já í 9. bekk	28	14%	86%
Já í 10. bekk	55	27%	73%
Nei	265	12%	88%


Hvað var hann(hún) gömul?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
15 ára og yngri	2	3,7	5,0
16 ára	9	16,7	9,9
17 ára	6	11,1	8,4
18 ára	13	24,1	11,4
19 ára	8	14,8	9,5
20 ára	9	16,7	9,9
21 ára og eldri	14	25,9	11,7
Fjöldi svarenda	54		

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga son eða dóttur sem fór á útaihátið í fyrrasumar án þess að vera í fylgd fullorðinna (sp. 11) voru spurðir þessarar spurningar.



Þróun



Veist þú hvort barn þitt sem var í 8. bekk á s.l. vetri hefur drukkið áfengi?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Já, það hefur drukkið áfengi	7	17,9	12,0
Nei, það hefur ekki drukkið áfengi	32	82,1	12,0
Fjöldi svara	39	100,0	
Tóku afstöðu	39	100,0	
Tóku ekki afstöðu	0	0,0	
Fjöldi aðspurðra	39	100,0	
Spurðir	39	4,9	
Ekki spurðir	762	95,1	
Fjöldi svarenda	801	100,0	


Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga barn sem var í 8. bekk á s.l. vetri (sp. 3) voru spurðir þessarar spurningar.

Athugið:

Í þessari spurningu eru svarendur fáir og ber því túlka hlutfallstölur með varúð.



Próun




Veist þú hvort barn þitt sem var í 9. bekk á s.l. vetri hefur drukkið áfengi?


Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Já, það hefur drukkið áfengi	9	33,3	17,8
Nei, það hefur ekki drukkið áfengi	18	66,7	17,8
Fjöldi svara	27	100,0	
Tóku afstöðu	27	96,4	
Tóku ekki afstöðu	1	3,6	
Fjöldi aðspurðra	28	100,0	
Spurðir	28	3,5	
Ekki spurðir	773	96,5	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga barn sem var í 9. bekk á s.l. vetri (sp. 3) voru spurðir þessarar spurningar.

Athugið:
Í þessari spurningu eru svarendur fáir og ber því túlka hlutfallstölur með varúð.



Próun




Veist þú hvort barn þitt sem var í 10. bekk á s.l. vetri hefur drukkið áfengi?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik- mörk +/-
Já, það hefur drukkið áfengi	22	42,3	13,4
Nei, það hefur ekki drukkið áfengi	30	57,7	13,4
Fjöldi svara	52	100,0	
Tóku afstöðu	52	94,5	
Tóku ekki afstöðu	3	5,5	
Fjöldi aðspurðra	55	100,0	
Spurðir	55	6,9	
Ekki spurðir	746	93,1	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem eiga barn sem var í 10. bekk á s.l. vetri (sp. 3) voru spurðir þessarar spurningar.




Þróun




Rúmlega 60% 15 ára unglinga á Íslandi hafa orðið ölvuð, er það alvarlegt eða ekki?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Mjög alvarlegt	265	55,2	4,4
Fremur alvarlegt	140	29,2	4,1
Ekki alvarlegt	75	15,6	3,2
Fjöldi svara	480	100,0	
Tóku afstöðu	480	98,4	
Tóku ekki afstöðu	8	1,6	
Fjöldi aðspurðra	488	100,0	
Spurðir	488	60,9	
Ekki spurðir	313	39,1	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára voru spurðir þessarar spurningar.



Þróun



Greiningar



	Fjöldi svarenda	Mjög alvarlegt	Fremur alvarlegt	Ekki alvarlegt
Kyn*				
Karlar	234	44%	31%	25%
Konur	246	66%	27%	7%
Aldur*				
23-34 ára	169	44%	37%	20%
35-44 ára	157	59%	24%	17%
45-55 ára	153	64%	26%	10%
Búseta				
Reykjavík	176	51%	32%	17%
Nágrannasv.félög R.víkur	114	50%	32%	18%
Önnur sveitarfélög	189	62%	25%	12%
Menntun*				
Grunnskólapróf	63	73%	19%	8%
Grunnskólapróf og viðbót	133	59%	27%	14%
Framhaldsskólapróf	172	51%	30%	19%
Háskólapróf	103	50%	35%	15%
Fjölskyldutekjur				
Lægri en 250 þúsund	86	55%	34%	12%
250 til 399 þúsund	163	52%	33%	15%
400 til 549 þúsund	95	55%	26%	19%
550 þúsund eða hærrí	75	57%	25%	17%
Starfssvið				
Verkaf/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	125	57%	29%	14%
Faglærð iðnaðarstörf	33	45%	42%	12%
Skrifsst.+Fagl.við opinb.þjón.	105	55%	25%	20%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	130	55%	28%	17%
Nemar	43	47%	37%	16%
Hvorki útívinandi né í námi	37	70%	30%	
Sp. 2 Átt þú barn?*				
Já	375	60%	27%	13%
Nei	105	39%	37%	24%
*Marktækt				
Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?*				
Já í 8. bekk	37	84%	8%	8%
Já í 9. bekk	28	61%	32%	7%
Já í 10. bekk	53	74%	17%	9%
Nei	266	55%	30%	15%

Spurning 16. Nýlegar kannanir sýna að rúmlega 60% 15 ára unglinga á Íslandi hafa orðið ölvuð. Finnst þér þessi niðurstaða alvarleg eða ekki alvarleg?

Á hvaða aldri finnst þér að unglingar mættu byrja að drekka áfengi?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Aldrei	10	2,3	1,4
Yngri en 16 ára	17	3,9	1,8
16-17 ára	121	27,6	4,2
18-19 ára	209	47,7	4,7
20 ára eða eldri	81	18,5	3,6
Fjöldi svara	438	100,0	
Tóku afstöðu	438	90,9	
Tóku ekki afstöðu	44	9,1	
Fjöldi aðspurðra	482	100,0	
Spurðir	482	60,2	
Ekki spurðir	319	39,8	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára voru spurðir þessarar spurningar.




Greiningar

	Fjöldi svarenda	Yngri en 18 ára	18-19 ára	20 ára eða eldri/aldrei
Kyn*				
Karlar	211	38,4%	46,4%	15,2%
Konur	227	25,1%	48,9%	26,0%
Aldur*				
23-34 ára	157	40,8%	45,2%	14,0%
35-44 ára	143	28,0%	44,8%	27,3%
45-55 ára	137	24,1%	54,0%	21,9%
Búseta				
Reykjavík	163	35,0%	42,9%	22,1%
Nágrannasv.félag R.víkur	101	29,7%	52,5%	17,8%
Önnur sveitarfélög	173	28,9%	49,7%	21,4%
Menntun				
Grunnskólapróf	59	30,5%	44,1%	25,4%
Grunnskólapróf og viðbót	118	28,8%	53,4%	17,8%
Framhaldsskólapróf	156	31,4%	47,4%	21,2%
Háskólapróf	96	32,3%	45,8%	21,9%
Fjölskyldutekjur				
Lægri en 250 þúsund	79	26,6%	55,7%	17,7%
250 til 399 þúsund	154	33,1%	50,6%	16,2%
400 til 549 þúsund	81	28,4%	49,4%	22,2%
550 þúsund eða hærri	72	37,5%	44,4%	18,1%
Starfssvið				
Verkaf/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	118	36,4%	44,9%	18,6%
Faglærð iðnaðarstörf	31	29,0%	48,4%	22,6%
Skrifsst.+Fagl.við opinb. þjón.	91	28,6%	50,5%	20,9%
Stj.st./Atvrek/Sérfræðingar	118	28,8%	46,6%	24,6%
Nemar	41	39,0%	41,5%	19,5%
Hvorki útvinnandi né í námi	33	21,2%	63,6%	15,2%
Sp. 2 Átt þú barn?				
Já	343	30,0%	49,3%	20,7%
Nei	95	36,8%	42,1%	21,1%
*Marktækt				
Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?				
Já í 8. bekk	35	25,7%	54,3%	20,0%
Já í 9. bekk	24	37,5%	45,8%	16,7%
Já í 10. bekk	48	16,7%	58,3%	25,0%
Nei	243	32,5%	46,5%	21,0%


Einhver ótengdur segir frá áfengisneyslu unglingsins

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Já, hiklaust	434	90,6	2,6
Já, sennilega	31	6,5	2,2
Nei, sennilega ekki	7	1,5	1,1
Nei, alls ekki	7	1,5	1,1
Fjöldi svara	479	100,0	
Tóku afstöðu	479	98,2	
Tóku ekki afstöðu	9	1,8	
Fjöldi aðspurðra	488	100,0	
Spurðir	488	60,9	
Ekki spurðir	313	39,1	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Peir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára voru spurðir þessarar spurningar.



Próun



Greiningar



	Fjöldi svarenda	Já, hiklaust	Já, sennilega	Nei, sennilega/allt ekki
Kyn				
Karlar	236	89%	7%	5%
Konur	243	93%	6%	1%
Aldur				
23-34 ára	168	88%	9%	4%
35-44 ára	159	93%	4%	2%
45-55 ára	151	91%	7%	2%
Búseta				
Reykjavík	177	89%	9%	2%
Nágrannasv.félög R.víkur	112	93%	5%	2%
Önnur sveitarfélög	189	90%	5%	5%
Menntun				
Grunnskólapróf	63	89%	6%	5%
Grunnskólapróf og viðbót	130	87%	6%	7%
Framhaldsskólapróf	173	92%	6%	1%
Háskólapróf	103	93%	7%	
Fjölskyldutekjur				
Lægrí en 250 þúsund	83	87%	10%	4%
250 til 399 þúsund	163	91%	7%	1%
400 til 549 þúsund	97	90%	5%	5%
550 þúsund eða hærri	76	97%	1%	
Starfssvið				
Verkafl./Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	122	90%	5%	5%
Faglærð iðnaðarstörf	33	82%	15%	3%
Skrifsst.+Fagl.við opinb. þjón.	105	91%	6%	3%
Sj.st./Atvrek/Sérfræðingar	129	96%	4%	
Nemar	44	84%	11%	5%
Hvorki útivinnandi né í námi	39	85%	10%	5%
Sp. 2 Átt þú barn?*				
Já	374	93%	5%	2%
Nei	105	83%	10%	7%
*Marktækt				
Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?				
Já í 8. bekk	39	97%	0%	
Já í 9. bekk	27	93%	7%	
Já í 10. bekk	55	95%	4%	
Nei	262	92%	6%	2%

Spurning 18. Setjum sem svo að þú ættir ungling á aldrinum 13-15 ára sem drykki áfengi án þinnar vitundar. Myndir þú vilja að einhver ótengdur þér sem vissi af áfengisneyslunni segði þér frá henni?

Keypt áfengi í ríkinu handa unglíngnum til að forðast að hann drekki landa

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Já, hiklaust	82	18,2	3,6
Já, sennilega	78	17,3	3,5
Nei, sennilega ekki	54	12,0	3,0
Nei, alls ekki	237	52,5	4,6
Fjöldi svara	451	100,0	
Tóku afstöðu	451	92,4	
Tóku ekki afstöðu	37	7,6	
Fjöldi aðspurðra	488	100,0	
Spurðir	488	60,9	
Ekki spurðir	313	39,1	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar

	Fjöldi svarenda	Já, hiklaust	Já, sennilega	Nei, sennilega ekki	Nei, alls ekki	Samtals
Kyn*						
Karlar	229	23,1%	17,0%	12,2%	47,6%	100%
Konur	222	13,1%	17,6%	11,7%	57,7%	100%
Aldur*						
23-34 ára	158	27,8%	29,7%	12,0%	30,4%	100%
35-44 ára	147	14,3%	9,5%	12,2%	63,9%	100%
45-55 ára	145	11,7%	11,7%	11,7%	64,8%	100%
Búseta*						
Reykjavík	165	19,4%	20,6%	13,3%	46,7%	100%
Nágrannasv.félag R.víkur	104	12,5%	21,2%	16,3%	50,0%	100%
Önnur sveitarfélög	181	20,4%	12,2%	8,3%	59,1%	100%
Menntun						
Grunnskólapróf	58	19,0%	17,2%	8,6%	55,2%	100%
Grunnskólapróf og viðbót	127	17,3%	15,0%	12,6%	55,1%	100%
Framhaldsskólapróf	162	20,4%	20,4%	11,7%	47,5%	100%
Háskólapróf	94	11,7%	16,0%	12,8%	59,6%	100%
Fjölskyldutekjur						
Lægri en 250 þúsund	80	21,3%	17,5%	16,3%	45,0%	100%
250 til 399 þúsund	153	18,3%	19,6%	13,1%	49,0%	100%
400 til 549 þúsund	88	18,2%	13,6%	8,0%	60,2%	100%
550 þúsund eða hærrí	74	17,6%	17,6%	13,5%	51,4%	100%
Starfssvið*						
Verkaf/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	121	19,0%	19,0%	5,8%	56,2%	100%
Faglærð iðnaðarstörf	34	35,3%	14,7%	17,6%	32,4%	100%
Skrifsst.+Fagl.við opinb. þjón.	96	8,3%	15,6%	15,6%	60,4%	100%
Sj.st/Atvrek/Sérfræðingar	117	13,7%	16,2%	13,7%	56,4%	100%
Nemar	41	31,7%	24,4%	14,6%	29,3%	100%
Hvorki útvinnandi né í námi	35	22,9%	17,1%	11,4%	48,6%	100%
Sp. 2 Átt þú barn?*						
Já	348	14,7%	13,2%	12,6%	59,5%	100%
Nei	103	30,1%	31,1%	9,7%	29,1%	100%
*Marktækt						
Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?						
Já í 8. bekk	36	16,7%	11,1%	5,6%	66,7%	100%
Já í 9. bekk	26	3,8%	11,5%	3,8%	80,8%	100%
Já í 10. bekk	53	11,3%	11,3%	7,5%	69,8%	100%
Nei	241	15,8%	14,9%	15,4%	53,9%	100%

Spurning 19. Setjum sem svo að þú ættir unglíng á aldrinum 13-15 ára sem drykki landabugg. Myndir þú reyna að forða því að hann drykki landa með því að kaupa sjálf(ur) fyrir hann áfengi í ríkinu?


Hefur þú keypt áfengi fyrir barn þitt á unglingsaldri?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Oft	3	1,0	1,1
Stundum	14	4,7	2,4
Sjaldan	28	9,4	3,3
Aldrei	253	84,9	4,1
Fjöldi svara	298	100,0	
Tóku afstöðu	298	78,6	
Tóku ekki afstöðu	81	21,4	
Fjöldi aðspurðra	379	100,0	
Spurðir	379	47,3	
Ekki spurðir	422	52,7	
Fjöldi svarenda	801	100,0	


Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og eiga barn (sp. 2) voru spurðir þessarar

Athugið:

Í þessari spurningu eru svarendur fírir í öllum flokkum nema einum og eru því svörin ekki greind eftir bakgrunnsbreytum.





Próun



Hefur þú áhyggjur af því að barn þitt muni neyta fíkniefna á unglingsaldri?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Barn mitt neytir fíkniefna nú þegar	3	0,8	0,9
Mjög miklar	75	20,8	4,2
Fremur miklar	61	16,9	3,9
Nokkuð	59	16,4	3,8
Fremur litlar	65	18,1	4,0
Mjög litlar	34	9,4	3,0
Engar	63	17,5	3,9
Fjöldi svara	360	100,0	
Tóku afstöðu	360	95,0	
Tóku ekki afstöðu	19	5,0	
Fjöldi aðspurðra	379	100,0	
Spurðir	379	47,3	
Ekki spurðir	422	52,7	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og eiga barn (sp. 2) voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar

	Fjöldi svarenda	Mjög litlar	Fremur litlar	Nokkuð	Fremur/mjög litlar	Engar	Samtals
Kyn							
Karlar	166	15,1%	17,5%	16,3%	32,5%	18,7%	100%
Konur	191	26,2%	16,8%	16,8%	23,6%	16,8%	100%
Aldur*							
23-34 ára	88	29,5%	19,3%	20,5%	22,7%	8,0%	100%
35-44 ára	136	19,1%	17,6%	16,9%	32,4%	14,0%	100%
45-55 ára	133	17,3%	15,0%	13,5%	26,3%	27,8%	100%
Búseta							
Reykjavík	116	20,7%	15,5%	18,1%	25,9%	19,8%	100%
Nágrannasv.félög R.víkur	88	21,6%	20,5%	15,9%	23,9%	18,2%	100%
Önnur sveitarfélög	153	20,9%	16,3%	15,7%	31,4%	15,7%	100%
Menntun							
Grunnskólapróf	54	25,9%	16,7%	18,5%	18,5%	20,4%	100%
Grunnskólapróf og viðbót	89	24,7%	14,6%	9,0%	31,5%	20,2%	100%
Framhaldsskólapróf	131	22,1%	19,8%	15,3%	27,5%	15,3%	100%
Háskólapróf	82	12,2%	15,9%	25,6%	29,3%	17,1%	100%
Fjölskyldutekjur							
Lægrí en 250 þúsund	43	37,2%	2,3%	11,6%	30,2%	18,6%	100%
250 til 399 þúsund	124	16,9%	17,7%	17,7%	34,7%	12,9%	100%
400 til 549 þúsund	84	20,2%	20,2%	15,5%	21,4%	22,6%	100%
550 þúsund eða hærrí	64	17,2%	17,2%	21,9%	28,1%	15,6%	100%
Starfssvið*							
Verkafl/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	93	23,7%	14,0%	10,8%	29,0%	22,6%	100%
Faglærð iðnaðarstörf	28	10,7%	25,0%	10,7%	28,6%	25,0%	100%
Skrifsst.+Fagl.við opinb. þjón.	87	18,4%	17,2%	26,4%	19,5%	18,4%	100%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	105	18,1%	18,1%	17,1%	33,3%	13,3%	100%
Nemar	16	56,3%	12,5%	12,5%	6,3%	12,5%	100%
Hvorki útí vinnandi né í námi	26	23,1%	19,2%	11,5%	34,6%	11,5%	100%

*Marktækt

Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?

Svör	Fjöldi	Mjög litlar	Fremur litlar	Nokkuð	Fremur/mjög litlar	Engar	Samtals
Já í 8. bekk	38	26,3%	18,4%	13,2%	28,9%	13,2%	100%
Já í 9. bekk	28	14,3%	10,7%	14,3%	42,9%	17,9%	100%
Já í 10. bekk	53	13,2%	17,0%	11,3%	39,6%	18,9%	100%
Nei	247	21,9%	17,8%	18,6%	23,5%	18,2%	100%

Spurning 21. Hefur þú miklar, nokkrar, litlar eða engar áhyggjur af því að barn þitt (eitt hvert barna þinna) muni neyta fíkniefna, annarra en áfengis, á unglingsaldri?

Bekkir þú vel eða illa til samstarfsverkefna á sviði forvarna í þínu hverfi?



Svör	Fjöldi	Vik- mörk	
		Hlutfall %	+/-
Mjög vel (5)	12	3,8	2,1
Frekar vel (4)	52	16,4	4,1
Hvorki né (3)	13	4,1	2,2
Frekar illa (2)	61	19,2	4,3
Mjög illa (alls ekkert) (1)	180	56,6	5,4
Vel		20,1	4,4
Hvorki né		4,1	2,2
Illla		75,8	4,7
Fjöldi svara	318	100,0	
Tóku afstöðu	318	97,2	
Tóku ekki afstöðu	9	2,8	
Fjöldi aðspurðra	327	100,0	
Spurðir	327	40,8	
Ekki spurðir	474	59,2	
Fjöldi svarenda	801	100,0	
Meðaltal	1,9		
Staðalfrávik	1,3		

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu eða á Akureyri og nágrenni voru spurðir þessarar spurningar.

Meðaltal

Er reiknað með því að leggja allar tölur saman og deilt er upp í þá summu með fjölda talnanna. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: $[(Mjög\ vel\ (fj.\ x\ 5) + frekar\ vel\ (fj.\ x\ 4) + Hvorki\ né\ (fj.\ x\ 3) + frekar\ illa\ (fj.\ x\ 2) + mjög\ illa\ (fj.\ x\ 1)] / Heildarfjöldi\ svara.$

Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 5.





Greiningar

	Meðal- tal	Staðal- frávik	Fjöldi	Marktækur munur	Ómarktækur munur
Kyn					
Karlar	1,7	1,1	161	1,7	
Konur	2,2	1,4	157	2,2	
Aldur					
23-34 ára	1,5	0,9	121	1,5	
35-44 ára	2,1	1,3	97	2,1	
45-55 ára	2,3	1,4	99	2,3	
Búseta					
Reykjavík	1,9	1,2	175	1,9	
Nágrannasv.félög R.víkur	1,9	1,2	112	1,9	
Önnur sveitarfélög	2,3	1,5	30	2,3	
Menntun					
Grunnskólapróf	2,2	1,2	31	2,2	
Grunnskólapróf og viðbót	1,8	1,2	69	1,8	
Framhaldsskólapróf	1,9	1,3	122	1,9	
Háskólapróf	2,0	1,3	87	2,0	
Fjölskyldutekjur					
Lægri en 250 þúsund	1,5	1,0	46	1,5	
250 til 399 þúsund	1,9	1,3	109	1,9	
400 til 549 þúsund	1,9	1,2	64	1,9	
550 þúsund eða hærri	2,3	1,5	55	2,3	
Starfssvið					
Verkaf/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	1,9	1,2	57	1,9	
Faglærð iðnaðarstörf	1,8	1,3	24	1,8	
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	2,2	1,4	77	2,2	
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	1,9	1,3	95	1,9	
Nemar	1,5	0,9	37	1,5	
Hvorki útivinnandi né í námi	1,9	1,2	22	1,9	
Sp. 2 Átt þú barn?					
Já	2,1	1,3	246	2,1	
Nei	1,4	0,9	72	1,4	
Sp. 7 Átt þú barn sem var í 8. 9. eða 10 bekk á síðastliðnum vetri?					
Já í 8. bekk	2,6	1,7	25	2,6	
Já í 9. bekk	2,5	1,4	20	2,5	
Já í 10. bekk	2,5	1,4	32	2,5	
Nei	1,9	1,2	174	1,9	

Telur þú að þetta verkefni hafi skilað árangri?



Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk +/-
			%	
Mjög vel (5)	15	16,1	7,5	
Frekar vel (4)	37	39,8	9,9	
Hvorki né (3)	15	16,1	7,5	
Frekar illa (2)	20	21,5	8,4	
Mjög illa (1)	6	6,5	5,0	
Vel		55,9	10,1	
Hvorki né		16,1	7,5	
Illla		28,0	9,1	
Fjöldi svara	93	100,0		
Tóku afstöðu	93	67,4		
Tóku ekki afstöðu	45	32,6		
Fjöldi aðspurðra	138	100,0		
Spurðir	138	17,2		
Ekki spurðir	663	82,8		
Fjöldi svarenda	801	100,0		
Meðaltal	3,4			
Staðalfrávik	1,2			

Þeir sem eru á aldrinum 23 - 55 ára, þeir sem búa á Höfuðborgarsvæðinu eða á Akureyri og nágrenni og þeir sem þekkja vel, nokkuð eða frekar illa til verkefnisins (sp. 22), voru spurðir þessarar spurningar.



Hefur þú heyrt um áætlunina Ísland án eiturfylfja?

Svör	Fjöldi	Vik- mörk	
		Hlutfall %	+/-
Já	687	86,3	2,4
Nei	109	13,7	2,4
Fjöldi svara	796	100,0	
Tóku afstöðu	796	99,4	
Tóku ekki afstöðu	5	0,6	
Fjöldi svarenda	801	100,0	



Greiningar



	Fjöldi svarenda	Já	Nei
Kyn			
Karlar	390	88%	12%
Konur	406	85%	15%
Aldur			
16-24 ára	199	82%	18%
25-34 ára	139	90%	10%
35-44 ára	160	86%	14%
45-54 ára	144	88%	12%
55-75 ára	153	87%	13%
Búseta			
Reykjavík	299	85%	15%
Nágrannasv.félög R.víkur	183	89%	11%
Önnur sveitarfélög	313	86%	14%
Menntun			
Grunnskólapróf	177	85%	15%
Grunnskólapróf og viðbót	231	86%	14%
Framhaldsskólapróf	231	86%	14%
Háskólapróf	121	89%	11%
Fjölskyldutekjur			
Lægri en 250 þúsund	170	84%	16%
250 til 399 þúsund	246	88%	12%
400 til 549 þúsund	131	85%	15%
550 þúsund eða hærri	102	87%	13%
Starfssvið			
Verkaf/Einf. þj.st/Sjóm/Bændur	189	86%	14%
Faglærð iðnaðarstörf	49	82%	18%
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	132	89%	11%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	166	89%	11%
Nemar	156	84%	16%
Hvorki útvinandi né í námi	93	83%	17%

*Marktækt

Hversu vel eða illa þekkir þú þessa áætlun?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Mjög vel (5)	22	3,2	1,3
Frekar vel (4)	101	14,7	2,7
Hvorki vel né illa (3)	108	15,8	2,7
Frekar illa (2)	282	41,2	3,7
Mjög illa (1)	172	25,1	3,2
Vel		18,0	2,9
Hvorki vel né illa		15,8	2,7
Illla		66,3	3,5
Fjöldi svara	685	100,0	
Tóku afstöðu	685	99,7	
Tóku ekki afstöðu	2	0,3	
Fjöldi aðspurðra	687	100,0	
Spurðir	687	85,8	
Ekki spurðir	114	14,2	
Fjöldi svarenda	801	100,0	
Meðaltal		2,3	
Staðalfrávik		1,1	

Þeir sem hafa heyrt um áætlunina Ísland án eitrylfja (sp. 24) voru spurðir þessarar spurningar.




Greiningar

	Meðal-tal	Staðal-frávik	Fjöldi	Marktækur munur	Ómarktækur munur
Kyn					
Karlar	2,2	1,2	343	2,2	
Konur	2,4	1,0	342	2,4	
Aldur					
16-24 ára	2,4	1,1	162	2,4	
25-34 ára	2,1	1,0	125	2,1	
35-44 ára	2,2	1,1	138	2,2	
45-54 ára	2,4	1,0	127	2,4	
55-75 ára	2,4	1,2	132	2,4	
Búseta					
Reykjavík	2,4	1,2	251	2,4	
Nágrannasv.félög R.víkur	2,3	1,1	163	2,3	
Önnur sveitarfélög	2,2	1,0	270	2,2	
Menntun					
Grunnskólapróf	2,3	1,0	150	2,3	
Grunnskólapróf og viðbót	2,2	1,1	199	2,2	
Framhaldsskólapróf	2,4	1,1	199	2,4	
Háskólapróf	2,4	1,1	108	2,4	
Fjölskyldutekjur					
Lægrí en 250 þúsund	2,2	1,1	141	2,2	
250 til 399 þúsund	2,3	1,1	217	2,3	
400 til 549 þúsund	2,3	1,0	112	2,3	
550 þúsund eða hærri	2,5	1,2	89	2,5	
Starfssvið					
Verkaf/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	2,2	1,1	161	2,2	
Faglærð iðnaðarstörf	2,2	1,1	40	2,2	
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	2,6	1,1	118	2,6	
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	2,2	1,1	148	2,2	
Nemar	2,4	1,1	130	2,4	
Hvorki útívinandi né í námi	2,1	1,1	77	2,1	

Verkefni sem Ísland án eiturlyfja hefur staðið fyrir

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Fræðsla/forvarnir í skólum	31	4,5	1,6
Ísland án vímuefna fyrir 2002	26	3,8	1,4
Bubbi og Esso	23	3,3	1,3
Forvarnarstarf	9	1,3	0,9
Auglýsingar	9	1,3	0,9
Nei, get það ekki	543	79,0	3,0
Annað	58	8,4	2,1
Fjöldi aðspurðra	687		
Spurðir	687	85,8	
Ekki spurðir	114	14,2	
Fjöldi svarenda	801	100,0	

Þeir sem hafa heyrt um áætlunina Ísland án eiturlyfja (sp. 24) voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar


	Fjöldi svarenda	Nei, get það ekki	Forvarnir	Annað
Kyn				
Karlar	343	83,7%	3,8%	15,2%
Konur	344	77,9%	7,8%	18,0%
Aldur				
16-24 ára	163	79,1%	11,7%	16,0%
25-34 ára	125	76,0%	4,0%	21,6%
35-44 ára	138	81,2%	5,1%	16,7%
45-54 ára	127	80,3%	3,9%	18,1%
55-75 ára	133	87,2%	3,0%	11,3%
Búseta				
Reykjavík	253	81,0%	5,1%	17,8%
Nágrannasv.félög R.víkur	163	79,1%	8,6%	16,0%
Önnur sveitarfélög	270	81,5%	4,8%	15,9%
Menntun				
Grunnskólapróf	151	86,1%	6,0%	12,6%
Grunnskólapróf og viðbót	199	77,9%	9,5%	19,1%
Framhaldsskólapróf	199	79,9%	5,5%	15,1%
Háskólapróf	108	79,6%		21,3%
Fjölskyldutekjur				
Lægri en 250 þúsund	143	75,5%	9,8%	17,5%
250 til 399 þúsund	217	82,9%	3,2%	16,1%
400 til 549 þúsund	112	81,3%	4,5%	16,1%
550 þúsund eða hærri	89	78,7%	5,6%	19,1%
Starfssvið				
Verkaf/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	162	81,5%	4,9%	16,7%
Faglærð iðnaðarstörf	40	82,5%	7,5%	12,5%
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	118	74,6%	5,1%	22,0%
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	148	84,5%	2,0%	15,5%
Nemar	131	78,6%	11,5%	16,8%
Hvorki útivinnandi né í námi	77	81,8%	6,5%	14,3%

Spurning 26. Getur þú nefnt mér eitthvert verkefni sem Ísland án eiturlyfja hefur staðið fyrir?

Verkefnið Ísland án eiturlyfja er áberandi/lítið áberandi

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Mjög áberandi (5)	9	1,3	0,9
Frekar áberandi (4)	102	15,2	2,7
Hvorki né (3)	53	7,9	2,0
Frekar lítið áberandi (2)	297	44,2	3,8
Mjög lítið áberandi (1)	211	31,4	3,5
Áberandi		16,5	2,8
Hvorki né		7,9	2,0
Lítið áberandi		75,6	3,2
Fjöldi svara	672	100,0	
Tóku afstöðu	672	97,8	
Tóku ekki afstöðu	15	2,2	
Fjöldi aðspurðra	687	100,0	
Spurðir	687	85,8	
Ekki spurðir	114	14,2	
Fjöldi svarenda	801	100,0	
Meðaltal	2,1		
Staðalfrávik	1,1		

Þeir sem hafa heyrt um ætluðunina Ísland án eiturlyfja (sp. 24) voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar



	Meðal-tal	Staðal-frávik	Fjöldi	Marktækur munur	Ómarktækur munur
Kyn					
Karlar	2,0	1,1	337	2,0	
Konur	2,2	1,0	335	2,2	
Aldur					
16-24 ára	2,4	1,1	159	2,4	
25-34 ára	2,0	1,0	121	2,0	
35-44 ára	1,9	0,9	136	1,9	
45-54 ára	2,1	1,0	123	2,1	
55-75 ára	2,1	1,1	132	2,1	
Búseta					
Reykjavík	2,1	1,1	248	2,1	
Nágrannasv.félög R.víkur	2,1	1,0	159	2,1	
Önnur sveitarfélög	2,2	1,1	264	2,2	
Menntun					
Grunnskólapróf	2,3	1,1	147	2,3	
Grunnskólapróf og viðbót	2,1	1,1	197	2,1	
Framhaldsskólapróf	2,1	1,0	194	2,1	
Háskólapróf	2,0	0,9	104	2,0	
Fjölskyldutekjur					
Lægrí en 250 þúsund	2,2	1,1	140	2,2	
250 til 399 þúsund	2,1	1,1	213	2,1	
400 til 549 þúsund	2,0	1,0	110	2,0	
550 þúsund eða hærri	2,0	1,0	89	2,0	
Starfssvið					
Verkafl/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	2,1	1,1	159	2,1	
Faglærð iðnaðarstörf	1,9	1,0	38	1,9	
Skrifst.+Fagl.við opinb. þjón.	2,0	0,9	114	2,0	
Stj.st./Atvrek/Sérfræðingar	2,0	1,0	146	2,0	
Nemar	2,3	1,1	130	2,3	
Hvorki útívinandi né í námi	2,2	1,1	74	2,2	

Spurning 27. Finnst þér að verkefnið Ísland án eiturlyfja hafi verið áberandi í samfélaginu síðustu ár eða finnst þér það ekki hafa verið áberandi?

Styður Ísland án eiturfylfja vel eða illa við forvarnir gegn eiturfylfum?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Mjög vel (5)	67	12,7	2,8
Frekar vel (4)	241	45,8	4,3
Hvorki né (3)	60	11,4	2,7
Frekar illa (2)	98	18,6	3,3
Mjög illa (1)	60	11,4	2,7
Vel		58,6	4,2
Hvorki né		11,4	2,7
Illla		30,0	3,9
Fjöldi svara	526	100,0	
Tóku afstöðu	526	76,6	
Tóku ekki afstöðu	161	23,4	
Fjöldi aðspurðra	687	100,0	
Spurðir	687	85,8	
Ekki spurðir	114	14,2	
Fjöldi svarenda	801	100,0	
Meðaltal		3,3	
Staðalfrávik		1,2	

Þeir sem hafa heyrt um áætlunina Ísland án eiturfylfja (sp. 24) voru spurðir þessarar spurningar.



Greiningar

	Meðal-tal	Staðal-frávik	Fjöldi	Marktækur munur	Ómarktækur munur
Kyn					
Karlar	3,3	1,3	261	3,3	
Konur	3,3	1,2	265	3,3	
Aldur					
16-24 ára	3,6	1,2	134	3,6	
25-34 ára	3,4	1,2	91	3,4	
35-44 ára	3,0	1,2	98	3,0	
45-54 ára	3,2	1,3	98	3,2	
55-75 ára	3,3	1,3	104	3,3	
Búseta					
Reykjavík	3,3	1,3	201	3,3	
Nágrannasv.félög R.víkur	3,2	1,3	120	3,2	
Önnur sveitarfélög	3,3	1,2	204	3,3	
Menntun					
Grunnskólapróf	3,5	1,2	113	3,5	
Grunnskólapróf og viðbót	3,2	1,2	163	3,2	
Framhaldsskólapróf	3,3	1,2	148	3,3	
Háskólapróf	3,2	1,3	80	3,2	
Fjölskyldutekjur					
Lægrí en 250 þúsund	3,3	1,2	108	3,3	
250 til 399 þúsund	3,3	1,2	165	3,3	
400 til 549 þúsund	3,3	1,3	84	3,3	
550 þúsund eða hærrí	3,2	1,2	72	3,2	
Starfssvið					
Verkafl/Einf.þj.st/Sjóm/Bændur	3,5	1,2	120	3,5	
Faglærð iðnaðarstörf	3,3	1,2	35	3,3	
Skrifsst.+Fagl.við opinb. þjón.	3,2	1,2	91	3,2	
Stj.st/Atvrek/Sérfræðingar	3,0	1,3	114	3,0	
Nemar	3,5	1,2	105	3,5	
Hvorki útívinandi né í námi	3,2	1,3	54	3,2	

Hversu miklu máli skiptir...?

Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk
		%		+/-
Mjög miklu (5)	195	36,1		4,1
Frekar miklu (4)	106	19,6		3,4
Í meðallagi (3)	64	11,9		2,7
Frekar litlu (2)	75	13,9		2,9
Mjög litlu (1)	100	18,5		3,3
Miklu		55,7		4,2
Í meðallagi		11,9		2,7
Litlu		32,4		3,9
Fjöldi svara	540	100,0		
Tóku afstöðu	540	99,8		
Tóku ekki afstöðu	1	0,2		
Fjöldi svarenda	541	100,0		
Meðaltal	3,4			
Staðalfrávik	1,5			

Meðaltal

Er reiknað með því að leggja allar tölur saman og deilt er upp í þá summu með fjölda talnanna. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: $[(\text{Mjög miklu (fj. x 5)} + \text{frekar miklu (fj. x 4)} + \text{Í meðallagi (fj. x 3)} + \text{frekar litlu (fj. x 2)} + \text{mjög litlu (fj. x 1)}) / \text{Heildarfjöldi svara}]$

Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 5.

Staðalfrávik


Er algengur mælikvarði á dreifingu svara í kringum meðaltal. Það segir til um hversu lík eða ólík svör þátttakenda við spurningu eru. Hátt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör þátttakenda séu ólík en lágt staðalfrávik þannig að svörin séu lík.

Töflur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í töflum og myndum. Hver spurning er neðst á hverri blaðsíðu en nafnið á því sem hún á að mæla er sett fyrir ofan hverja töflu. Í töflunni er hægt að sjá svör þátttakenda og hve margir þeirra tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar eða voru ekki spurðir. Í töflunni hér til hliðar má sjá að rétt rúm 36% þátttakenda telja það sem spurt var um skipta mjög miklu máli og tæplega 20% frekar miklu. Ef teknir eru saman þeir sem segja þetta skipta „frekar miklu“ og „mjög miklu“ þá gefur það tæplega 56%.

Vikmörk

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn lægi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu væru spurðir. Dæmi: segja má með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 32% til 40,2% (36,1% +/- 4,1%) þeirra sagt að þetta skipti mjög miklu máli. Í framhaldi af þessu er hægt að bera saman svarmöguleikana. Ef vikmörkin skarast ekki er munur á þeim marktækur. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar teldu það sem spurt var um skipta mjög miklu máli en frekar miklu máli.



Myndir

Í myndum er reynt að draga saman helstu niðurstöður þannig að auðvelt sé fyrir lesandann að átta sig á hvað sé markverðast hverju sinni. Ennfremur er oft gerð greining á hverri spurningu eftir öðrum greiningarbreytum í könnuninni. Má þar nefna kyn, aldur, búsetu, menntun og aðrar spurningar í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést að ekki er munur á meðaltölum eftir aldri en hins vegar er munur eftir kyni þátttakenda. Hér skiptir það sem spurt var um konurnar minna máli en karlana.

Greiningar

Greiningar	Meðal- tal	Staðal- frávik	Fjöldi	Marktækur munur	
				Marktækur munur	Ómarktækur munur
Kyn					
Karlar	3,3	1,4	284	3,3	
Konur	3,0	1,3	256	3,0	
Aldur					
16-24 ára	3,1	1,3	82	3,1	
25-34 ára	3,2	1,5	131	3,2	
35-44 ára	3,1	1,4	140	3,1	
45-54 ára	3,1	1,3	84	3,1	
55-75 ára	3,0	1,5	101	3,0	

Viðtöl við aðila
sem komu að verkefninu

Ísland án eiturfjafa

GALLUP
FEBRÚAR 2002

Efnisyfirlit

I. FRAMKVÆMDALÝSING	4
Tilgangur og markmið rannsóknar	4
Framkvæmd	4
Umræðurammi	4
II. STUTT SAMANTEKT ÚR VIÐTÖLUNUM.....	6
1. Almenn mat	6
2. Samstarf - almennt	6
3. Skipulagning verkefna og aðgerða	7
III. HEILDARNIÐURSTÖÐUR	9
1. Almenn mat	9
1.1. Hvað hefur áunnist	9
1.2. Hvað hefði mátt gera betur.....	12
2. Samstarf.....	15
2.1. Hvað var árangursríkt í samstarfinu?	15
2.2. Hvað hefði mátt fara betur í samstarfinu?	20
2.3. Samstarf við einstaka stofnanir og félagasamtök	24
3. Skipulagning verkefna og aðgerða	33
3.1. Hvaða forvarnarverkefni <i>Íslands án eiturlyfja</i> hafa verið árangursrík?.....	33
3.2. Hvaða forvarnarverkefni <i>Ísland án eiturlyfja</i> hafa verið árangurslítill?	38
3.3. Hverju viltu breyta í forvarnarstarfi Ísland án eiturlyfja?	43
Viðauki I - umræðurammi.....	46
Viðauki II - viðmælendur	47

I. FRAMKVÆMDALÝSING

Tilgangur og markmið rannsókna

Megintilgangur rannsóknarinnar, sem gerð var fyrir verkefnisstjórn *Ísland án eiturlyfja*, er að meta árangur verkefnisins sem hefur staðið yfir síðan 1997. Viðtölin eru einn hluti árangursmats sem Gallup gerði fyrir verkefnis-stjórn verkefnisins.

Helstu markmið þessarar viðtalsrannsóknar voru annars vegar að kanna viðhorf samstarfsaðila og tengla til framgangs og árangurs verkefnisins og hins vegar að kanna álit þeirra á hvað og hvernig hefði mátt gera betur til að ná árangri.

Framkvæmd

Verkefnisstjóri hjá Gallup, Ásdís G. Ragnarsdóttir, sá um boðun þátttakenda og tók öll viðtölin. Ákveðið var að boða tuttugu einstaklinga sem höfðu komið að verkefninu og voru þeir valdir af lista yfir samstarfsaðila og tengla frá verkefnisstjórn *Ísland án eiturlyfja*. Fimm djúpvíðtöl voru tekin augliti til auglitis við tengla á höfuðborgarsvæðinu, annað hvort á skrifstofu Gallup eða á vettvangi viðmælanda. Fimmtán viðtöl voru tekin upp í síma. Viðtölin fóru fram dagana 11. til 18. febrúar 2002.

Þátttakendur

Eins og að framan segir voru alls 20 viðmælendur boðaðir í viðtölin. Viðmælendur skiptust í 9 karla og 11 konur. Valdir voru aðilar af tenglalista frá verkefnisstjórn sem höfðu verið þátttakendur í ýmis konar verkefnum og samstarfi á vegum *Ísland án eiturlyfja*. Af upprunalegu vali af listanum gátu 17 tekið þátt en þrír bentu á staðgengil sem tók þátt í þeirra stað. Viðmælendur komu úr öllum landsfjórðungum og úr mismunandi stofnunum sem standa að verkefninu, t.d. frá ýmsum bæjar- og sveitarfélögum, Reykjavíkurborg og Ríkislögreglu (sjá lista yfir stofnanir viðmælanda í viðauka). Viðmælendur voru lögreglumenn, alþingismenn félagsráðgjafar, æskulýðs- og tómstundafulltrúar, grunnskóla- og framhaldsskólakennarar, kennslustjórar og ritstjórar.

Umræðurammi

Umræðuramminn var byggður upp með það fyrir augum að hefta ekki skoðanir og viðhorf viðmælanda. Allar spurningarnar áttu einungis við um verkefnið *Ísland án eiturlyfja*. Viðmælendur fengu sendan umræðurammann um leið og þeir voru boðaðir í viðtölin, þannig að þeir gátu kynnt sér umræðuefnið áður en viðtalið fór fram. Eftirtaldar spurningar voru hafðar að leiðarljósi í viðtölunum, en þess þó vandlega gætt að hefta ekki mál og hugmyndaflæði viðmælanda þó svo að þeir færu út fyrir beinar spurningar í svörum sínum. Umræðurammanum var skipt í árangursmat á þremur meginþáttum; almennt mat á heildarárangri, mat á samstarfi og mat á forvarnarverkefnum:

I. Almennt mat

Þegar á heildina er litið hvernig metur þú árangur verkefnisins *Ísland án eiturlyfja* sem hefur verið í gangi frá 1997, hefur mikill eða lítill árangur náðst?

Hvað hefur áunnist?

Hvað hefði mátt gera betur?

II. Mat á samstarfi

Hefur verkefnisstjórn *Ísland án eiturlyfja* tekist að fá nógu breiðan og stóran hóp samstarfsaðila?

Var einhver hópur, samtök eða félög sem vantaði í samstarfið? Hvaða?

Hvað var árangursríkt í samstarfinu?

Hvað hefði mátt fara betur í samstarfinu?

Hvað hefur þú unnið með mörgum hópum, samtökum eða félögum? Hverjum?

Hafa samstarfsaðilar verið virkir? Hvernig?

Hafa samstarfsaðilar komið með nýjar hugmyndir og leiðir? Hvaða?

Hafa eftirtaldir hópar, stofnanir eða félög verið virk í samstarfinu?

Skólar, Reykjavíkurborg, sveitarfélög, félagsmiðstöðvar,
ríkið, lögreglan, Kirkjan, íþróttafélög, foreldrasamtök

III. Mat á forvarnarverkefnum og skipulagningu verkefna og aðgerða

Hvaða forvarnarverkefni *Ísland án eiturlyfja* hafa verið árangursrík? Hvers vegna?

Hvaða forvarnarverkefni hafa verið árangurslítill? Hvers vegna?

Voru einhverjar leiðir og/eða tækifæri sem hefði mátt nýta betur? Hvaða?

Í ljósi reynslunnar hverju viltu breyta í forvarnarstarfi í áe?

Hefur forvarnarstarfið verið sýnilegt innan þeirra hópa sem þú vinnur með eða umgengst?

Merkir þú einhverjar breytingar á viðhorfum eða hegðun í hópunum? Getur þú nefnt dæmi?

Uppbygging samantektarinnar er á þann veg að henni er skipt í tvo kafla í framhaldi af inngangi um tilgang, markmið og framkvæmd viðtalanna. Fyrri kaflinn er stutt túlkun og samantekt á því sem fram fór í viðtölunum, þ.e. útdráttur úr meginþemum viðtalanna. Í seinni kaflanum um heildarniðurstöður eru umræður við viðmælendur raktar og koma orðrétt ummæli þátttakenda um málefni og svör þeirra við spurningum.

Ef einhverjar spurningar vakna við lestur greiningarinnar er velkomið að hafa samband við verkefnisstjóra.

F.h. Gallup,

Ásdís G. Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri

II. Stutt samantekt úr viðtölunum

1. Almennt mat

Viðmælendur voru allflestir á því að einhver árangur hefði náðst. Þó tóku þeir misdjúpt í árinna. Meirihluti viðmælenda taldi að verkefnið hefði skilað mjög miklum árangri, aðeins færri að það hefði skilað frekar miklum árangri og enn færri að árangur hefði verið í meðallagi. Aðeins einn viðmælandi sagði að verkefnið hafi borið lítinn árangur og einn taldi að enginn árangur hefði náðst umfram það sem hefði hvort sem er gerst með þeim samtökum og stofnunum, sem voru til staðar áður en *Ísland án eiturlyfja* fór af stað.

1. a. Hvað hefur áunnist?

Eftirtalin atriði voru oftast nefnd og að mati flestra talin það sem helst hafi áunnist og gefið mestan árangur.

1. Forvarnarmálefni gerð sýnileg og rædd í þjóðfélaginu
2. Viðhorfabreyting
3. Skapaður vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf
4. Vitundarvakning meðal foreldra og unglunga
5. Rannsóknir, fræðsla og fundir
6. Áróður og auglýsingar
7. Gerð forvarnaráætlana
8. Ýtt úr vör mörgum forvarnarverkefnum

1. b. Hvað hefði mátt gera betur?

Það sem langoftast var nefnt var nafngiftin á verkefninu *Ísland án eiturlyfja* árið 2002, sem gaf til kynna óraunhæf markmið og var mikið rædd í fjölmiðlum. Eftirtalin atriði voru þau helstu sem hefði mátt gera betur:

1. Nafngift verkefnisins óraunhæf og ómarkviss
2. Markvissari vinnubrögð
3. Markvissari kynning
4. Virkja unga fókið, foreldra og almenning betur
5. Skýra og afmarka verkefnið betur

2. Samstarf - almennt

Spurt var hvort verkefnisstjórn *Ísland án eiturlyfja* hefði tekist að fá nógu breiðan hóp samstarfsaðila og um samstarf við hin ýmsu félög og stofnanir, sem tóku þátt í verkefninu. Þeir sem höfðu verið í miklu samstarfi við aðra hópa voru allflestir sammála um að samstarfið hefði verið árangursríkt og gefandi. Viðmælendur ræddu m.a. að með svona þverfaglegu samstarfi fengist skilningur á störfum og starfsaðstöðu annarra sem leiddi til meiri virðingar á störfum þeirra. Það kom skýrt fram að samstarfið hafði verið mjög frjótt og fætt af sér nýjar hugmyndir og leiðir í forvarnarmálum. Almennt var talið að samstarf af þessum toga væri nauðsynlegt í glímunni við þetta erfiða vandamál sem eiturlyfjin eru orðin í samfélaginu. Það sem helst var fundið að samstarfinu var að það hefði stundum ríkt samkeppni um styrki og verkefni og að ekki hafi náðst að virkja hinn almenna borgara, þ.e. foreldra, unga fólk og almenning í landinu. Eins voru tilnefndar ýmsar stofnanir og félög sem hefðu mátt vera meira með í samstarfinu. Nokkrir töldu að ekki væri hægt að sakast

við mörg félagasamtök og einstaklinga fyrir litla þátttöku þar sem mikill aðstöðumunur ríkti milli fagfólksins, sem tæki þátt í samstarfinu vegna stöðu sinnar, og hinna sem yrðu að koma að samstarfinu í sjálfböðavinnu. Þar voru nefndir sem dæmi foreldrar almennt, félagar í íþróttahreyfingunni og skátunum og eins kennarar sem gætu hvorki stundað samstarf á vinnutíma né fengju greidda eftirvinnu ef þeir vildu sinna þessum málaflokki utan vinnu.

2. a. Hvað var árangursríkt í samstarfinu?

1. Virkt þverfaglegt starf
2. Aukinn skilningur á störfum annarra
3. Nýjar hugmyndir og leiðir frá samstarfsaðilum
4. Hvetjandi starfskonur *Ísland án eiturylfja*
5. Sameiginlegir kraftar leiða til meiri árangurs

2. b. Hvað hefði mátt fara betur í samstarfinu?

1. Samkeppni ríkti um styrki og peninga
2. Samkeppni um verkefni
3. Rígur milli stofnana
4. Ná til fleiri samstarfsaðila
5. Virkja unga fókið, foreldra og almenning

2. c. Samstarf við einstaka stofnanir og félagasamtök

1. Virkja landsbyggðina og sveitarfélögin
2. Virkja skólana
3. Virkja heilbrigðiskerfið
4. Virkja félagasamtök og íþróttafélög

3. Skipulagning verkefna og aðgerða

Almennt voru viðmælendur mjög ánægðir með hversu mörg forvarnarverkefni komust á laggirnar fyrir tilstuðlan *Ísland án eiturylfja*. Verkefnisstjórninni var líkt við ljósmóður sem hjálpaði nýjum verkefnum að koma í heiminn, en síðan tækju aðrir við og ynnu að framgangi þeirra. Rætt var um hversu nauðsynlegt það hafi verið að koma upp regnhlíf yfir mismunandi stofnanir, félög og samtök sem eru að vinna að forvörnum. Hins vegar kom fram gagnrýni á hve erfitt var að gera sér grein fyrir hvað tilheyrði verkefninu og hvað ekki. Má segja að það sé afleiðing af því að verkefnisstjórnin fylgdi verkefnum ekki alltaf eftir. Nánast öll verkefni sem fólk nefndi voru talin árangursrík af meirihluta svarenda, en á hinn bóginn voru mörg af sömu verkefnunum gagnrýnd. Má fullyrða að allir þeir sem voru mjög gagnrýnir hafi verið sammála hinum að í heild hafi verkefnið skilað einhverjum árangri og komið áleiðis breytingum á viðhorfum til forvarnarstarfs. Morgunverðarfundirnir voru af meirihluta taldir mjög árangursríkir og fræðandi, en nokkrir bentu á að þeir hefðu ekki náð til annarra en valinna fagaðila. Sömu viðbrögð voru gagnvart ráðstefnum. Áróður og kynningar voru af flestum taldar mjög áhugaverðar og árangursríkar, en einstaka viðmælendi taldi að þær hefðu ekki náð til nógu stórs hóps eða verið nógu markvissar. Nokkrir viðmælendur litu til framtíðar og minntu á að nú væri þessu verkefni að ljúka og að það yrði þá að koma eitthvað í staðinn. Kallað var eftir skýrri og markvissri stefnu yfirvalda í forvörnum og bent á ýmsar leiðir til að vinna að forvörnum.

3.a. Hvaða forvarnarverkefni *Ísland án eiturfylfja* hafa verið árangursrík – mat meirihluta

1. Morgunverðarfundir og ráðstefnur
2. Áróður og kynningar til foreldra, barna og unglunga
3. Rannsóknir og fræðsla

3.b. Hvaða forvarnarverkefni hafa verið árangurslítill – mat minnihluta

1. Morgunverðarfundir og ráðstefnur ná ekki til nægilega margra
2. Áróður til foreldra, barna og unglunga ekki nógu markviss

3.c. Hverju viltu breyta í forvarnarstarfi? – Hvað viltu bæta?

1. Tryggja framhald á forvarnarverkefni eins og *Ísland án eiturfylfja*
2. Fá skýra stefnu frá ríkisstjórn um forvarnir
3. Samþætta forvarnir í allt daglegt líf
4. Virkja fjölmiðla betur
5. Nýta nútímatækni til að ná til unglunga og barna
6. Virkja heilbrigðiskerfið, skólana, unga fólkið og foreldra.

III. Heildarniðurstöður

1. Almenn mat

1.1. Hvað hefur áunnist

Það er mjög mikill árangur af verkefninu og mikið hefur áunnist. Við höfum verið með nánast frá upphafi og gerðum forvarnaráætlun með hliðsjón að forvarnaráætlun *Ísland án eiturfylfja* árið 1998. Það sem hefur helst áunnist er að unglingar og aðrir hér eru mun meðvitaðri um forvarnir og mun meira á varðbergi gagnvart vímuefnum. Unglingarnir fara á skemmtanir á Akureyri með meiri varkárni en áður og eru meðvituð um mögulegar hættur. Sama er að segja um foreldra, þeir eru meira á varðbergi en áður og fylgjast betur með ferðum unglunganna. Foreldrar hafa oftast en ekki tekið sig saman um að keyra unglungana á skemmtanir. Alltaf má gera betur, en í það heila tekið hefur árangur verið góður og vinnan markviss.

Já, mikill, mér finnst það. Þá miða ég við sjálfa mig. Mér finnst árangurinn alveg þokkalegur. Mér finnst hafa verið gefinn kostur á öflugri fræðslu, þ.e. góðar ráðstefnur sem ég hef heimsótt, sem ég hef svo farið með í skólann og endurflutt og kennarar eru mjög ánægðir. Ég hef líka náð að tengja þetta inn í *lífsleiknina* og forvarnir og fleira. Ég get ekki sagt að það hafi verið hægt að gera þetta eitthvað betur.

Já ég held það hafi náðst árangur. Að breyta viðhorfi í þjóðfélaginu, það hefur að mörgu leyti tekist og ég held að átakið í sambandi við verslunarmannahelgina hafi náð vel í gegn. Það kemur ekki endilega sem fræðsla heldur umhugsunarefni svona til að gefa ungu fólki kost á að eiga skemmtilegar minningar, eins og um áramót og helgar, verslunarmannahelgar o.s.frv. Síðan finnst mér að inn á við hafi tekist að tengja saman marga hópa. Það hefur náðst góður árangur á meðal fagfólks. Það hafa myndast mjög góðar tengingar í aðra bransa, t.d. bara það að hlusta á hagfræðing tala um fjármálalegan skaða vímuefnaneyslu, það er svona hlutur sem menn eru kannski ekki að hugsa mikið um svona dagsdaglega.

Mér finnst það vera mikill árangur fyrst og fremst af því þetta eru háleit markmið og í fyrsta lagi verður að ræða svona hluti ef menn ætla sér að taka þessa ábyrgð. Mér finnst það alveg nauðsyn. Já, mér finnst það.

Ég held að þetta hafi bara verið fínt verkefni. Það hefur verið talað mikið um þetta í fjölmiðlum og fengið mikla athygli og ég held að fólk sé almennt farið að hugsa um hvað sé hægt að gera. Það er svona mín tilfinning. Mér finnst þetta bara frábært framtak.

Já, ég myndi nú segja að það hafi náðst mikill árangur. Það kannski hreinsaði Ísland ekki af eiturfylfjum eins og var í upphafi meiningin en það hefur haldið umræðunni í gangi og mörg góð verkefni hafa farið af stað. Svona haldið fólk við efnið því það er svo oft að það hafa verið tímabundin átök sem svo bara detta niður. Ég held að það hafi verið þess virði að setja það á laggirnar.

Árangurinn hefur verið þó nokkur, kannski ekki mjög mikill en talsverður. Kannski helst að breyta viðhorfum manna. Ef ég ætti að nefna eitthvað mjög jákvætt þá myndi ég nefna viðhorf lögreglu til almennings og aukna samvinnu lögreglu og almennings og hvernig lögreglan hefur verið virkjuð sem var nánast algjörlega fyrir utan.

Það fer eftir því hvað átt er við með árangri, hvort að færri þá noti eiturfylf eða hvað. Ef að við erum ekki beinlínis að horfa á það þá finnst mér hafa náðst sá árangur að forvarnaraðilar hafa farið að starfa saman í miklu ríkari mæli og foreldrar eru orðnir miklu meðvitaðri, bæði um útivistartíma og bara almennt að segja „nei“ við börnin

sín. Það virðist vera farið að skila sér og mér finnst líka umræðan vera víðari þ.e.a.s. að það eru fleiri að taka þátt í umræðunni heldur en áður voru. Þetta *Náum áttum*, það eru orðnir svo margir sem koma að málinu.

Já, það er alveg næsta víst að það hefur náðst árangur. Það er mat mitt. Ég er ánægður að það skyldi vera farið að gera eitthvað í málunum. Því við vissum ekkert hvernig staðan væri í dag hefði ekkert verið gert í málunum. Svo aftur á móti má deila um það hve margir eru komnir með puttana á púlsinn. Þeir sem eru lykilaðilar í rauninni hafa markað sér vímuvarnarstefnur. Það er það sem hefur áunnist hérna alla vega úti á landsbyggðinni. Síðan hefur verið tekið á tollamálum og fleira og hert eftirlit og löggæsla varðandi vímuefni.

Mér finnst verkefnið hafa skilað einhverjum árangri svona í víðasta samhengi. Mér finnst alla vega *Ísland án eiturlyfja* hafa staðið að þessum morgunverðarfundum sem mér hafa fundist mjög góðir og taka á málefnum vítt og breytt. Og kannski ekki síst vegna þess að þarna hafa hópar sem hafa starfað með ungmennum komið saman og það er svo sjaldan sem þessir hópar hafa komið saman allt frá því að vera Kirkjunnar fólk, félagsþjónustan, ÍTR, frá BUGL og frá flestum þessum stofnunum sem eru að vinna að málefnum ungmenna, hefur maður séð fólk mæta. Þetta er nýr vettvangur og mér finnst þetta hafa sameinað fólk og ýtir undir að fólk talist við og hittist. Mér finnst ég helst hafa orðið vör við þetta verkefni í gegnum þessa morgunverðarfundi.

Ég er búin að velta þessari spurningu mikið fyrir mér og ég myndi segja frekar mikinn. Það hefur áunnist ákveðin samstaða á milli þeirra sem að standa að forvörnum og ákveðin vitund um þörfina á að byggja þær upp og ákveðin umræða um hvað dugar og líka ákveðin umræða um þörfina á að það séu tiltæk meðferðarúræð.

Verkefnið hefur óneitanlega borið árangur á ýmsum sviðum. Það hefur komið ýmsu góðu af stað, látið ýmislegt gott leiða af sér.

Það hefur skilað árangri. Bara með því að búa til vitund þá hefur það skilað árangri að mínu mati. Það hefur verið búið til töluvert af meðferðarúræðum. Ég er þeirrar skoðunar að þetta átak hafi líka skilað þeim árangri að hafa náð saman vissum aðilum. Og það hafi verið kannski það sem mest brann á, það var að ná saman þessum aðilum sem hafa áhuga á þessu efni og vilja styðja þetta og vinna að því þannig að þeir gætu vakið á sér athygli hjá þeim sem þessu átaki er beint að. Það sem er jákvætt er í raun þetta að það hafa verið auknar þessar meðferðarleiðir, það hefur verið talað um efnið, sem þýðir að það hefur verið vakin vitund með þjóðinni að það sé vímuefnavandi og þessi vá sé fyrir hendi. Svo hefur sú vitund að við getum brugðist við líka verið vakin. Við höfum rétt til að bregðast við og því betur sem við fylgjum börnunum okkar eftir og því meira sem við tölum við þau og kynnum fyrir þeim hættunum í þjóðfélaginu, þeim mun hæfari eru þau sjálf til að takast á við þetta. Mér finnst þessi umræða og þessi vitund og að það er vilji til að takast á við þetta vera ánægjulegasti punkturinn.

Mér finnst árangurinn alveg þolanlegur en hann hefði mátt vera meiri. En vissulega hefur þetta verkefni *Ísland án eiturlyfja* hreyft við ýmsum málum og haldið á lofti umræðu en árangurinn hefði mátt vera meiri. *Ísland án eiturlyfja* er þekkt vörumerki í umræðunni sem afl til vímuvarna og það finnst mér vera mikilvægt skref að stíga að fólk minni þannig á verkefnið eða vinnu, að það þurfi ekki annað en að nefna *Ísland án eiturlyfja* þá veit fólk um hvað það snýst. Mér finnst þeim hafa tekist mjög vel að kynna þetta með þeim hætti.

Það skilar sér, þó maður geti ekki sannað eitthvað eitt. Þegar margir taka sig saman. Þó það takist ekki að skapa eiturlyfjalaust Ísland eftir 3 ár. En mér finnst árangurinn vera góður og vonandi heldur þetta áfram í einhverri mynd. Mér finnst svona viðhorfsbreyting og fólk er að sjá að þetta er ekki eitthvað sem einhver ein stofnun eða nefnd eigi að sjá um. Ef við stöndum öll saman þá náum við miklu betri árangri, mér finnst fólk orðið mun meðvitaðra um það. Að grípa fyrr inn í og er meðvitaðra og er með opin augun meira. Það er það sem við hér tökum eftir.

Frekar mikill árangur og ég er mjög jákvæður gagnvart verkefninu og tel að verkefnið hafi fært Íslendingum ákveðna hugsun og nýjung sem vantaði. Í sambandi við gildismat þá hefur þetta haft mjög jákvæð áhrif á okkar samfélag. Ég kem úr geira þar sem er unnið í miklu návígi við fólk og verð vitni að ljótleikanum ásamt því fegursta. Það er akkúrat það sem ég held að megi gera enn meira af, það er að vinna meira í návígi og kalla fleiri til sáttar. Þ.e. fá þá sem um er að ræða - borgarana, unglिंगana, foreldrana - enn aktívvari og er spurning hvort að þetta sé ekki þá næsta skref að koma málunum á dagskrá og ég er hér talsmaður þess að hjálpa þeim sem þurfa hjálp til að hjálpa sér sjálfir. Ef við lítum þannig á að drykkja og neysla eiturfylla og tóbaksneysla sé vandamál í samfélaginu, það eru ákveðnir aðilar sem standa í því. Þá vil ég ganga beint á þá aðila og spyrja hvað finnst fólki um það. Mjög margir hafa svarað þeirri spurningu, að það sé eitthvað að því að unglingar séu að drekka og reykja og neyta eiturfylla og virkja þá einstaklinga til að vinna gegn þessu og taka þetta svoltið djúpt og heilsteypt. Jafningjafræðsla væri kannski eitthvað sem maður slær fram í þessu samhengi. Hef ekki orðið var við neitt neikvætt, ekkert sem er erfitt, allavega ekki frá mínu sjónarhorni. Ég hef náttúrulega orðið var við gagnrýna umræðu bæði neikvæða og jákvæða. *Ísland án eiturfylla árið 2002* var lengi gagnrýnt fyrir þá ímynd og finnst mér það barnaleg gagnrýni því það hefur kannski mátt líta á þetta sem svona ímyndarspursmál. Það er svona afstætt, það er aldrei hægt að útiloka neitt í mannlegri hegðun. Ég var ekki sammála þessari gagnrýni. Í stefnumótunum, stjórnun, framlags til forvarnarmála, áhrifum sem hefur verið beitt í þá veru þá hefur það allt saman alveg gengið eftir. Og ég er mjög sáttur við það.

Mér finnst aðalávinnurinn vera aukin umræða í samfélaginu og aukið samstarf stofnana og félaga. Þetta tvennt stendur upp úr. Með tilkomu stöðunnar hennar Hildar Hafstein, mér finnst hún algjör snillingur sú kona. Það sem hún hefur verið að gera er ofsalega flott. Hún hefur náð að vera þetta sameiningartákn og mér finnst sameiningarhópurinn, sem að hún heldur um, sem hittist reglulega nokkrum sinnum á ári og er þá að undirbúa aðgerðir fyrir áramótin, fyrstu helgina í júlí, verslunarmannahelgina og þessi áróður, þetta þarna *elskaðu barnið þitt* eða hvað sem það heitir - mér finnst það rosalega gott líka. Síðan finnst mér líka þessi framhaldsskóláhópur sem Hildur hefur verið að hitta líka. Mér finnst hann mjög flottur. Nú erum við búin að, í Reykjavík alla vega, móta það sem að Grafarvogur í góðum málum byrjaði. Þetta hverfasamstarf þar sem að allir aðilar í hverfinu koma að málum barna og ungmenna. Ég er alveg viss um að umræðan um *Ísland án eiturfylla styrki* þau verkefni sem við erum búin að koma af stað núna um alla borg. Þar erum við að fjalla um forvarnarmál í hverju einasta hverfi í borginni. Þar er *Grafarvogur í góðum málum*, *Breiðholt okkar mál*, sem var styrkt með starfsmanni sem vann í hálfu ári í því. *Samtakahópurinn* í Háteigshverfi og þar í kring, *Samvist* í Vesturbænum, *Lauganes á ljúfum nótum*, *Betra líf í Bústaðahverfi*. Allir þessir hópar vinna forvarnarverkefni. Þetta er í sjálfu sér það sem að verður til eftir að hin áætlunin er farin af stað. Ég vildi segja að hún liðkaði fyrir mörgu.

Það hefði verið hægt að fara með þetta af stað í upphafi á allt öðrum grunni t.d. hefði mátt vinna þetta út frá grasrótinni og neðan frá en það ferli hefði sennilega tekið mun lengri tíma. Það má kannski segja að þetta hafi verið svona birting að ofan. Ég er svolitill "anarkisti" í mér og kann illa við að það sé eitthvert yfirvald að hafa vit fyrir fólki, en í tengslum við börn sérstaklega og unglinga og þegar við erum að missa krakka úr neyslu þá er spurning hvort maður hefði verið tilbúin að bíða eftir grasrotarferli og þegar ég sé krakka deyja úr þessu þá finnst manni það ekki þess virði og bara spurning um að drífa sig að bjarga því sem bjargað verður. Þannig upplífi ég þessa aðgerð, það þurfti að grípa inn í og ég tel að ef þetta verkefni hefði ekki verið sett af stað með þessum hætti þá hefðum við verið að horfa á mun alvarlegra ástand og við höfum dæmi um slíkt t.d. á Norðurlöndunum. Ég held að þetta hafi verið alveg tímanlega sett af stað og alveg rétt gert. Ég er ekki viss um að maður hefði viljað hafa meginmarkmiðin í byrjun öðruvísi.

Ég er alveg klár á að það hefur náðst árangur. Það sem við vorum að velta fyrir okkur af því að við erum á sveitastjórnarstiginu, var að þessi mál þyrftu öll að færast á

sveitarstjórnarstigið því að þar erum við að vinna í unglíngunum. Við vorum sérstaklega ánægð með forvarnarsjóðinn og ríkið hafði lagt meiri fjármuni í verkefnið og okkur finnst að það eigi að gera það áfram en framkvæmdin og stjórnunin verði meira á sveitastjórnarstigi. Það svona skín í gegn finnst mér í okkar hópi. Samband sveitarfélaga er búið að vinna núna að stefnumörkun í þessu máli og er með nefnd sem á að reyna að útfæra hana og vera kannski með forvarnarfulltrúa á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem maður getur leitað til.

1.2. Hvað hefði mátt gera betur

Mér fannst þetta eins og fleirum óraunhæf markmið og erfitt að leggja af stað með svona stór og mikil markmið, maður hafði það á tilfinningunni að þetta myndi ekki nást og það kannski hamlaði, var einhver neikvæðni gagnvart þemanu. Hefði mátt vera markvissara.

Maður veit ekki alveg hvaða leiðir er verið að velja og það sem er aðallega að þessu er að unga fólkið er ekki haft með í ráðum. Ég hef nú reynt að fá inn hvaða leiðir ná til þeirra. Það er ekki bara að búa til plaköt og slagorð. Það þarf að fara aðrar leiðir að þeim og það gerist bara í gegnum samræðuna.

Ég held að það hefði getað verið miklu meiri árangur. Hefði það verið unnið markvissara alveg frá byrjun. *Ísland án eiturlyfja* er auðvitað óraunhæft markmið sem varla er hægt að ná. Ég hefði viljað sjá markvissari áætlun, framkvæmdaáætlun og hvernig nákvæmlega ætti að beita sér, ítarlega, áður en það var keyrt af stað því ég held að það hefði verið hægt að gera þetta mun betur. Það er kannski mjög óraunhæft markmið að Ísland verði einhvern tímann eiturlyfjalaust. Hvort sem það er 2000 eða 2002. Mér finnst þetta samt frábært framtak og það er kannski all í lagi að setja sér svona háleit markmið þegar maður er að vinna sitt besta.

Það sem hefði mátt gera betur var náttúrulega upphafið þegar það var sett fram fyrst *Ísland án eiturlyfja* 2002, mistök voru kannski að setja inn dagsetningu en annað hefur verið mjög fínt.

Það hefði kannski mátt kynna þetta verkefni víðar og betur og ég hef grun um að almenningur í landinu viti ekki hvað *Ísland án eiturlyfja*, hvað þetta slagorð er og að það standi eitthvað á bak við þetta annað en svona slagorð sem er notað gegn fordómum. Við sem vinnum að þessu vitum hvað þetta slagorð þýðir en ég er ekki viss um að almennigur viti það og hef orðið vör við að í skólunum viti fólk þetta ekki. Og þeir virðast ekki hafa náð eins og á þessum morgunverðarfundum að skoða skólana innan frá nema að mjög takmörkuðu leyti. Ég á erfitt með að átta mig á hvar þetta verkefni afmarkast, kannski afmarkast það ekki neitt. Snjólaug er þarna höfuð að einhverju og ég veit ekki alveg hvenær hún er að vinna fyrir *Ísland án eiturlyfja* og hvenær eitthvað annað.

Það er alltaf hægt að gera betur. Ég held að þetta verkefni hafi þurft að vera lengur eða þá eitthvað sambærilegt sem mætti byggja ofan á reynsluna sem þetta hefur skilað. Sjálf sagt er hægt að gera svo margt betur en ég hef ekkert vit á því. Það er eitt sem að ég hefði viljað sjá vera meiri áherslupunktur og það var nú svolítill vísir að því reyndar en ég hefði viljað sjá mikið meira stutt við hópa sem vitað er að eru í sérstakri áhættu að ánetjast áfengi og vímuefnum og ég hefði viljað sjá barna- og unglíngageð-deildina styrkta til muna og alla geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn. Ég held að þarna sé undirstaða fyrir forvarnarstarf. Ef að þetta er í lagi að þá er svo mikið forvarnarstarf unnið. Þannig að ég held að þarna hefði mátt beina miklu meiri fjármunum og rannsóknum jafnvel og bara fá meiri mannskap. Ég held að það megi læra af þessu að það þarf að koma með miklu meiri mannskap inn í þennan geira. Þjónustan er svo léleg og ef að fólk er í vanda með börnin sín þá er það bara aleitt í vanda með börnin sín. Það eru svo fá pláss en þarna er vitað um áhættuþætti og það er svo gífurleg

þekking inn á BUGL en það vantar bara peninga. Ég held að það sé best að einbeita sér að fyrsta stigs forvörnum inn á BUGL.

Það er að vísu spurning þegar maður lítur yfir sviðið hvort það sé einhver ástæða til að halda *Ísland án eiturlyfja* áfram í þessu formi. Það held ég að sé stórvafasamt vegna þess að alls konar samstarfshópar stofnana, einstaklinga, félaga og þess háttar eru út um allt í þjóðfélaginu, þá er ég að tala um hópa sem sinna forvörnum. Þetta er svo mikið af þessu að það er spurning hvort þetta nákvæmlega *Ísland án eiturlyfja* hefur eitthvað að gera áfram. Hvort að starfið getur ekki haldið áfram, því að nú hefur *Ísland án eiturlyfja* verið ákveðinn rammi eða regnhlíf sem hefur ýtt ýmsu af stað. Síðan hafa verkefni haldið áfram í raun og veru sjálfstætt í ákveðnum hópum þar sem ýmsar stofnanir og félagasamtök hafa haldið áfram í starfi. Það hefur vissulega verið árangur en hann er ekki í neinni líkingu við það sem að nafnið bendir til enda er það náttúrulega óðs manns æði að láta sér detta í hug að það takist. Það má segja að það komið mörgu góðu af stað sem að ég held að muni halda áfram.

Það er voðalega erfitt að segja um hvað má gera betur en svona átak byggist alltaf á þeim sem að taka þátt í því og það vill nú oft verða þannig að menn fara af stað með kannski eldmóði eða alla vega talsverðum áhuga en síðan eru menn í svo mörgu, það er alveg sama hvort það eru einstaklingar eða fulltrúar stofnana. Menn eru í svo mörgu að það er takmarkaður tími. Sumir missa áhugann og snúa sér að öðru. Þannig að stundum dofna áhuginn á því sem er farið af stað með með góðum hug og af miklum krafti. Það er bara lögmál sem að gerist. Það er náttúrulega eitt af því sem að hefur dregið úr árangrinum af þessu starfi.

Það má deila um það hve margir eru komnir með puttana á púlsinn. Það er það sem að maður myndi vilja laga. Almenn séð hefur áunnist þó nokkuð en það er mikið eftir. Á öllum sviðum mega allir standa sig betur. En hve langt eiga menn að ganga í frjálsu samfélagi? Það er tiskuspurningin í dag.

Eflaust hefði verið hægt að gera eitthvað betur en ég hefði ekki fundið upp á neinu betra. Sko, maður heyrir svo sem talað um að það hefði frekar átt að láta mig hafa alla þessa peninga sem verið er að láta í þetta, en ég er ekkert viss um að ég hefði farið betur með þá. Eflaust hefði mátt finna einhverja sem finnst að þeir hefðu átt að vera meira með í þessu og hinu, til dæmis ég, ég tala meira að segja svona sjálfur, af hverju er gengið framhjá mér ég er búinn að vera í þessu alla ævi? Við getum aldrei gert öllum til hæfis - það er alltaf fólk sem er óánægt.

Það er svo margt sem hefði mátt gera betur og það sem mér er efst í huga er það að við erum ekki að ná nokkrum árangri í að hefta innflutning og sölu. Hefði mátt gera eitthvað í því. Svo dettur manni í hug sem er út fyrir spurninguna að maður hefur heyrt fólk glotta yfir því að markmiðið í forvörnum sé að reyna að ná til allra og hugsunin sé sú að dekka meðferðarþörf allra og svo heyrir mér markmiðin gagnvart innflutningi ekki einu sinni það að ná að jafnaði 5%. Þar eru engin markmið og það er kannski helsti gallinn við það.

Það hefði mátt aðstoða sveitarfélögin enn frekar við forvarnarstefnur, reka meira á eftir þeim. Og virkja foreldrafélögin ennþá betur en gert hefur verið.

Það sem mér fannst koma út úr þessu, þetta var rosalega yfiorðskennt, allir að kynna sig og allt í einu sá maður að þarna voru allir að vinna að sama markmiði. Allir að vinna í sitt hvoru horninu og rígur á milli félaga og samtaka af því að það eru allir að sækja í sama sjóðinn. Það eru allir að rífast um sömu peningana. Svo voru sumir að gera plaköt og aðrir að gera svona og mér fannst allt of mikið bruðl á peningum í því að vinna svona í sitt hvoru horni. Ekki nógu markvisst.

Árangur er í meðallagi, hvorki mikill eða lítill, að vísu hef ég ekki sjálf verið mikið í samstarfinu, tala mest fyrir yfmann minn sem var boðaður í viðtalið. Það hefði mátt vera einhver fastur kjarni því nú eru bara tvær sem halda utan um þetta. Það hefði mátt vera breiðari hópur af föstum kjarna þannig að allir séu upplýstir um hvað er að

gerast í þessum minni verkefnum. Því maður er ekki alveg með hvað er að gerast nema maður sé akkúrat í verkefninu sjálfur.

Mér finnst það vera einsleitt í hvað peningarnir hafa farið. Mér finnst SÁÁ algjörir snillingar að söga að sér peninga og kannski er það vegna þess að ég þekki ekki nógu vel til þeirra starfsemi en mér finnst þeir mæta í svona þegar þeir sjá pening. Þá finnst mér kannski af því að þeir eru svo sterk maskína að aðrir hafi ekki fengið verðskuldaða athygli, aðrir litlir hópar sem eru að vinna. Svo kannski hefði þurft að gera meira PR úr þessu. Það varð kannski svolítið að athlægi þetta *Ísland án eiturfylfja* 2000, 2001, 2002. Það eru kannski mistök. Það hefur skemmt fyrir verkefninu. Það fékk samt umræðu. Svo segja margir að ekkert hafi áunnist og þá spyr ég til baka hvað hefði áunnist hefði ekkert farið af stað. Það er ofsalega gott að gagnrýna en mér finnst þetta hafa hrundið mjög mörgu af stað.

Reyndar eins og í öllu þá verða ákveðin mistök og það voru gerð þau mistök að kalla þetta *Ísland án eiturfylfja 2002* en svo var ártalið tekið út vegna umræðu sem varð mjög hávær. Það var umræða sem kom frá úrtölufólki og svona fólki sem vill yfirleitt draga allt niður í svaðið og var verið að hlæja að þeim óraunhæfu markmiðum. En þeir sem stóðu að verkefninu útskýrðu það þannig að verkefnið hefði átt að vera til þess tíma en ekki að þeir hafi búist við því að landið yrði án eiturfylfja. Ég held reyndar að aðstandendur þessa verkefnis hafi hugsað það akkúrat með þessum hætti að búa til markmið og vinna að því, sem er gott mál. En markmiðið 2002 var ekki raunhæft og gefur úrtöluröddum möguleika á að gera lítið úr og draga úr árangrinum. Það sem ég vil segja í stuttu máli er að fólk á að gæta sín á að rétta vopn upp í hendurnar á úrtölufólki.

Mér finnst ég til dæmis ekki bera mikla ábyrgð á því að verkefnið *Ísland án eiturfylfja* skili tilætluðum árangri ekki nema bara að ég sem þegn þessa lands vil auðvitað að svona verkefni skili árangri. Ef maður fengi meiri ábyrgð og er beinn þátttakandi eða fulltrúi vinnur maður vinnuna þannig að hún skili árangri. *Ísland án eiturfylfja* hefur verið verkefni sem við sem vinnum að forvörnum vitum út á hvað gengur en það eru margir sem halda að það sé eitthvað ríkisapparat sem kemur eins og stormsveipur um allt land einu sinni á einhverja ára fresti og ég veit í raun ekki um hvað það snýst og mér kemur það ekki við og það skiptir mig ekki máli. Hins vegar ef ég yrði gerður að einhverskonar útverði þá fer ég að vinna markvisst fyrir þetta verkefni og væri mér til bóta sjálfum og samfélaginu og verkefninu. Þannig að það þarf að tengja sig betur í grasróttina innan vel afmarkaðs ramma. Ríkið býr til markmiðið og við finnum leiðirnar að þeim markmiðum.

Nei, það held ég ekki að það hafi náðst árangur. Sérstaklega þetta *Ísland án eiturfylfja 2002*. Mér hefur alltaf fundist þetta vera svolítill svona sýndarleikur, en ég held hins vegar að undir þessum hatti hafi verið ýmis góð verkefni eins og 20-02, það var ágætt, en það var svolítill leikur með þessa dagsetningu. Verkefnið hefðu getað farið af stað undir hvaða formerkjum sem er. Mín skoðun er sú að það þýði ekki að ætla að það sé hægt að einangra skerið. Fólki á Íslandi líður ekki svo vel, því miður, að það hafi ekki þörf fyrir einhverja stimulansa. Sjáum bara umhverfi okkar þar sem tvískinnungurinn er alveg fullkominn og ætla sér svo á einhverjum fjórum árum að gera þetta. Ég bara held ekki. Ég er svo á móti forvörnum, en auðvitað vil ég þær undir einhverri skilgreiningu í æskulýðsstarfi, maður er í hálfgerðri meðferðarvinnu. Við eigum bara að vinna að því að fólk hafi sæmilega líðan og geð og líf og alls konar heilsu og komist á eitthvað lífsstig þar sem að þörfin er ekki til staðar. Ég held að margir snúi sér að þessari þörf þegar þeim líður illa. Svona gerist ekkert nema þú sért búinn að vinna eitthvað með ræturnar. Ég held að þess vegna hafi þetta ekki verið raunhæft. Nafnið pirraði mig líka eitthvað í upphafi, en ég held hins vegar að þetta hafi nú ekkert verið neitt ólíkt öðrum forvarnarverkefnum sem eru í gangi endalaust og þar sem allir eru að slást um sömu bitana og berjast við að finna upp eitthvað nýtt. Okkur tókst til dæmis ekki að láta krakkana okkar nota getnaðarvarnir í kynlífi þó ekki væri nema vegna smitsins, hvernig á þá að fara í lag sem er svona mikið dýpra?

Það eru ákveðnir þættir sem ég hefði viljað sjá aðeins öðruvísi þannig að þegar við lítum á heildina þá er ég ekki fullkomlega ánægð, en ég er ánægð með ýmislegt. Þegar verkefninu var slegið upp árið 2002 þá var hlegið að því og það að sjálfsgöðu tókst ekki, en það er samt í lagi að hafa háleit markmið en þau mega ekki vera hlægileg þannig að það sé tekið mark á þeim sem slíkum. Samt verð ég að segja sem foreldri út í bæ að mér finnst eitthvað vanta í sambandi við það að koma öllum þessum góðu hugmyndum og öllum þessum áformum og viðhorfum til skila til þeirra sem ég held að þeir hafi ætlast til að fengju þau. Þau vilja svolítið kafna í hringiðunni, þetta er svona eins og stormur í tebolla. Þeir sem að starfa við þetta hafa mikinn áhuga og eru mjög vel meinandi. Þeir vilja virkilega koma þessum hlutum til skila en þeir fara ekki einhvern veginn frá þeim, þeir ná ekki til okkar hinna. Nú er ég búin að vera út á markaðnum má segja í mjög mörgum mismunandi störfum, ég er með menntum á þremur sviðum sem eru öll mjög ólík og hef starfað við þessi þrjú svið sem gerir það að verkum að ég hef fengið sýn á þetta frá nokkrum hliðum. Ég varð ekki vör við þessa vinnu úti í þjóðfélaginu.

2. Samstarf

2.1. Hvað var árangursríkt í samstarfinu?

Ég hef verið í miklu samstarfi við hin ýmsu félög og opinberar stofnanir. Til dæmis lögreglu, heilsugæslu, skóla, foreldra, íþróttafélög og samstarf við önnur sveitarfélög. Við fylgjumst vel með starfi og ársskýrslum *Ísland án eiturlyfja* og höfum m.a. átt samstarf við Snjólaugu, verkefnisstjóra. Samstarfið hér í bæjarfélaginu hefur orðið markvissara með tímanum og það hafa verið gerðar vinnuáætlanir meðal samstarfsaðila. Samstarfið hefur oftast en ekki skilað árangri og samstarfsaðilar verið virkir bæði í innra starfi og út á við. T.d. hefur lögreglan hér kynnt starf forvarnarnefndar á fundum með öðrum aðilum. Við hér getum verið stolt af störfum okkar í forvörnum og í verkefninu *Ísland án eiturlyfja* og það á við alla í sveitarfélaginu sem hafa komið að verkefninu. Samstarfsaðilar hafa skiptst reglulega á hugmyndum og upplýsingum þannig að allir koma að verkefninu á virkan hátt.

Samstarf er auðvitað mun auðveldara og nánara í litlu samfélagi eins og hér, þar sem flestir þekkjast persónulega. Maður er kannski kunningi lögreglumanns eða heilsugæslumanns eða í sama félagsskap utan vinnu. Þetta gerir samstarfið fyllra og árangursríkara. Þetta er það sem skortir á landsvísu og í Reykjavík, þar sem stundum er rígur milli stofnana og hagsmunir látnir rekast á á kostnað verkefnisins.

Að mínu mati hefur náðst í nógu breiðan hóp en spurning með dýptina. Ég hugsa að kerfið hafi verið virkjað duglega, foreldrafélög voru með í ráðum og fyrirtæki töluvert í formi upplýsinga og framlags. Hins vegar eru skilaboðin mjög skýr hvað varðar markmið verkefnisins og hafa snert alla ímynda ég mér.

Ég hef komið að svona vinnu bæði hér heima á landsvísu og erlendis. Sem dæmi þá kom í gegn um samtök félagsmiðstöðva þetta hugtak *jafningjafræðsla* vegna námskeiðahalds í Evrópu. Það voru ungmenni sem fóru svo til Hins hússins og störfuðu þar. Þetta er í sjálfu sér nátengt mínu starfi. Að öðru leyti er ég í tvennum foreldrafélögum í grunnskóla og leikskóla og hef reynt að hafa áhrif á mál þar því ég tel að leikskólar eigi líka að hugsa um þessi mál. Ég hef ekki tekið þátt í neinum formlegum verkefnum utan þessara félagsstarfa minna og sem forstöðumaður í félagsmiðstöð, en hef komið að umræðunni annars staðar.

Það sem hefur verið gott við þetta samstarf er að þetta hefur verið mjög hnitmiðað. Þetta hefur tengt flesta geira hins opinbera saman og ég tel að sá hópur sem starfaði miðlægt að þessu hafi náð vel til þeirra sem hægt var að ná í með þeim tækjum sem voru notuð. Að mörgu leyti finnst mér það vera einkennandi fyrir það sem vel var gert.

Það hefur kannski verið hlutverk þessa samstarfs að laða fram hugmyndir og leiðir frá fólki, samtökum og stofnunum. Það er þá kannski meira hlutverk Íslands án eiturlyfja að hvetja til góðra verka með ýmsum aðgerðum og ráðum. Eitt sem þetta verkefni hefur haft áhrif á er að færa gildismatið til, þ.e hvað maður sættir sig við í uppeldismálum og viðhorfið líka til fíkniefna og drykkjusiða Íslendinga. Maður er farinn að horfa öðruvísi á ættarmótin!

Ég ræddi við þann sem hefur tekið þátt fyrir hönd X. Honum hefur fundist þetta nokkuð gott og verið ánægður með samstarfið.

Ég hef unnið með mörgum hópum, fyrir það fyrsta er ég kennari og er yfir félagslífi unglinga í skólanum, ég stýri hóp hérna og við erum að vinna að forvarnaráætlun grunnskólans. Ég er búin að fara á fyrirlestra, ráðstefnur með þetta málefni og við tókum upp *Skólavinir* námskeiðið, sem ég nýtti mér. Ég hef haldið foreldrafundi og þá er maður með þessa fræðslu sem maður hefur fengið á þessum ráðstefnum og fundum og fer með það áleiðis inn á heimilin. Ég er búin að nota þetta mjög mikið. Ég er að vinna í þeim anda núna, erum búin að semja bréf og senda út bréf um þetta til allra sem hafa með börn og unglinga að gera hér í bænum, bæði lögreglan og hjálparsevitir og leikfélagið og hestamannafélagið og íþróttafélagið og stefnu þeirra í forvarnarmálum. Þannig að ég væri örugglega ekki að þessu ef ég hefði ekki verið í þessari vinnu. Ég er líka mjög virk í íþróttahreyfingunni og sækir ráðstefnur og fundi sem *Ísland án eiturlyfja* hefur verið aðili að - *Loftskip* eða hvað þetta nú heitir.

Ég er í samstarfshópi með *Ísland án eiturlyfja* sem heitir *Náum áttum* og síðan hef ég verið í samstarfshópi sem heitir *Störfum saman*, held ég eða *samanhópurinn* sem hefur séð um auglýsingar fyrir stórhátíðir og annað slíkt - þá standa fjölskyldur saman. Þetta er allt fólk sem starfar af eldmóði það virkilega hefur áhuga á þessu verkefni. Áður en ég kom hingað hafði ég ekki hugmynd um að þessir hópar væru til.

Ég hef verið í þremur hópum sem *SAF-nefndin in* hefur stofnað til í rauninni. Hópurinn sem ég er í núna er samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Svo er ég í skipulagshóp fyrir ráðstefnur sem tengist þessu á einhvern hátt. Morgunverðarfundirnir eru það áþreifanlegasta sem ég hef orðið vör við. Það er einhver samkennd sem maður finnur og mér finnst það mjög gaman. Maður hefur á tilfinningunni að allir séu að stefna að sama markmiði. Við höfum mikið verið að efla þetta samstarf og fyrir tilstuðlan þessarar *SAF-nefndar* m.a., sem hvatti mjög til frekara samstarfs innan hverfanna. Á þessu svæði sem ég vinn eru hópar. Þar erum við að hitta fólk frá ÍTR, lögreglunni og í sumum tilfellum eru skólar með, en ekki öllum, en þar hefur hinn almenni borgari lítið komið að.

Ég held að það hafi tekist mjög vel að mynda keðju, þannig ég myndi svara því játandi. Fjölskyldumiðstöðin við Barónsstíg, en hún spratt upp úr þessu, hefur verið árangur af verkefninu. *Ísland án eiturlyfja* hefur líka komið ýmsu á laggirnar og dregur sig svo út úr því sem er gott. Þær koma hlutunum út í lífið eins og ljósmæður.

Það er verið að tengja saman ríki og borg sem er oft erfitt og ýmis félagasamtök svo ég held að það hafi verið mjög jákvætt. Það er alltaf í öllum verkefnum að það eru ákveðnar lykilpersónur sem stýra og þeim hefur tekist ákaflega vel að draga með sér heilmarga á vagninum. Og einmitt að tengja saman þátt sveitarfélagsins og svo þá sem eru hjá ríkinu og félagasamtök, Rauða Krossinn, ráðuneytin og Reykjavíkurborg. En þetta samstarf er kannski ekki að gefa manni þannig mikið af hugmyndum heldur frekar orðið til þess að þetta komist í framkvæmd.

Sameining hefur tekist. Þetta hverfasamstarf er alla vega orðið að veruleika og ofsalega margir möguleikar í því að vinna að forvörnum. Mér finnst ég alltaf koma að sama grunninum. Mér finnst einhvern veginn það sem ég upplifði á þessum fyrstu fundum með þeim sem eru að vinna að forvarnarstörfum á landinu að um leið og maður fer að kynnast fólkinu sem er á bak við *Vímulaus æska*, SÁÁ eða hvað það er að þá brotna þessir fordómar sem maður hefur gagnvart þessum félögum eða samtökum. Við höfum verið að elda grátt silfur við *Götusmiðjuna* en það er eiginlega

bara á persónulegum nótum, en auðvitað eru þau að vinna frábært starf og eiga ekkert nema bara stuðning skilinn frá hinu opinbera til þess. Sama sé ég gerast í hverfunum. Því fleiri sem þú nærð inn í samvinnu þeim mun meiri árangur.

Það voru nú einhver samtök sem að fóru að detta út þegar við fórum að hittast reglulega. Það var í raun og veru þessi *Samanhópur* og það hafa allir aðgang inn í hann. Ég sá t.d. að við smellpössuðum inn í samstarf með Foreldrahúsinu. Það t.d. varð til þess að við fengum loksins húsnæði fyrir miðbæjarathvarfið okkar. Það var af því að ég kynntist þessari Þórdísi á fundunum. Svona gerast hlutirnir. Ég efa það að mér hefði dottið í hug að labba yfir til hennar og þetta bara gerist af því að Snjólaug var að boða þessa fundi og við vorum að fara hringinn og spyrja og fá upplýsingar um hvað hinir voru að gera.

Ég þekki það nú ekki hverjir hafa komið að þessu. Við höfum fengið góðan stuðning frá *Ísland án eiturlyfja*. Þeir hafa stutt við bakið á okkur þegar við höfum leitað til þeirra og við höfum unnið vel með þeim. Mér finnst alltaf eins og á milli ÍTR og félagsmiðstöðvanna að það ætti að vera meira samstarf heldur en er. Ekki það að það sé ekki alltaf tekið vel á móti manni þegar maður kemur.

Við höfum mikið samstarf við Lögreglu og foreldrasamtök og höfum farið út á land og það hefur gengið mjög vel. Við höfum lítið samstarf við Íþróttafélög en við höfum farið einstaka sinnum til þeirra. Við hjá jafningjafræðslunni byrjum á því að kynna hvað við erum að gera og það er nú yfirleitt bara tekið mjög vel í það. Það er kannski helst að krakkar sem maður er að fræða séu smá fúlir út af því að maður er að predika. En yfir höfuð er þetta jákvætt.

Það kemur margt jákvætt út úr samstarfi við ýmsa hópa. Ef við erum að vinna vel saman að þá eru náttúrulega miklu meiri líkur á að við náum raunhæfum árangri. Það hefur mikið gott gerst í þessu samstarfi, sérstaklega í *Náum áttum* hópnum. Mér fannst það mjög gott. Við höfum fengið ýmsar nýjar hugmyndir í samstarfinu. Jafningjafræðslan hefur verið að fara sömu leiðina og það er rosalega gott að heyra hvað aðrir eru að gera og hvaða hugmyndir þeir hafa. Við vinnum náttúrulega eftir okkar grundvallarreglum og þá eru þau kannski að fara aðrar leiðir að því og auðvitað græðir maður á því.

Það er eitt verkefni sem við erum að skipuleggja núna þar sem við fengum Kirkjunnar menn til að hjálpa okkur en annars hefur ekki verið samstarf. Allir eru virkir í samstarfinu, en okkar prógram er samt þannig að ef við erum í fræðslusamstarfi höfum við viljað vera svolítið ein með hópinn, en ef við erum með skipulagsvinnu eða eitthvað svoléiðis að þá hefur það alveg verið jafnt.

Það hefur verið breiður hópur að því leyti að það var leitað til svo margra í ýmsum ólíkum faggeirum. Að því leyti þá held ég að það hafi tekist og það var líka reynt að ná samstarfi við foreldra. Þar stóðu Vímulaus æska og foreldrar sig mjög vel. Ég veit ekki hvort það tengist þessu verkefni sem slíku, hvort að *Ísland án eiturlyfja* hafi eitthvað komið nálægt þessu. Ég þekki það ekki.

Svo þegar ég fór að vinna meira að þessu að þá sá ég að þetta var svolítið hver höndin upp á móti annarri og allir höfðu sínar privat skoðanir og jafnvel á móti aðferðum hinna og alls konar rígur í gangi. Ég var svo mikið barn að átta mig ekki á því fyrirfram að þetta gæti verið svona. Hins vegar fannst mér þetta lagast mjög mikið og breytast í sjálfu starfinu. Fólk var frekar farið að snúa bökum saman og mér fannst það mjög jákvætt. Þetta var bara mjög gaman. Og þessi málþing, þar komu náttúrulega mjög margir að líka. Fólk snéri bökum saman með þau.

Ég held að öll þessi mikla áhersla á foreldra hafi verið árangursríkust vegna þess að einhvern veginn virðist það vera að skila sér í ríkara mæli að fólk vilji ekki kaupa áfengi fyrir börnin sín til dæmis og útivistartími. Veistu það að ég vissi ekki hvað útivistartími var þegar ég var barn, það var bara eitthvað sem mamma setti reglur um. Núna vita allir um útivistartímann þó að það fari ekki allir eftir þeim og þeim foreldrum

hefur fjölgað gríðarlega sem að fylgja honum strangt. Ég veit það vegna þess að ég á sjálf unglunga og ég get séð það sjálf í kringum mig.

Eins og ég kem að þessu að þá var ég að vinna í samstarfi við *Ísland án eiturlyfja* í gegnum unglingablaðið Smell. Síðan hef ég unnið með *Ísland án eiturlyfja* varðandi hljómsveitina Andlát og Bindindissamtökin og svo var ég látin stýra umræðuhópi unglunga með Áfengis- og vímuvarnarráði sem að hittist nokkuð oft og gerðum skýrslu í framhaldi af þeirri vinnu. Þar að auki gerði ég forvarnarefni sem að var ætlað foreldrum barna í sérstökum áhættuhópi sem að eru þessi börn. Það verkefni var styrkt af Áfengis- og vímuvarnarráði og það gerði ég í samstarfi við starfsfólk á BUGL. Þegar að ég sá þetta allt í einu blasa við að þá fór ég bara á stúfana og skrifaði bók. Sú bók er komin út og hún er gefin og síðan er ég sjálf að vinna með unglunga.

Margir hafa verið virkir í þessu forvarnarverkefni sem ég var að vinna í um börn í áhættuhópnum og þá fannst mér ég koma að galopnum dyrum, sama hvert ég hringdi eða leitaði, það voru allir svo fegnir að ég væri að gera eitthvað þarna og vildu allt fyrir mig gera. Ég er mjög ánægð með það.

Hvað varðar Smellinn voru mörg fyrirtæki og stofnanir til í að styðja þetta sameiginlega átak Smells og Íslands án eiturlyfja og það átak hefur beinlínis verið í gangi síðan Smellur hóf göngu sína 1997. Þetta samstarf hefur verið ofsalega lærdómsríkt. Ég kunní ekkert áður. Ég hafði ekki einu sinni skoðanir á því hvernig ætti að gera svona hluti. Núna finnst mér ég hafa lært mjög mikið.

Ég held að það hafi nú náðst til afskaplega margra. Þetta hefur farið afskaplega víða. Við erum að tala um stofnanir, einstaklinga, félagasamtök, sveitarfélögin o.s.frv. og alltaf á einhverjum tímapunkti hefur náðst í mikið af þessum aðilum.

Ég starfa t.d. í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir. Þar tengjumst við. Ég er í auglýsingahópnum sem sér um auglýsingar í sambandi við ýmsa daga ársins, áramótin, samræmdu prófin, 17. júní, verslunarmannahelgina og áróður í sambandi við ýmsar útihátíðir og svoleiðis. Ég hef lítið komið við sögu í hópnum *Náum áttum* vegna þess að ég lét annan starfsmann sjá um það. Við höfum mikið komið við sögu í sambandi við segulmotturnar. Við höfum átt hluta af því og aðstoðað við að dreifa þeim. Það er ýmislegt fleira sem höfum gert og þar sem við höfum komið við sögu.

Það er ekki hægt að segja annað en þetta hafi verið gott samstarf því að það hefur komið saman fólk sem hefur verið að vinna saman og það sest og ræðir saman og það kemur ýmislegt upp og menn miðla af sinni reynslu og hugmyndum. Það hefur óneitanlega borið árangur. Útivistartímaátakið hefur tvímælalaust borið árangur og það hefur líka verið unnið á mörgum sviðum. Þannig að ef við lítum til baka þegar að ég var að byrja í Lögreglunni þá spekuleraðum við ekki út í þetta en núna er spekulerað í þessu og þetta er eitthvað sem að foreldrar hafa átt að sjá. Hópurinn *Náum áttum*, sem upphaflega byrjaði sem ráðstefna, er í fullum gangi og heldur reglulega morgunverðarfundum þar sem er fjallað um ýmis gagnleg málefni og menn koma saman og heyra upplýsingar um eitthvað sem er í gangi og miðla upplýsingum þannig að þetta er auðvitað gagnlegt.

Við höfum ekki verið í samstarfi við aðra skóla, en við höfum skipst á heimsóknum í félagsmiðstöðinni. Það var félagsmiðstöð úr Reykjavík sem hringdi í okkur því það var að koma hópur til bæjarins frá þeim en það átti að spila hér hljómsveit og það átti að djamma. Það er kannski aðeins að koma vísir að meira samstarfi, þá einmitt út frá þessum markmiðum Íslands án eiturlyfja. Við höfum íþróttasamskipti, förum til Keflavíkur og tökum líka á móti hópnum þaðan. Jú, þetta er alltaf að verða aðeins meira og meira. Þau eru bara svo störfum hlaðin þessi börn, þau eru í svo miklu. Og svo nær maður kannski að tengja það þessu verkefni að það verður stefnt að því að hafa listahátíð ungs fólks á Suðurlandi í Vestmannaeyjum í mars og við förum þangað. Við verðum sem sagt sameiginlega með Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri, Selfossi og fleirum. Við förum með þeim til Ísafjarðar á *Samfés-mót*. Við

erum kannski ekki orðin alveg nógu ánægð með árangur okkar eigin starfs og við treystum okkur kannski ekki alveg á fullt í samstarf með einhverjum öðrum. Bara fyrst að vera hér heima við. Ég er bara mjög sátt, það er vel að þessu staði, mikið í boði og það nýttist mér mjög. Ég er bara ánægð með þetta.

Það samstarf sem hefur verið í gangi finnst mér hafa verið mjög jákvætt. Það er ekki eins og SÁÁ kerfið sem er alltaf með einhverjar hryllilegar tölur. Þetta hefur verið á dagskrá en engin tilfinningaþrunginn harmrænn skilaboðaleikur eins og oft hefur verið í forvörnum. Ef markmiðið var að koma hugsun af stað eða þælingu þá finnst mér það hafa tekist og það að vinna með viðhorf. Það hafa sprottið upp nýjar hugmyndir úr samstarfinu, eins og þessi stofnun sem ég stýri. Þar gengur þetta flæði mjög vel, því öll átök eru mjög vel kynnt út í geirann. Sérstaklega ráðstefnan sem var hér í fyrra haust. Það var ráðstefna með efni sem var að skila sér með öllu því nýjasta og ferskasta sem var í gangi. Þar vorum við að ræða alvarleg mál eins og e-pilluna og annað slíkt og út af hverju hún veldur miklu þunglyndi og annað slíkt, þarna voru allar nýjustu rannsóknir í geiranum. Á þessari ráðstefnu var allur geirinn frá a til ö. Það var mjög mikill klassi yfir þeirri ráðstefnu. Og ég held að hún hafi skilað sér út um allan bransann.

Ég held að það hafi verið reynt að virkja alla. Ég saknaði einskis í raun, ég held að heilsugæslan hafi komið mjög sterkt inn í þetta. Hún gleymdist nú fyrst en er núna með. Ég held bókstaflega að það séu Kirkja og prestar og skátar og allir. Mjög góður og breiður hópur. Ég hef verið í starfi með mjög mörgum í vinnu, bæði við stefnumótunarvinnu og á landsvísu líka í ýmis konar herferðum og svo stýrði ég þessu starfi hér sem formaður áfengis- og vímuvarnarnefndar. Starfið var árangursríkt hér í bæjum að minnsta kosti. Við fórum að sinna grunnskólabörnunum miklu miklu betur. Það er mikið meira eftirlit með bæði gamlárskvöldi og *Halló Akureyri* og skólaskemmtunum og samræmdu prófunum og bara álagspunktum sem við merktum.

Ég stjórnaði átaksverkefni í minni heimabyggð. Þetta hefur skilað alveg heljarinnar vinnu og eins og ég sagði í upphafi hefur þetta vakið mannskapinn til meðvitundar um hlutverk sitt í forvörnum. Það er það sem er heila málið í þessu mati sem þarf að koma fram. Þetta er mjög jákvætt fólk að vinna með og allir sem hafa komið að þessu starfi hér eru mjög jákvæðir og til í að glíma við þetta verkefni.

Það hefur tekist að fá nógu breiðan hóp. Ég hef verið mikið í tengslum við verkefnisstjórnina því þau hafa komið á fundi til okkar og haldið fundi út um land með tengiliðum. Það hefur verið mjög gott og gott að leita til þeirra. Mér finnst þetta allt mjög jákvætt. Hef aðallega haft samband við hana Hildi Hafstein sem var starfsmaður hjá þeim og líka sótt þessa morgunverðarfund, sem er reyndar Vímuvarnarráð, og hefur verið mjög gott að leita til þeirra.

Forvarnir er mjög almennt orð og nær kannski ekki eingöngu til fíkní- og vímuefna heldur líka út á kynlífssviðið eins og með alnæmi og fleira og það á líka að leggja áherslu á það. Það er nú svo með þá sem eru að vinna að þessum málum að þeim finnst sjálfsagt árangurinn alltaf alltof lítill þó þeir séu að reyna að gera sitt besta og gera yfirleitt af heilum hug. Þetta er bara ekkert þannig mál sem þú stingur undir hælinn á einum degi. En árangurinn hefur verið merkjanlegur um það að menn eru á réttri leið og hvert prósent sem minnkar í sambandi við eiturlyf og annað, það er góður árangur og það er á réttri leið, en það þarf að fara rétt að.

Í okkar sveitarfélagi er starfandi forvarnarnefnd sem heldur fundi einu sinni í mánuði og kallar til sín ýmsa samstarfsaðila og þá kannski sérstaklega félagsmálastjóri og lögregla sem eru þar í samstarfi og menn bera saman bækur sínar. Það er mjög gott og alveg nauðsynlegt að menn upplýsi hver annan um sinn vettvang það er í raun það sem þarf. Því þó maður starfi innan um unglínganna er maður á eðlilegum tíma með þeim. Síðan hvað eru þau að gera hinn tímann þá er aftur frekar mál lögreglunnar þannig að menn þurfa að vera stanslaust að upplýsa hver annan hvernig málin ganga fyrir sig þannig að hægt sé að grípa inn í ef eitthvað fer úrskelðis.

Engin spurning að maður fær nýjar hugmyndir og leiðir með svona samstarfi. Mér finnst líka að maður átti sig á því ef maður situr í eigin horni að þá geri maður sér ekki grein fyrir stöðu annarra. Mér finnst oft að við sem sitjum í svona stofnunum og höfum tryggt fjármagn að við séum að gera óraunhæfar kröfur til þessara áhugasamtaka sem eru að keyra sig áfram af því að þau hafa lent í því að börnin þeirra hafa lent í neyslu og ég tala illa um SÁÁ vegna þess að mér finnst þeir svo miklir peningapúkar. Hins vegar verður maður líka að átta sig á því að þetta er bara stofnun sem þarf að keyra sig áfram og þeir eru að vinna gott starf. Svo hugsar maður um íþróttafélögin. Þau eru alltaf að gagnrýna að við höfum svo mikla peninga og að þeir geti nú notað þetta í starfið hjá sér. Þá finnst mér þetta að bera virðingu fyrir starfi annarra vera eitthvað sem að maður öðlast í þessu samstarfi og líka það að gera ekki óraunhæfar kröfur. Maður getur bara ekki ætlast til þess að skátaforinginn sem að skreppur úr vinnunni til þess að mæta á fund eða eftir vinnu að hann sé bara á sama báti og starfsmaðurinn hjá okkur sem að fær yfirvinnukaup fyrir að mæta á fundinn. Mér finnst vanta meira skilning á milli hópa. Meðan það eru svona litlir peningar í þessu. Ég er nú hrifnari af úthlutuninni núna hjá henni Þorgerði varðandi peningana. Það hefur aðeins verið að breytast frá ári til árs. Skilgreiningin á sjóðnum góða að það er búið að útvíkka hana. Fyrsta árið máttu sveitarfélög ekki sækja um, svo máttu þau sækja um. Svona núna síðast var sérstaklega sagt að þeir sem eru að vinna að tómsundum gætu sótt um. Mér finnst það vera líka aðeins að opnast. Mér finnst Þorgerður hafa verið dugleg. Ótrúlegt hvað þær tvær hafa getað gert.

2.2. Hvað hefði mátt fara betur í samstarfinu?

Ég held að einhver frá sveitarfélaginu sé í stjórn *Ísland án eiturlyfja*. En það hefði mátt gera fleiri aðila út um allt land að fulltrúum þessa verkefnis, einn eða fleiri í hverjum landsfjórðungi þannig að fleiri hefðu orðið ábyrgir fyrir árangrinum. Það er verkefnisstjóri, dugleg kona Snjólaug heitir hún og einn annar starfsmaður Hildur, en veit ekki hver er í verkefnisstjórninni eða í bakvarðasveit. Þannig að það hefði mátt draga fleiri til ábyrgðar. Ég hef ekki verið í neinum hóp bara átt samskipti við Snjólaugu og Hildi en hvorki ég né aðrir höfum verið í neinum hópum ekki fyrr en núna um daginn út af þessari ráðstefnu og finnst mér að eitthvað þvíumlíkt hefði mátt fara í gang fyrr. Þannig að ég hef ekki verið í beinu sambandi við neinn nema verkefnisstjórnina.

Sjálfsagt hafa ekki allir hóparnir verið virkir allan tímann en það voru settir á laggirnar mismunandi faglegir umræðuhópar og ég minnst þess ekki að hafa saknað neins þar, nema kannski þá helst að það hefði mátt koma meira frá geðbatteriinu. Það er einmitt þaðan sem að sú hugmynd sem að kom upp þegar allir hóparnir hittust að þetta væri mesti áhættuhópurinn en samt var enginn beinlínis að tala um þá. Það lá á milli línanna.

En svo spyr maður sig alltaf: eru ekki alltof margir í þessu? Þetta eru svo göfug og góð verkefni allt saman og er mjög auðvelt að setja eitthvað af stað og höfða síðan til hinna ýmsu aðila bæði með einhver verkefni og síðan fara verkefnin af stað og þá vantar ýmsa styrki og annað því um líkt. Þannig að þetta er kannski ekki nógu markvisst. Ég held að það yrði markvissara ef það yrði fært meira yfir til sveitarfélaganna. Það er náttúrulega alltaf spurning um nýjar leiðir í þessum málum og þær breytast mjög ört. Hvar menn eiga að taka pólinn í hæðina og er eins og við þekkjum úr unglingaumhverfi að það eru svo miklar breytingar sem eiga sér stað.

Ég hefði viljað sjá meira unnið með unglingum, þetta var mikið fyrir okkur sem störfuðum með unglingum. Ég veit að þeir unglingar sem leituðu til þeirra fengu afskaplega hlýjar móttökur og mikinn stuðning og fólk var boðið og búið að aðstoða þá en það hefði mátt vera meiri tenging. Það mætti virkja skólana betur en það fer alltaf eftir því hversu áhugasamur viðkomandi er. En ég er ánægð með þá sem stóðu að þessu, það vildu allir allt fyrir mann gera og leiðbeina og koma til manns upplýsingum ef maður óskaði eftir því.

Þegar SÁÁ var og hét þá voru þeir mjög öflugir í þessu og með sína fulltrúa og voru með sveitarfélagaverkefni og fleira og allt telur þetta. Ég held að það vanti frekar meiri samræmingu í heildina og færa þetta niður á sveitastjórnarstigið þannig að ekki sé verið að brasa á mörgum stöðum. Ég vil eins og ég segi færa þetta meira niður í grasrótina eins og ég sé þetta fyrir mér að virkja betur björgunarsveitir, ungmennafélög og þessi frjálssu félagasamtök að þau geti tekið að sér ákveðin verkefni og fengið kannski einhvern aur til þess og skilað þeim og gert grein fyrir því. T.d. við erum að fara með unglunga í útivist í nokkra daga o.s.frv.

Samstarf er auðvitað mun auðveldara og nánara í litlu samfélagi eins og hér, þar sem flestir þekkjast persónulega. Þetta er það sem skortir á landsvísu og í Reykjavík, þar sem stundum er rígur milli stofnana og hagsmunir látnir rækast á á kostnað verkefnisins.

Það hefði kannski mátt ná til þeirra sem ekki eiga börn á þessum aldri og ungs fólks sem er ekki farið að eignast börn og kannski mátt finna þennan normal Íslending sem er ekki búinn að eiga börn en er kominn á fullorðinsár.

Í samstarfi er ég að horfa til hverfastarfs. Það hefur verið töluvert gert af því en mætti efla það enn frekar.

Það hefur ekki tekist að virkja breiðan hóp. Nú er ég ekki alveg búin að setja niður fyrir mig hópana sem ég hefði viljað sjá þarna og vantaði. Ég svaraði „nei“ vegna þess að hóparnir eru ekki alveg meðvitaðir um allt sem er að gerast.

Svo þegar ég fór að vinna meira að þessu þá sá ég að þetta var svolítið hver höndin upp á móti annarri og allir höfðu sínar privat skoðanir og jafnvel á móti aðferðum hinna og alls konar rígur í gangi.

Ég held að framhaldsskólarnir hafi sennilega verið virkari en grunnskólarnir. Það vantar voðalega mikið fyrir 8. bekk og 10. bekk. Marita hefur verið mikið í 9. bekk og það er ábyggilega eitthvað samstarf þar. Það vantar ennþá alla vega fræðslu til barna. Það er nóg til fyrir foreldrana en það vantar þarna. Það er spurning hvernig að þessu eigi að vera staðið. Marita er að gera góða hluti held ég.

Ég vann sem lögreglumaður til margra ára en er nýkomin hingað inn á skrifstofuna. Ég vann við forvarnir og hef verið þarna úti og finnst vanta þak eins og Áfengis- og vímuvarnarráð, en vantar samt breiðara þak, sem að mundi þá vera virkt breitt þak og *Ísland án eiturlyfja* var breitt þak, en samt vantaði fastan kjarna.

Hið eina sem honum fannst að er að hann hafi átt að gefa, en ekki fengið mikið til baka, eins og t.d. ársskýrslur og hvað er að gerast í hinum og þessum verkefnum. Og það er eitt af því sem honum hefur fundist mega vera betra.

Manni dettur til dæmis í hug bara núna hvort að það sem að heitir *Ísland án eiturlyfja* heyrir ekki bara undir Áfengis- og vímuvarnarráð. Hvort það sé ekki eðlilegt að Áfengis- og vímuvarnarráð, náttúrulega í samstarfi við alla þessa aðila sem að *Ísland án eiturlyfja* er, ýti á þetta og haldi áfram með það sem að ástæða þykir til að halda áfram með. Enda hefur Áfengis- og vímuvarnarráð verið með ákveðna forystu í sumum af þessum verkefnum sem tíunduð eru á sviði Íslands án eiturlyfja.

Ég á erfitt með að skilgreina hvað er í rauninni uppspretta *Ísland án eiturlyfja*. Á erfitt með að átta mig á því hvort að t.d. þessir hverfishópar sem Snjólaug hefur verið að ýta undir hvort að það sé ákvörðun frá borginni í heild sinni eða komið út frá þessu verkefni.

Menn hafa kannski of mikið að gera og geta ekki fylgt málum nógu vel eftir. Það vantar alltaf eftirfylgni. Erum dugleg að fara af stað með eitthvað en eftirfylgnin er ekki góð.

Við rekum félagsmiðstöðvar mikið í skólum okkar, árangurinn hefur ekki verið sýnilegur í skólunum sem byggingum, en það hefur kannski náð inn í skólastarfið. Samt er það reynsla mín að skólarnir eru misjafnir, sumir eru með í öllu aðrir eru bara fastir á bókinni. Þetta er efni sem passar ekki inn í alla hluta skólakerfisins. Ég þekki þetta ekki nógu vel til að treysta mér til að svara þessu alveg.

Ég held að það sé ekki spurningin að fá breiðari samstöðu með þetta. Spurningin er bara hvernig vinnum við svona verkefni þannig að það beri árangur? Það er stóra spurningin. Það þarf að fara með þetta niður í grasrótina. Það er erfitt að svara þessari spurningu vegna þess að það eru svo rosalega margir, ekki bara *Ísland án eiturlyfja* verkefnið sem slíkt. Kannski var það ákveðið batterí og svo gátu allir hinir gert betur en þetta tekur aldrei enda, þess vegna er slagorðið náttúrulega ekki gáfulegt í fyrsta lagi.

Þetta eru svo mörg samtök sem eru að atast í þessum málaflokki og ég geri ekkert upp á milli þeirra. Þarna er fólk sem að ætti í raun ekki að koma nálægt þessu, er frekar bara að taka fjármagn til sín frekar en að vinna eitthvert markvisst starf. Það er alltaf svona þegar að það fer stórt og dýrt verkefni af stað og peninga er von að þá gerist það. Sjálfsagt má gera þetta markvissara eins og öll önnur verkefni sem að farið er í.

Þeim hefur tekist að sameina þá sem láta sig þetta mestu máli skipta á forvarnar-sviðinu og ég verð eiginlega að takmarka það bara við það. Svo getum við haft mat á því hvort að fólk var að ganga í takt þar. Þeim tókst að ná nokkrum takti en það voru náttúrulega ekkert allir inni. Ég saknaði einskis sérstaklega en það bara spretta alltaf upp einhverjir og ég er orðin mjög gagnrýnin út í fagforvarnarfólk.

Mitt starf er mest með foreldrum. Ég ætla ekkert að fara dult með það að ég held að forvarnarverkefnið sem *Heimili og skóli* eru með, *Foreldrasamningurinn*, sé það sem mestu máli skiptir. Ég ætla bara að segja það hreint út. Vegna þess að ég hef verið að spyrja fólk í kringum mig og bara út frá umræðunni á hæðinni hjá okkur þar sem eru ýmis samtök. Ég hef spurt: „hvað með *Ísland án eiturlyfja*, hvað hafa þeir verið að gera? ” Þá segja menn „ekki neitt svo ég viti. ” Þá segi ég: „en bíddu það er ekki allt undir þeirra merkjum. Hvað með einstök verkefni sem þessi og hinn hafa verið að gera? ” Það virðist sem að þetta nái ekki þeirri athygli sem það þyrfti að gera og ég kenni ekki verkefnisstjórninni um heldur hversu mikið þarf til í nútímasamfélagi til að vekja athygli með öllu því áreiti sem að er.

Við hjá Heimili og skóla höfum meiri trú á því sem heitir foreldrar, en þú þarft að höfða til þeirra á þeirra vettvangi og þeir þurfa að finna að þeir eru ekki einir heldur eru aðrir að vinna með þeim á hverjum stað. Þegar það er áróður, hvort sem það er aftan á strætó eða hvar sem er, að þá fá þeir ekki þessa kennd. Það er svo langt í burtu. Þeir segja, heyrðu ég get reynt að gæta að mínu barni en bíddu hvað eru aðrir að gera og þá er það þessi hópprýstingur unglínganna og eitthvað svoléiðis. Svo líka ef þú ert ekki komin inn á gafl hjá þeim þar sem aðgangseyririnn er í raun barnið þeirra, að þá taka þeir bara ekki oft til sín ákveðnar aðvaranir um hættuna.

Mér finnst það takmark að sameina krafta þjóðarinnar ekki hafa tekist nógu vel. Í því sambandi vil ég nefna að nú á verkefnið að vera út um allt land en við hér á Vestfjörðum höfum t.d. lítið orðið vör við verkefnið nema í gegnum auglýsingar. Við höfum fengið að nýta okkur þær auglýsingar sem hafa verið búnar til og það er þakkarvert í okkar miðlum hér á svæðinu. Hins vegar veit ég bara um tvær ráðstefnur á öllu þessu tímabili þar sem *Ísland án eiturlyfja* hefur komið hingað og haldið ráðstefnur í samvinnu við heimafólk. Það var annars vegar ráðstefnan *Á réttir leið* sem var haldin fyrir nokkrum árum þegar frú Guðrún Katrín forsetafrú tók þátt í henni og var verndari hennar. Síðan kom *Ísland án eiturlyfja* aftur síðasta vor með Áfengis- og vímuvarnarráði og fulltrúa frá *Rannsókn & greiningu* og stóð fyrir ráðstefnu. Að öðru leyti hefur verkefnið ekki mikið verið að tengja sig við heimafólk. Reyndar er ráðstefna núna 1. mars þar sem á að gera upp þetta verkefni. Og í lok desember óskaði verkefnið eftir tveimur fulltrúum héðan til að taka þátt í vinnuhópi með öðrum

af landinu til að undirbúa þessa ráðstefnu. En þetta er í lok verkefnisins þannig að ég verð að segja að mér finnst þetta verkefni ekki hafa tengt sig nægjanlega vel út á akurinn, verið að vinna meira uppi í turni því miður. Það hefði mátt fá fleiri um allt land í þetta verkefni.

Það er líka annað sem kom mér á óvart og mér hefur ekki alveg fallið og það er samkeppnin innan þessa geira. Þessi geiri er svo mikið fóðraður á styrkjum og það er endalaust verið að eyða púðri í að sækja um styrki og sækja um þetta og sækja um hitt og það er eins og allir séu að pukra hver í sínu horni að reyna að passa upp á að þú sjáir ekki hvað ég er að gera svo þú verðir ekki á undan mér að sækja um styrkinn. Og þá getur það líka þýtt það að við séum báðar að vinna að því sama og stöndum svo frammi fyrir því að við erum báðar að sækja um sama styrkinn og erum búnar að eyða heilmiklu púðri í þetta. Þetta held ég að standi þessum geira fyrir þrifum að þetta gengur allt út á það að styrkja og betla. En á meðan að ég gæti verið með verkefni sem hefði tryggt fjárhag á bak við í ákveðinn tíma þá gæti ég einbeitt mér að verkefninu. Þá þarf ég heldur ekki að vera hrædd við hvað hinir eru að gera, hvort þeir ætli að troða skóinn af mínum fæti og þar fram eftir götunum, eins og mér sýnist fólk vera að gera í dag. Ég kem ný inn í þetta þar sem ég hef ekki verið hér nema síðan í ágúst. Fer að sjá þetta í nýju ljósi og sé hluti sem mér bregður við. Mér finnst vera óeðlileg samkeppni um þessa styrki. Ég hefði viljað sjá þetta starf á færri höndum en styrkari.

Mér finnst það ekki hafa náðst að sameina krafta, þetta nær ekki til þessarar venjulegu manneskju. Og ég veit það að þegar ég stend fyrir framan foreldra á þessum fundum sem ég er að fara á að ef maður spyr þá hreint út hvert þeir myndu leita í dag ef það yrði hringt í þá og þeim sagt að barnið þeirra væri í neyslu. Þá horfir fólk á mann og yptir öxlum og svarar því að það viti það ekki og spyr hvað það eigi að gera. Og það er einmitt einn hluti í þessum samningi hjá okkur að ef þú sérð barn einhvers neyta áfengis eða annarra vímuefna þá lætur þú foreldrana vita. Fólk vill ekki láta annað fólk vita því það tekur því illa. Fólk tekur svona fréttum vitanlega illa því þetta er gríðalegt áfall að fá svona fréttir og líka að það veit ekki hvað það á að gera. Þarna vantar í raun og veru að búa til þetta ferli og að öllum sé þetta ferli ljóst.

Það hefur samt alltaf borið keim af þessari samkeppni. Hvað get ég náð í mikinn pening og hvað getur þú náð í mikinn pening. Mér finnst þetta óþægilegt og ekki verða sömu heilindin í samstarfinu eins og það yrði ef fólk hefði fastan grunn til að vinna á. Það er mikið af þessu fólk sem er töluvert frjótt og langar til að sjá hlutina gerast.

Það má segja að þeir fulltrúar, sem maður hefði kannski viljað sjá þarna inni, væri kannski fulltrúi frá unga fólkinu sjálfu. Maður hefur ekki séð unglíngana mæta þarna og sitja eða spjalla og líka hvaða tánínga mundi maður vilja sjá þarna. Væru það þeir sem hefðu lent í vanda, þeir sem væru til fyrirmyndar eða bara þessi venjulegi krakki sem spáir ekki einu sinni í þetta eða blanda af þeim öllum? Og svo er annað sem verður að taka inn í dæmið að þar yrði ofsalega mikil mannaskipting vegna þess að þau eru svo stuttan tíma á þessum aldri.

Það er bara spurning hvort það sé ekki of mikið af alls konar verkefnum sem menn taka þátt í. Ef að ég ætti að fara að tíunda mín afskipti og tengsl við *Ísland án eiturlýfja* þá þyrfti maður að fara að telja upp fjölda atriða þar sem maður tekur þátt í þessum samstarfshópi, þessu verkefni og nefnd um eitt verkefni til viðbótar og svo kemur maður að þessu á fjöldamargan hátt á svo mörgum stöðum. Samstarfið í t.d. hópum, nefndum sem hafa verið að vinna á ýmsum sviðum hefur virkað þrýðilega. Þetta hefur gjarnan verið fólk sem hefur áhuga á þessu sviði sem verið er að fjalla um. Hins vegar hefur maður orðið var við það að menn eru að gera þetta ansi mikið á hlaupum. Menn mæta á fund og hafa varla tíma til að vera þarna vegna þess að þeir þurfa að mæta á annan fund til að taka þátt í vinnu í öðrum hóp eða bara sinna sínu starfi o.sv.frv. Þetta er bara svo mikið vegna þess að um allt þjóðfélagið er allt morandi í hópum, félögum ýmis konar, sem að eru að vinna að forvörnum, öllu

mögulegu, út um allt, á alls konar sviðum. Maður hefur ekki einu sinni yfirsýn yfir allt saman. Það er alltaf stór spurning um hvað á að vera mikið af verkefnum.

Hópurinn *Náum áttum*, sem upphaflega byrjaði sem ráðstefna, er í fullum gangi og heldur reglulega morgunverðarfundum þar sem er fjallað um ýmis gagnleg málefni og menn koma saman og heyra upplýsingar um eitthvað sem er í gangi og miðla upplýsingum þannig að þetta er auðvitað gagnlegt. Það er samt alltaf spurning hvort þetta eigi að vera á mörgum sviðum, í mörgum hópum og víða eða hvort ætti að samræma þetta meira.

2.3. Samstarf við einstaka stofnanir og félagasamtök

Hér er tekið saman það sem viðmælendur sögðu um samstarf og aðkomu einstaka stofnana og félagasamtaka að verkefni *Ísland án eiturlyfja*. Byrjað verður með frásögn eins viðmælenda um breytingu á samstarfi ýmissa fagaðila í Reykjavík vegna áhrifa frá verkefni *Ísland án eiturlyfja*. Viðmælandi gaf góðfúslega leyfi til þess að frásögnin yrði birt án breytinga.

Ég var svo stolt héra fyrir 2 árum síðan eftir aðgerðir eftir samræmd próf. Þá hef ég alltaf verið með mat héra niðri í kjallara kl. 7. Við höfum þá verið að vinna síðan um hádegi að leita að unglingum og stoppa drykkju og vesen. Svo kl. 7 að þá mættu héra 50, 60, 70 manns til að fá sér í gogginn áður en þau færu aftur út að leita að unglingum og þá sá ég bara allt í einu ekki bara löggurnar sitja á einu borði og félagsráðgjafana á einu borði og mitt fólk á einu borði eins og var árið áður. Nú sátum við öll eftir hverfum. Nú sat bara starfsmaður minn í Breiðholti og talaði við Ívar löggum af því að hann er löggan mín og minn félagsráðgjafi. Ég var eitthvað svo stolt og mér fannst þetta svo æðislegt. Þarna var bara búíð að blanda þessu fólk. Þetta tók nokkur ár. Ég hef líka bara talað mikið um þetta við þau vegna þess að ég var líka svo stolt af Lögreglunni því við vorum búin að gagnrýna þau svo rosalega árinu áður og þá var aðstaðan sú að þeir þorðu ekki að gera neitt við einhverja aumingjans 100, 200 unglinga niðri í bæ. Þá allt í einu sá ég bara einhverja breytingu og á þessu vana-level sem mér fannst svo mikilvægt. Þannig að ég held áfram að kaupa héra kinnverskan mat eftir samræmd próf til að halda þessu við. Þetta er svo rosalega flott af því að við vorum virkilega að vinna mörg vígi gegn sumum lögreglumönnum því þeim fannst þetta svo ómerkilegt áður. Þeir eru að glíma náttúrulega við svo rosaleg vandamál að þeim finnst þetta að elta einhver unglingshræ og koma þeim heim. Þeir sáu ekki alveg tilganginn. Þeir sáu ekki alveg forvarnargildið í því. Þarna kom m.a. einn af hatrömmustu varðstjórunum og borðaði með okkur og varð ég mjög ánægð með það. Ég hef boðið nágrannasveitarfélögunum líka að koma. Ég held þessu áfram. Þetta er peninganna virði að standa í þessu.

Skólar.

Ég sakna þess að sjá skólana ekki meira í þessu, sé flest af þessu fagfólki sem er í þessum stuðningshópum en finnst mjög mikil synd að skólarnir séu ekki meiri inn í þessu og koma virkir inn í verkefnið. Ég hef ekki séð það og held að það væri góð leið fyrir foreldrana.

Ég verð að segja að ég er ekkert ánægð með t.d. Fræðslumiðstöðina í fíknivörnum. Mér finnst það afar lítið spennandi það sem er að gerast hjá þeim en af því að mér finnst það vera eitthvert apparat sem á að vera að koma miklu meiru í verk.

Það eru ákveðnir aðilar sem standa uppi úr og mæta alltaf en mér finnst vanta að skólarnir og leikskólar hafi mætt. Ein skýring sem maður hefur fengið er að kennarar eru ekki að fá kaup fyrir þetta og þurfa þá að gera þetta í sínum frítíma.

Í það heila hafa skólarnir verið mjög jákvæðir.

Ég þekki nú kannski of lítið til skólanna og það er auðvelt að dæma aðra þegar maður stendur fyrir utan en maður veit nú ekki hvað er að gerast innan veggja skólanna. Það getur verið ýmislegt í gangi þar án þess að ég viti það.

Skólarnir hljóta líka að spila stórt hlutverk í þessum málum því þeir hafa besta aðgengið að unga fólkinu, því félagsmiðstöðvar eða íþróttafélögin þar ræður þú hvort þú kemur eða ekki. Maður bindur vonir við þessa auknu lífsleikni sem er komin inn í námsskrána þar.

Mér finnst að það eigi svona frekar að vinnast á heimaslóðum í nánasta umhverfinu. Það eru alveg trilljón verkefni sem eru skemmtileg að vinna. Skólarnir eru bara hálfvafatlaðir í svona vinnu sem er ekki beint að fylgja einhverri námsskrá eða einhverjum bókum. Ég veit eiginlega ekki hvar ætti að byrja - heilapvo skólastjórana þannig að þeir hleypi þessu inn eða hvort það þyrfti að fara inn í menntunina í Kennaraskólanum, hvort það þyrfti að byrja þar.

Svo vinnum við svo mikið inn í skólunum, við erum oft í einhverjum leiðindamálum sérstaklega gagnvart því hver ræður húsnæðinu. Hver á hvað? Hver er kóngur í hvaða ríki? Þetta verður svolítið svona í öllum stofnunum og samtökum. Hvað ætlar þessi að fara að segja mér fyrir verkum og valta yfir mig? En það kemur. Maður sér árangur á milli ára. Svo bíður maður bara eftir því að sumir skólastjórar fari á eftirlaun. Það er nú ekki flóknara en það.

Hins vegar verður nú að segjast eins og er með skólana að Fræðslumiðstöðin er alltaf boðuð með. Þeir bara mæta ekki og sinna þessu ekki neitt. Ég hef verið að stýra þessu eftir samræmdu prófin og það að reyna að fá einhvern þó að það sé ekki nema einfaldlega að skrifa bréf og biðja skólastjóra um að vera jákvæðir gagnvart þessu. Mér finnst vera við þá að sakast en ekki hana Hildi, eða að þeir hafi ekki verið boðaðir. Þeir hafa bara ekki áhuga á þessu og þeir fylgja bara grunnskólalögum.

Skólarnir mættu vera virkari en þar erum við líka að tala um að það er einfaldlega tíma- og peningaskortur sem að háir miklu. Fólk er í fullri vinnu í skólanum og ef að það á að koma inn í svona starf þá vantar hreinlega tíma og peninga og það er ekki hægt að ætlast til þess að kennarar og aðrir fari að vinna þetta allt í sjálfboðavinnu. Menn þurfa að hafa mikinn áhuga til að gera það í mjög miklum mæli en mér finnst að skólarnir ættu að koma meira inn í þetta.

Mér finnst skólarnir ekki vera nógu virkir. Þeim finnst mjög erfitt að höndla þetta. Það vantar einhvern leiðandi aðila inn í hvern skóla sem gerir þetta að sínu og draga hina með sér. Það þarf verkstjórn. Það þarf að gera þetta einhvern veginn þannig að þetta litist af skólameningunni. Það er einn og einn skóli sem skarar fram úr hvað þetta varðar og það er af því þar eru aðilar þar á bak við sem draga vagninn.

Ég held að framhaldsskólarnir hafi verið virkari en grunnskólarnir. Það vantar mikið fyrir 8. bekk og 10. bekk. Marita hefur verið mikið í 9. bekk og það er ábyggilega eitthvað samstarf þar. Það vantar ennþá alla vega fræðslu til barnanna.

Skólarnir finnst mér yfirleitt vera passívir og þegar við höfum varpað þessum bolta til skólastjóra að fá okkur inn í skólana þá er engin svörun eiginlega. Þannig að það eru forsvarsmenn foreldra í hverjum skóla sem eiga yfirleitt frumkvæðið. Ég er ekki að lasta skólana en þeir spyrja oft: „er þetta okkar hlutverk?“ Ég hef ekki fundið neinar betri leiðir.

Við rekum félagsmiðstövar mikið í skólum okkar, árangurinn hefur ekki verið sýnilegur í skólunum sem byggingum, en hann hefur kannski náð inn í skólastarfið. Samt er það reynsla mín að skólarnir eru misjafnir, sumir eru með í öllu aðrir eru bara fastir á bókinni. Þetta er efni sem passar ekki inn í alla hluta skólakerfisins.

Skólarnir voru mjög mikið með hérna en það má gera þetta bara árvisst inni í skólunum. Þar er náttúrulega lykillinn að koma þessu beint til krakkanna en ekki í

formi þessara jakkafatagæja að lesa yfir þeim heldur að það sé gert eitthvað þannig að krakkarnir geti tekið þátt í að móta forvarnarstarfið. Við höfum gert það þannig hér og þar með er félagsmiðstöðin orðin lykiltríði í því og líka íþróttamiðstöðin. Ég gæti örugglega talið upp 15 aðila sem að standa nær krakkanum en maður áttar sig ekki á eins og afgreiðslufólkið í verslunum og skólaláttjórar, gangaverðir og félagar. Það er endalaust hægt að vinna í þessum málaflökki.

Það er búið að setja *lífsleikni* sem skyldu inn í námsefni hjá skólunum, en það er ekki búið að búa til námsefnið sem slíkt. Þetta virðist vera handahófskennt og sums staðar er þessu alveg sleppt og sums staðar eru kennarar að leggja eitthvað til frá eigin brjósti og annað slíkt. Þarna er ákveðinn tímafjöldi á ári sem er ætlaður í þetta námsefni og þarna vil ég meina að við eigum greiða leið að fara í forvarnir bæði í sambandi við vímuefnaneyslu og í sambandi við siðferði kynlífs, sem er ekki síður alvarlegt mál í þjóðfélaginu í dag. Ég vil meina það að þarna liggi alveg opið fyrir okkur þetta tækifæri, að nýta þetta á þennan máta.

Mér finnst það vannaþýtt þegar skólarnir svolítið tynast. Mér finnst að hægt hefði verið að nýta skólana betur, t.d. varðandi *lífsleikni*, leggja meiri áherslu á að taka skólana meira inn. Í þeim skólum sem ég hef verið að vinna er fólk lítið meðvitað um þessa fundi og jafnvel kennararnir líka.

Ég finn að það er áhyggjuefni hjá fólki ef barn er komið út í neyslu, hvað gerist þá? Hvert á að leita hvað á að gera, hvað er hægt að gera? T.d. hringdi til mín manneskja sem sagði að skólinn hafi haft samband við sig 4 mánuðum eftir að strákurinn hennar er tekinn við að reykja hass á skólalóðinni. Af hverju er skólinn að geyma þessar upplýsingar spyr hún sig, af hverju var ég ekki látin vita fyrr, hvað á ég nú að gera? Hvernig veit ég hvort hann er í neyslu núna? Við bendum henni þá á að senda inn þvagprufu. Þarna sjáum við vanmátt hjá foreldrum (erfitt að fá stóran strák til að afhenda þvagprufu!) og vanþekkingu og því vil ég sjá meiri og markvissari fræðslu beint til foreldra, hún er handahófskennd í dag. Lögreglan og fleiri hafa staðið sig vel en þessi fræðsla er ekki markviss og ekki víst að allir sem þurfa séu með.

Félagsmiðstöðvar.

Því meira sem ég hugsa um félagsmiðstöðvarnar að þá eru þær náttúrulega mjög virkar í þessu öllu starfi í hverfunum. Ég er ekkert svo viss um að ef þú myndir spyrja einhvern starfsmann eða verkefnisstjóra hvernig hann sér *Ísland án eiturlyfja* inni í því, ég er ekkert viss um að þau túlki það þannig. Þau myndu frekar tengja það við hverfasamstarfið en maður persónugerir líka vegna þess að Snjólaug hefur verið sýnileg á báðum vígstöðvum. Hún er búin að ýta rosalega mörgum verkefnum úr vör með peningastyrkjum.

Ég held að það mætti styrkja betur félagsmiðstöðvarnar. Það vantar svolítið að stelpur sæki þangað inn og þær eru eitthvað svona óvirkar og það er dálítill svo na vandi og þarna hefði mátt nýta betur félagsmiðstöðvarnar og hafa þær opnar á laugardagskvöldum eða um helgar. Það er ekki. Þær eru opnar á föstudagskvöldum.

Félagsmiðstöðvarnar hafa komið þó nokkuð mikið inn í þetta og almennt í forvarnarstarfi eru þær þó nokkuð virkar. Starf félagsmiðstöðvanna er jákvætt almennt og þær gera ansi mikið og taka þátt í forvarnarstarfi á mörgum sviðum.

Félagsmiðstöðvarnar eru með margt duglegt fólk, en það þarf að styðja meira við það, menn brenna mikið út í þessu starfi, það vantar bakland til að halda þeim. Ég myndi vilja sjá betri fódoringu á það fólk. Þeir hafa mjög gott aðgengi að unglingum. Þar eru margir lykilmenn góðir sem má fara betur með.

Það er t.d. eitt sem ég heyri foreldra kvarta yfir og það er með félagsmiðstöðvar ÍTR, þar er ekkert gert ráð fyrir foreldrum. Þannig að barnið manns fer í einhvers konar einskismannsland þar sem að ég má ekki koma og þarna á eitthvað að vera sem er ofboðslega skemmtilegt og í lagi. Ég sem foreldri á ekki að vera þarna og ekki vita dagskrána heldur einhver sem á að vera minn staðgengill, sem að oftast eru mjög

ungir krakkar og það eru mjög ör skipti þarna á fólki. Foreldrar þurfa og eiga að eiga greiða leið inn á þessa staði. En svo heyrir ég á sumum að þeim finnst að krakkarnir verði að hafa einhvern stað fyrir sig og að þau verði að fá frið fyrir okkur foreldrunum annað slagið. En það hlýtur að vera eitthvað fólk sem lítur á sjálf sig sem plágu. Okkar er ábyrgðin og við getum ekki borið ábyrgð á einhverju sem við vitum ekki hvað er. Ábyrgðin liggur hjá okkur foreldrunum þar til þessi börn eru orðin 18 ára gömul.

Félagsmiðstöðvarnar hafa verið mjög öflugar.

Ég held að félagsmiðstöðvar innan þessa ramma hafi ekki verið áberandi.

Félagsmiðstöðvarnar hafa verið með okkur, en það hefði mátt vera meira.

Reykjavíkurborg.

Mér finnst borgin hafa staðið sig einna best í þessu þar með talið félagsmiðstöðvar.

Borgin hefur staðið sig nokkuð vel. Ég held að það sé ekki hægt að segja annað. Þegar borgin er með manneskju eins og Snjólaugu í þessu, hún er slíkur einstakur dugnaðarforkur og getur verið í mörgu, þá er ekki hægt annað en að reikna með að borgin komi tiltölulega vel út í þessu. Þá held ég að Snjólaug eigi stóran hluta af þeim heiðri. Það hefði kannski lítið allt öðruvísi út ef að hún hefði ekki verið þarna.

Mér finnst borgin hafa staðið sig. Svo getum við spurt um fleiri. Borgin er áberandi fyrir það að verkefnisstjórnin heyrir þar undir. Svo spyr ég ef ég væri foreldri úti í bæ sæi ég það þá nokkuð? Ég er ekkert svo viss um að foreldrar almennt sjái það. Ég er ekki viss um að þau skynji það.

Ég vona að við höfum verið að gera eitthvað nýtt. Við höldum að það skipti miklu máli í svona hverfi að þjappa íbúum saman og að þeir séu meðvitaðir um hverfið sitt og það sé mjög erfitt að fara að berjast gegn eiturlyfjum ef fólk upplifir sig ekki sem hluta af samfélagi. Við höfum verið að vinna að því að þjappa fólki saman. Það gengur misjafnlega eftir hverfum. Borgin vinnur svolítið á móti okkur, það átti að skapa eitt hverfi og við unnum hörðum höndum að því að gera þetta að einu hverfi og setja einhverjar virkar forvarnir í gang. En svo á miðju tímabili ákvað borgin að skipta um hverfaskiptingu sem gekk þvert á hitt skipulagið og einn skóli datt út. Þetta er öðruvísi í Vesturbænum, þar sem Vesturbæingar eru með það nokkuð á hreinu hvað er að vera Vesturbæingur. Það er ekki þannig í austurhlutanum, þar er ekkert íþróttafélag það vantar allar miðjur í það hverfi. Breiðholt afmarkar sig vel, Grafarvogur og Árbær líka. Ég held þeir hljóti samt að vera í svolítili kreppu þarna við Sundin, því það er frekar stórt en þá eru það íþróttafélögin sem afmarka það. Það er erfiðara að vinna í hverfi sem er ekki afmarkað.

Ekkert samstarf hefur verið á landsvísu. Samstarfsaðilar hafa verið mjög miskvirkir. Ég er í einum hópi, sem var að vísu til áður en Saf-nefndin varð til, og fór að styðja þetta hverfasamstarf, sá hópur virkar best. Það var ákveðið fyrirkomulag sem við vorum með, við skiptumst á að halda fundi og sá sem hélt fundinn boðaði til fundarins þannig að ábyrgðin dreifðist og það finnst mér hafa virkað mjög vel.

Svo höfum við líka verið að búa til upplýsingar fyrir fólk af erlendum uppruna og erum að láta þýða fyrir okkur upplýsingar fyrir börn og foreldra hvert þau geti leitað, á víetnömsku, albönsku, rússnesku og ensku og smá pistil eftir Vilhjálm Árnason útdrátt úr erindi sem hann hélt á málþingi um siðferði og uppeldi og ætlum að láta setja þetta á tölvutækt form í skólana sem svo er hægt að prenta út. Við höfum unnið þetta með styrk frá *SAF-nefndinni* sem tengist *Ísland án eiturlyfja*, að ég held. Þessi hópur í gamla austurbænum varð í raun til þegar var farið að leggja áherslu á þetta hverfasamstarf. Svo eru aðrið hópar eins og *Betri borg* sem er miðbærinn og vesturbæjarhópurinn var stofnaður vegna þrýstings frá *SAF-nefndinni* um hverfasamstarf.

Reykjavíkurborg hefur tengst þessu vel og Snjólaug sem verkefnastjóri þar. Það hefur þannig séð alltaf verið ljóst, en samt sem áður hefur þetta í raun verið landsverkefni. Maður hefur ekki séð þetta öðruvísi þó maður hafi séð hlutverk Reykjavíkurborgar í þessu. Reykjavíkurborg hefur vistað verkefnið og þeim hefur farist það vel úr hendi. Það hefur aldrei verið neinn iðnaðarráðuneytisstill á þessu.

Ég var studdur af ráðum og dáðum bæði af Reykjavíkurborg og líka frá hendi þeirra aðila sem hafa verið að vinna að Íslandi án eiturlyfja. Þeir hafa komið að þessu máli þannig að bæði fékk ég hvatningu og líka peninga. Þetta fannst mér mjög jákvætt og skilaði sér vel. Og það hefur langvarandi áhrif.

Lögreglumál eru í ólestri og þar er borgin veik, en það er varla henni að kenna. Það sem þyrfti að gera væri að hafa grenndarlögreglu úti um allt. Það er það sem virkar og allir vita það en enginn vill borga fyrir það. Hef nú ekki fylgst nógu vel með því en ég hef heyrt af því að þeir hafi verið að gera góða hluti í Kópavogi.

Ríkið.

Ég hef verið mjög sáttur við framlag ríkisins til þessa verkefnis.

Kannski ef ég lít yfir listann hérna varðandi virkni hópa að þá fer maður fyrst að skoða ríkisvaldið sem ég myndi kannski vilja sjá að hefði sett meiri peninga í verkefnið.

Ég held nú að ríkið gæti gert mun betur. Það er bara spurning á hvaða hátt og hvaða aðilar ættu að gera það. Þetta starf þvælist kannski pínulítið á milli ráðuneyta líka. Ég held að það væri kannski ástæða til að Ríkið kæmi með meira fé og meira inn í þetta á skipulagðari hátt heldur en nú er. Þá er spurning hvort að Ríkið ætti að gera það einfaldlega þannig að efla t.d. Áfengis- og vímuvarnarráð og láta það sjá um verkefni á ýmsum sviðum. Það er ekkert gott að vera að dreifa þessu út og suður í ráðuneytum og stofnunum. Alla vega er gott að það sé einhver stofnun eða apparat sem að hefur ákveðna yfirsýn yfir allt sviðið, forvarnarsviðið. Þannig að það yrði skilvirkara.

Ríkið setur verulega í íþróttamálin loksins eftir að nýju íþróttalögin voru samþykkt. Mér vitanlega setur Ríkið ekki mikið í tómsundageirann. Þar sem að þetta verkefni þarf að vinnast. Ég held að það séu bara 0 kr. sem að Ríkið setur í tómsundamál þannig lagað en þar hefur tekist að virkja verkefni eins og hér. Þannig að við bara söknum Ríkisins í þessu máli, í grasrótina. Auðvitað lætur Ríkið inn í sjóði eins og Áfengis- og tóbaksvarnarráðið o.s.frv. þar sem menn deila litlum fjárhæðum, aðallega til sjálfs síns til að reka batteríð. Þannig fer nú lítið fyrir peningunum en 150-200.000 kr. sem að við höfum verið að fá í bein verkefni. Þetta munar öllu að fá eitthvað fjármagn inn.

Ríkið hefur ekki staðið sig, alls ekki. En þeir eru að reyna en nei, svo sannarlega ekki. Því miður.

Lögreglan.

Lögreglan hefur að mínu mati verið mjög virk í þessu verkefni miðað við þær forsendur sem henni voru gefnar en ég mundi ekki tengja þjónustustig lögreglunnar við þetta verkefni, það er allt annar handleggur og mun alvarlegra mál. En þar sem lögreglan kemur að verkefninu *Ísland án eiturlyfja* hef ég verið mjög sáttur við.

En svona ef ég dreg mig aðeins út úr mínu hlutverki þá hef ég verið mjög ánægður með hlut lögreglunnar sem hefur tekið mjög hart á fíkniefnainnflutningi og náð góðum árangri þar. Styrkur þessa verkefnis felst í því að allir þeir sem eru lykilaðilar koma saman og það er reynt að sjá til þess að menn styðji hver annan. Lögreglan tekur harðari aðgerðir. Við erum að reyna að vinna með viðhorf krakkanna, þ.e. neytendanna eða væntanlega neytenda þannig að þetta hjálpast allt að en eru ekki imbalausnir.

Lögreglan finnst mér hafa staðið sig vel og hún hefur líka almennt verið að færast mikið meira í þessa átt. Áður var eiginlega óhugsandi að félagsmálaráð og löggan ynnu saman. Lögreglan í Hafnarfirði og líka Ríkislögreglustjóri hafa staðið sig vel í þessum útivistaráttökum og öllu þessu sem lýtur að þessu sameiginlega umhverfi svo sem útivist og ölvun unglinga. Þar hefur lögreglan verið mjög virk og þeir eru náttúrulega á öllum þessum ísskápum út um allar jarðir. Foreldrasamtök eins og *Vímulaus æska* o.fl. blandast líka þessum málum um verslunarmannahelgar og útivistartíma. Þar hafa foreldrarinn komið mikið inn. Sérstaklega það sem maður þekkir úr sinni heimabyggð.

Lögreglan - Þeir hafa verið mjög virkir í þessu *Stöndum saman* verkefni og hafa tekið þátt í þessu með áróðri eða *Elskaðu börnin þín*, jákvætt og allt það. Líka í öllu þessu sem að við höfum verið að gera eftir samræmdu prófin að við höfum séð breytingu hjá lögreglunni og rosalega jákvæðar.

Það var mjög gott samstarf með lögreglu og foreldravaktinni. Lögreglan fer í skólana og félagsmiðstöðvarnar. Og það voru margir samráðsfundir. Það voru kallaðir saman 30 mikilvægir aðilar, með 2 fundi á ári, með grunnskóla, framhaldsskóla, foreldrafundi og alls konar.

Við höfum haft gott samstarf við lögreglu og foreldra.

Íþróttafélög.

Mér hefur fundist íþróttahreyfingin vera að vinna mjög þarft forvarnarstarf og vera mikilvægur þáttur í þessu, en þeir hefðu getað gert betur. Íþróttahreyfingin þarf að endurskoða sín forvarnarmál.

Ég tengist starfi ÍTR og veit að íþróttafélögin hafa verið mikið tengd í þessu.

Það er ákveðinn galli alltaf í samstarfi íþróttafélaganna. Það er alltaf peningatengt. Ég skil það svo sem alveg, þetta er svo mikið rekið á sjálfböðavinnu.

Ég veit kannski ekki mikið um það hvort íþróttafélögin hafi komið mikið inn í þetta. Hins vegar finnst mér að í okkar starfi og á þeim sviðum sem að ég þekki til mættu íþróttafélögin koma miklu meira inn í þetta. Manni finnst oft á tíðum að íþróttafélögin sem að ættu að vera og eru í sjálfu sér forvarnarapparat að því leyti að ef að menn stunda íþróttir þá er miklu minni hætta á að menn ánetjist fíkniefnum og slíku. En oft á tíðum finnst manni starfsemi íþróttafélaganna snúist of mikið um það að afla fjár fyrir starfsemi félaganna og mættu stundum vera vandfýsnari á það hvernig þau afla fjárins og mættu koma meira inn í þetta líka. Það er auðvitað erfitt að dæma íþróttafélögin vegna þess að við vitum að þetta er erfið barátta með reksturinn og það. Skátarnir mættu koma meira inn í þetta en það er auðvitað sama með þá að það er erfitt að vinna á mörgum sviðum og þeir þurfa auðvitað mikinn tíma og peninga til þess.

Mér finnst íþróttafélög ekkert hafa verið að gera. Ekki Kirkjan heldur, en sveitarfélögin eru að gera misgóða hluti. Sum þeirra eru áhugasöm og þar er verið að gera meira heldur en annars staðar. Ríkið er náttúrulega aðili að þessu. Mér finnst þeir ekki hafa verið sýnilegir heldur. Lögreglan hefur verið sýnileg og hún hefur aðallega verið sýnileg fyrir það, ég veit ekki hvort það sé undir þessum merkjum en þeir náttúrulega tengjast útivistarreglunum. Þar er merki lögreglunnar beinlínis inn á spjaldinu sem tengir. Svo hafa þeir verið í Reykjavík og víðar mjög natnir við samstarf við foreldra inni í skólunum sem gerir þá sýnilega og mér finnst það mjög jákvætt.

Íþróttafélögin á staðnum spila fríspil, það eru svolítil kóngalæti í þeim, þau vita allt best sjáf, það er erfitt að stjórna þeim. En það er þannig að það hljóp samkeppni í þetta og menn kröfsuðu til sín peninga sem hægt var og það voru margir smákóngar í forvarnarstörfum. Þetta var dekkri hliðin á því og það var eins gott að sortera það sem fór inn í skólana og ákveða hver fór hvar og hvað við keyptum og annað.

Ungmennafélagið hér er búið að taka öll svona vafasöm skilti niður á vellið hjá sér og í íþróttahúsinu. Það hafa nú önnur ungmennafélög ekki treyst sér til að gera sýnist mér í sjónvarpinu sem *Holstein* og *Beck's* blasi alveg við manni. Mér vitanlega eru nú vímuefnastefnur þar en kannski hefur aðalstjórnin í þeim félögum ekki náð að banna deildunum að vera með tvískinnunginn. Vð höfum reyndar náð því hérna.

Íþróttafélögin eru að segja eitt og gera annað. Það er verið að halda svallveislur eftir stóra sigra hvað eftir annað á sama tíma og menn eru að strika undir hollustu og heilbrigði og unglíngarnir vita ekki alveg hvað er rétt. Foreldrasamtökin, þar hafa verið tilburðir en ekki nægilega markvissir. Alls ekki. Og ef allir þessir hópar væru að fara sömu leiðina værum við að sjá mun meiri árangur. Það er þessi samræmingarvinna sem hefur ekki átt sér stað. Það þarf nánast heilagan anda til að fá menn til að horfa í sömu átt og gera eins. Það þarf einhverja manneskju sem fær menn til að halda höndum saman.

Íþróttafélögin eru alltaf að vinna að þessum málum, en það þarf að taka mjög fast á að þar sé allt í góðu lagi í þessum efnunum.

Foreldrar og foreldrafélög.

Miðað við hvernig staðan var áður hafa þau komið þokkalega út og eru þau að gera góða hluti (foreldrasamtök) en mættu gera miklu meira af þeim. Þetta snertir samhengi tíma og hvað þau vinna mikið og allt það. En það sem foreldrafélögin hafa gert er mjög jákvætt og það þarf að hvetja til meira.

Mér finnst ekki hafa náðst að fá inn nógu breiða hópa inn. Alls ekki. Ég hefði miklu meira viljað fá foreldra inn og virkja foreldraráð og félög meira. Það er erfitt að virkja fólk ég veit það en þeir sem hafa valist í þetta eru líklegir til að vilja leggja málinu lið. Það hefur ekki verið gert og ég hef gagnrýnt þetta.

Foreldrar eru lykillinn að þessu samstarfi. Alveg númer eitt, en oft á tíðum eru unglíngarnir með sín vandamál og þá eru foreldrarnir númer fjögur á listanum. Þess vegna þurfum við að vinna í málum, það er ekki bara hægt að láta foreldrana beint í þetta. Þetta er flókið samspil.

Okkur finnst við núna vera að takast að vekja foreldra til vitundar. Kannski er þetta svo lengi að síast inn hjá fólki. Það er foreldrafélag við grunnskólann og það er mjög mikið í boði fyrir börn og unglínga. En það hefur ekki gengið foreldrarölt eða annað slíkt, því miður. Það er þörf á því. Á þessum fundum til dæmis þá talar maður bara beint út við fólk í 8. bekk og foreldrar voru mjög ánægðir með þann fund, það er einn besti fundur sem ég hef setið. Þá er maður sterkari sjálfur, maður veit að maður er ekki að segja neina vitleysu, maður getur vitnað í sérfræðinga og stutt sitt mál. Já, þetta skilar sér þarna frá Íslandi án eiturlýfja. Ég hef fengið hugmyndir í samstarfinu. Við erum bara öll með opin augun og sækjum um aðstoð sem við höldum að geti hjálpað okkur.

Ég finn fyrir því að foreldrar eru alveg gríðarlega sterkt og vakandi afl sem vill taka þátt, og ég tel að þeir séu mjög vanmetið afl. Það er kominn tími til að við vörpum ábyrgðinni þangað sem hún á að vera, foreldrarnir eiga börnin. Foreldrar hafa á tilfinningunni að þeir hafi ekki leyfi til að koma í skólann, til að tala við kennarann, að hafa áhrif á skólastjórnann eða eitthvað slíkt. Þeir virðast ekki gera sér grein fyrir að börnin þeirra eru búin að vera á einhverjum stofnunum síðan þau voru 12 mánaða gömul, að það eru þeir sem eiga barnið og þeir eigi að kvarta við stofnunina ef stofnunin er ekki að standa sig. Þeir eiga að hringja í skólann ef barninu líður illa en ekki bíða eftir að skólinn hringi og segi þeim það. Ég vil gefa foreldrunum miklu meira vald.

Ég tel að sú fræðsla sem foreldrar fá augliti til auglitis sé sú besta. Bæklingar og annað slíkt skilar ekki sama árangri. Foreldrar eiga að mæta í skólana þar sem börnin þeirra eru og er ekkert að því að halda sameiginlegt námskeið fyrir foreldra og unglínga. Þá hefur þetta fólk eitthvað að tala um þegar það labbar út. Og ég held að

foreldrar mundi fagna þessu. Mér heyrir það á þeim foreldrum sem maður hefur hitt. Annað sem kemur foreldrum á óvart þegar þeir hittast er hvað aðrir hafi lík áhugamál og hvað allir eru í raun miklir samherjar. Það er það sem *Foreldrasamningurinn* gerir hann gefur þessu fólki tækifæri til að vera samherjar.

Það er engin spurning að við sem erum að vinna á þessu forvarnarsviði viljum mjög gjarnan að foreldrasamtökin í grunnskólunum væru miklu öflugri og þar væri meira starf og meiri kraftur. Þau gera heilmikið gott. Forystumenn í foreldrasamtökum koma heilmikið inn í þetta starf. Það er engin spurning. Þau gera góða hluti en það væri afskaplega æskilegt að foreldrasamtökin, foreldrafélögin og samtök almennt væru mikið öflugri. Og þegar ég segi miklu öflugri þá er ég fyrst og fremst að horfa til grunnskólans. Maður hefur lítið orðið var við foreldrasamtök í framhaldsskólum. Ég held það sé nú verið að byggja þau upp og efla þau núna en það er afskaplega þýðingarmikið að við fáum inn í hvers konar forvarnarstarf öflug foreldrafélög og foreldrasamtök. Bæði á einstökum svæðum þ.e.a.s. svæði þessara skóla og síðan í þjóðfélaginu yfirleitt, því að þar erum við með fulltrúa stórs hluta þjóðarinnar og við erum þar með fulltrúa ungdómsins sem er að vaxa upp og taka við, þá sem eiga að vera að ala ungdóminn upp og hafa áhrif á hann til góðra hluta. Foreldrarnir eru svo gífurlega þýðingarmikill hluti þjóðarinnar. Það að geta hafa áhrif á foreldrana eins og búið er að vera að gera t.d. með útivistartíma, áfengis kaup o.s.frv. Það er mikið af duglegu fólki í foreldrafélagunum og samtökunum og öllu því. Alveg hellingur en það verður alltaf að það er ákveðinn lítil hópur sem að er dugnaðarfólk sem að drífur félögin áfram en svo vantar kannski áfram þessa almennu breiðu þátttöku. Sem dæmi er foreldraróltið sem er mjög góður hlutur. Oft á tíðum þá fer þetta af stað kannski á haustin af dálítlum krafti en þegar maður horfir yfir veturinn að þá er dálítið um það að þetta sé alltaf sama fólkið. Oft á tíðum meira vegna tímaskorts en vegna skorts á áhuga. Fólk hefur í svo mörgu að snúast.

Það er afskaplega gott að hitta aðra sem eru að vinna að sömu málum og maður sjálfur. Við höfum reynt í þessum hópum að hlusta eftir því hvað almenningur vill og hvað við þurfum að gera almennt fyrir borgarann. Við höfum t.d. í þessum hópi í gamla austurbænum verið að vinna að því að safna saman öllum þeim aðilum sem hafa verið að vinna að tómsundum fyrir börn og ungmenni og erum að reyna að setja saman eina skrá yfir öll tómsundatilboð sem eru í hverfinu. Þannig að foreldrar reyni að halda börnum í tómsundastarfi ekki síst þegar þau eru orðin 11-12-13 ára. Það er mjög flókið fyrir foreldra að skrá barn í tómsundastarf, þú þarft að leita að þessu og hinu og svo að hnoða saman einhverri dagskrá. Við höfum verið að vinna að því að koma þessum aðilum saman og ræða um t.d. útivistir og að það sé ekki eðlilegt að vera með mjög unga krakka í tómsundum eftir kl. 6-7 á kvöldin. Þetta er það sem okkur finnst brenna á foreldrum að reyna að koma í lag. Þessu erum við að vinna að og það var kominn starfsmaður úti í Tónabæ sem var að taka þetta saman en svo lentum við í smá kreppu út af hverfaskiptingunni sem breyttist allt í einu þegar við vorum hálfnuð með verkið. Og var búið að senda út bréf að þetta væri í þessu hverfi o.s.frv. en svo datt Tónabær út sem félagsmiðstöð úr hálfu hverfinu svo við erum í smá tilvistarkreppu með þetta verkefni okkar.

Ég var mjög ánægð með það að foreldrar skyldu eiga fulltrúa þarna, því það er eðlilegast af öllu. Þetta er það fólk sem að mæðir á ef að illa fer og þetta er líka það fólk sem á auðveldast með að koma forvörnum til skila. Ég vil sjá forvarnir fara miklu meira í hendurnar á foreldrum og það þarf að gera það með gríðarlegri fræðslu. Fræðslan þarf að fara beint til foreldra. Því maður heyrir líka foreldra segjast ekki þurfa að fara á foreldrafundi því það sé allt í lagi hjá þeim. Þau átta sig ekki á því að þegar allt er í lagi þá þarf maður að fara á foreldrafundi til að gera gott enn betra. Þetta verkefni sem við erum með er í raun eina verkefnið sem hefur verið lagt beint í hendurnar á foreldrum. Það er ekki einhver sérfræðingur sem ætlar að gera þetta fyrir þá, þeir ætla að gera þetta sjálfir. Og ég tel að þetta sé leiðin, að sjálfsögðu með öðrum. Það eru alltaf þúsund leiðir og það á að reyna margar. Því það virkar ekki sama leiðin á alla.

Hér innan dyra hjá okkur er eitt forvarnarverkefni sem heitir *Foreldrasamningur*, þar sem við förum og við hittum foreldrana. Við stöndum fyrir framan foreldra barna sem eru frá því að vera 11 ára gömul upp í 16 ára. Nei þetta er ekki undir *Ísland án eiturlyfja* en forvarnarsjóður hefur styrkt þetta verkefni, en þetta gerir það að verkum að þarna stendur maður augliti til auglitis við þessa foreldra og maður getur komið hlutunum til skila beint í hendurnar á þeim.

Foreldrastarf hefur í raun ekki verið með í þessu. Við höfum reynt að fá eins og í Vesturbænum foreldra inn í það starf sem við erum að vinna þar en það hefur gengið mjög illa þar sem borgin gerir ekki ráð fyrir að við vinnum yfirvinnu. Við fundum þá á okkar vinnutíma og þá eru foreldrarnir í sínum vinnum. Þannig að við höfum ekki náð til foreldranna eins og við höfum ætlað.

Mér hefur fundist foreldrar áhugasamir, bæði *Heimili og Skóli* og *Samfok*, að vísu finnst mér *Samfok* áhugasamari en *Heimili og skóli*. Þau eru virkari.

Heilbrigðisaðilar.

Ég hefði viljað sjá kannski meira af heilsugæslunni, en annars fannst mér þetta nokkuð gott.

Það hefði mátt koma meira frá geðbatteríinu. Þar er einmitt þar sem að sú hugmynd sem að kom upp þegar allir hóparnir hittust að undirtóninn virtist vera að þetta væri mesti áhættuhópurinn en samt var enginn beinlínis að tala um þá. Það lá á milli línanna.

Að einhverju leyti nú tengist heilbrigðisráðuneytið þessu líka, en hins vegar hvað þetta varðar þá hafa þeir ekki verið mjög synilegir nema kannski rétt í byrjun í kringum það að þeir komu inn í þennan vímuvarnasjóð eða hvað það heitir!

Ég hef verið í þessu átaki um útivistarreglurnar og þá höfum við verið í miklum samskiptum við heilsugæslustöðvarnar þar sem við erum með skrifstofurnar.

Svo kemur heilsugæslan líka inn í skólana með hjúkrunarfræðinga og þar er nauðsynlegt að taka á bæði kynlífinu og fíkniefnum og öllum þeim hættum sem því fylgja.

Bæjar- og sveitarfélög.

Bæjarfélagið hefur verið mjög jákvætt fyrir því að við sækjum ráðstefnur og fundi.

Ég er mjög ánægður með sveitarfélögin.

Við höfum verið í sáralitlu samstarfi með öðrum sveitarfélögum. Við héldum sameiginlegan fund síðastliðið vor og kynntum verkefni sem við höfðum verið að vinna að og bjuggum þá til þennan hóp. Þar átti að vera einn fullorðinn aðili frá hverju sveitarfélagi og hver átti að taka tvo unglunga með sér og við ætluðum að vinna að sameiginlegu verkefni. Það virðist ekki vera mikill áhugi hjá hinum sveitarfélögum fyrir utan Kópavog og Hafnarfjörð. Þetta voru 7 sveitarfélög s.s Mosfellsbær, Álftanes og Garðabær, sem áttu líka að vera í þessu verkefni með okkur.

Hitt hefur kannski meira vantað að t.d. sveitarfélögum hefur verið ýtt út í að gera eitthvað svo er kannski æskilegra að sveitarfélögin hefðu haldið þessu meira gangandi og áfram. Það kannski vantar meira upp á að þeir sem hafi farið af stað af áhuga hafii krafta, tíma, peninga eða eitthvað til þess að halda því áfram sem hefði verið æskilegt. Kannski bara einfaldlega af því að þeir hafa of mikið á sinni könnu.

Margir hópar hafa komið að verkefninu. Sveitarfélagið stjórnar að sjálfsögðu verkefninu.

Kirkjan.

Ég hef nú ekki orðið mikið vör við Kirkjuna.

Kirkjan. Já, kannski fólk eins og Jóna Hrönn. Hún er eins og eldstólpi. Ef það væru nú bara fleiri eins og hún. Hún er alveg hreint framúrskarandi.

Mér finnst meira vera komið út úr sjálfbóðaliðasamtökum eins og *Foreldrahúsinu*. Það er bara kannski eitthvað persónulegt hjá mér. Mér finnst nú samt Kirkjan vera að koma sterkt inn í öllu hverfasamstarfi og ég vil meina að það sé með þessu unga ferska kirkjufólki sem er með aðra menntun og aðra innsýn en gömlu prestarnir. Ég sé það á þessum rannsóknum sem við erum að gera að það er uppsveifla í þátttöku í KFUM og K starfi og ég held að það sé bara af því að það eru aðrar áherslur. Á meðan að Skátahreyfingin er stöðnuð að þá hafa hinir náð að þróa sig eitthvað og eru að gera skemmtilega hluti sem að krakkar sækja í með þessu káta fólki.

Það er eitt verkefni sem við erum að skipuleggja núna þar sem við fengum Kirkjunnar menn til að hjálpa okkur en annars hefur ekki verið samstarf. Allir eru virkir í samstarfinu, en okkar prógram er samt þannig að ef við erum í fræðslusamstarfi höfum við kannski viljað vera svolítið ein með hópinn, en ef við erum með skipulagsvinnu eða eitthvað svoleiðis að þá hefur það alveg verið jafnt.

Ég er æskulýðsfulltrúi uppi í kirkju og þar er ég með mjög erfiðan unglingshóp. Sumir eru í neyslu og aðrir ekki. Það er allur gangur á því en eiga margir hverjir mikið erfitt. Þetta er á vegum Kirkjunnar. Ég hef verið að vinna mjög mikið fyrir Kirkjuna í heild að námsefnisgerð og þar hef ég verið að vinna mikið að efni sem alveg er hægt að skilgreina sem forvarnarefni fyrir krakka og unglinga.

Mér finnst full ástæða til að Kirkjan komi miklu meira inn í þetta. Þó að hún hafi ýmislegt gert þá finnst mér Kirkjan þannig stofnun að hún ætti að koma miklu meira inn í þetta á miklu öflugari hátt og á breiðara sviði. Hins vegar veit ég ekkert hvaða möguleika menn hafa, hvaða tíma og hvað peninga menn hafa og þess háttar.

3. Skipulagning verkefna og aðgerða

3.1. Hvaða forvarnarverkefni Íslands án eiturlyfja hafa verið árangursrík?

Það eru allmörg verkefni sem hafa skilað árangri. Fyrst vil ég nefna samstarf sveitarfélaga, þá foreldrastarf, auglýsingaherferðir, segulmerkin, rannsóknarstarf *Rannsóknar og greiningar* o.fl. *Verkefnið Ísland án eiturlyfja* hefur verið mjög sýnilegt innan þeirra hópa sem ég hef starfað með og sem dæmi má nefna bindindisskiðamót sem er á döfinni á Dalvík og auglýst sem slíkt. Þá hafa ýmis félagsamtök og íþróttafélög tekið mið af forvarnarstarfi meira en áður. Fólk er almennt mun meðvitaðra um vímuefni og hættur samfara þeim og vísa ég aftur til samstarfs foreldra við að keyra unglinga og viðhorf unglinga gagnvart því að fara á skemmtanir utan bæjarins.

Mér fannst ráðstefnurnar mjög góðar. Mér fannst áróðurinn vera að breytast, þegar þeir föttuðu að þetta tækist ekki árið 2000. Mér finnst þetta allt jafn gott. Ég áttaði mig ekki allt of vel á þessu *Loftskipi*. Kannski setti maður sig ekki alveg nógu vel inn í þetta. En ég get samt ekki hent því af því ég þekki það ekki.

Það sem hefur tekist vel er *Náum áttum*, *Verum saman* um verslunarmannahelgina og *Útivistarreglur* allt þetta hefur verið árangursríkt. Ég sótti þessa morgunverðarfundir dálítið, þar er einmitt kannski kosturinn við að tengja saman ýmsa hópa eins og t.d. fundur sem ég missti reyndar af um daginn um siðferði í unglingsmálum þar sem komu saman kirkjunnarmenn og fagmenn, félagsmálafræðingar og allt þetta fagfólk. Þessar ráðstefnur sem hafa verið haldnar eins og t.d. þessi á Holiday inn hún var alveg meiriháttar og sennilega með þeim betri sem haldnar hafa verið hérna. 500

manns í góðum sal og með topp fyrirlesara. Það er á þessu sviði sem við höfum náð árangri en ég átta mig ekki á hvernig þetta er úti í þjóðfélaginu.

Mér finnst fólkið sem stóð að þessu lifandi og duglegt, með útgeislun og smita frá sér. Mér finnast ráðstefnurnar, þessi tveggja daga sérstaklega. Hún var mjög góð sú. Mér finnst almennt vel að þessum ráðstefnum staðið, mikil fræðsla og annað. Það er ekkert sérstakt sem mér finnst ekki nógu gott. Það hefur allt verið í lagi.

Öll vinna í kringum verkefnið, heimasíðan og allt þetta er mjög fínt. Skemmtilega uppsett og mjög aðgangsvænt.

Já, það er nú kannski aðallega í rannsóknnum, það hefur verið gagnlegt að fá þær. Og ég sé það í þessu sem ég hef verið í.

Allar auglýsingarnar til foreldra, ég held að þetta hafi skilað sér. Auðvitað má alltaf gera meira og það þarf að gera meira, það má ekkert hætta.

Ég tek ofan fyrir verkefninu sérstaklega þessar auglýsingar sem hafa birst varðandi útihátíðir, áfengis kaup fyrir börn og unglinga og útivistartíma og fleira. Þetta eru lesnar auglýsingar sem mér finnst hafa skilað árangri og við hér höfum fengið að nota þessar auglýsingar og sent þær út hér á okkar ljósvakamiðlum. Forlestrar þekkingu orðið auglýsingarnar og þær minna þau á ábyrgð sína. Mér finnast auglýsingarnar og plakötin hafa komið mjög vel út og er mjög ánægður með þann árangur. Morgunverðarfundirnir eru líka jákvæðir þó að við höfum ekki getað nýtt okkur þá. Eins og ég sagði áðan finnst mér auglýsingarnar hafa borið árangur og vakið foreldra til umhugsunar og vitundar um ábyrgð sína. Það þarf að styðja veika foreldra, ef hægt er að orða það þannig, til þess að vera ákveðnir og öflugir og mér finnst þessi herferð hafa skilað þeim árangri.

Sem fagmanni finnst mér ráðstefnurnar mjög góðar og nýtast mér vel sem fagmanni. Það sem mér fannst standa upp úr voru þessir rammar í kringum útivistartímana og þetta með verslunarmannahelgina og það er svona árangur sem hægt er að meta vel. Núna er það komið út í þjóðfélagið að menn samþykkja ekki nauðganir og annað slíkt um verslunarmannahelgi af því að það er bara einhver kostnaður af því að halda svona útivistarhátíð. Á þessu sviði er stærsti sigurinn. Útivistarmál eru sennilega komin í nokkuð góðan farveg út um allt land vegna þessa átaks og menn gera nú ákveðnar kröfur um það hvar er góð helgarhátíð og annað slíkt.

Þetta er mjög sniðugt sem er verið að gera núna, að greina og meta verkefnið og ég tel mjög gott að nota þá vitneskju til að halda áfram. Verður mjög gaman að sjá hvernig þessi heildarúttekt kemur út núna í mars.

Það sem ég man mest eftir var morgunverðarfundurinn þar sem verið var að ræða um ágang fjölmiðla á lífsstíl ungs fólks, því var svolítið fylgt eftir. Auglýsingaherferðin um útivistartímana fannst mér góð og þetta tvennt virkar jákvætt á mig.

Mér finnst íáe vera sýnilegt. Forvarnir eru á mjög breiðum grunni allavega sem ég er að vinna að. Það er ekki einungis verið að horfa á fíkniefni - við gleymum stundum að horfa á eitthvað annað en bara fíkniefnaforvarnir.

Ég held að ég hafi meira breyst en unglíngarnir. Ég held að þeir hafi ekki svo mikið breyst. Ég held að viðhorf foreldra hafi breyst, allavega það sem þeir segja hefur breyst og hitt kemur örugglega á eftir eins og t.d. varðandi útivistartíma þá er ég í verkefni sem heitir *Hættu áður en þú byrjar* sem er forvarnarfræðsla eða fíkniefnafræðsla fyrir börn og þegar ég var að byrja í þessu voru oft mjög mikil rífrildi eða foreldrar létu heyra hátt í sér út af útivistartímum og fannst útivistartímarnir fáránlegir, þetta heyrir maður ekki í dag. Þetta hætti eiginlega í fyrra það minnst enginn lengur á að það sé óeðlilegt að hafa útivistartíma. Þannig að það hefur breyst og líka það að þegar við tölum um að kaupa ekki áfengi fyrir börnin sín þá mótmælir enginn og finnst engum neitt athugavert við það. En áður heyrði maður umræðu um

hvort það væri ekki betra að foreldrarnir keyptu áfengið fyrir börnin en ef þau keyptu landa eða eitthvað slíkt. Núna segir þetta enginn en eflaust hugsa einhverjir þetta ennþá en það er auðvitað byrjunin að því er ekki mótmælt. Og þar held ég að forvarnirnar séu að skila einhverju og foreldrar séu orðnir meðvitaðri um sitt hlutverk.

Viðhorf foreldra breytast hægt. Ég merki það að fyrir svona fjórum árum þá stóðu foreldrar upp á fundum og gagnýndu útivistartímann og skildu ekki hvernig mér dirfðist að vera að stjórna því hvenær barnið þeirra kæmi inn á kvöldin. Í dag heyrir maður þetta ekki og ég sé mun á foreldrafundunum og það er meiri þátttaka í þeim og það er meiri vitund.

Það sem hefur helst borið árangur er þessi meðvitund og þessi fræðsla og þjálfun á ungu fólki og börnum. Það þarf að koma þessari neytendafræðslu á með skipulegum hætti og ég vil telja *lífsleikni* vera hluta af því. Það er að undirbúa fólk og börn undir það að takast á við raunverulegar aðstæður í samfélaginu. Ég er að sjá að ungt fólk er að tileinka sér hratt nýja tækni og gagnrýnið mat á tækninni. Stóra viðfangsefni uppeldiskerfisins er að tryggja það að börn og unglingar fái þessi verkfæri til að geta athafnað sig í samfélaginu bæði til að verja sig og getað fundið sér brautargengi og nýtt þá möguleika sem eru til staðar. Ég sé árangur í þessum málum en þetta er mitt persónulega mat. Unglingar í dag eru farnir að taka sjálfstæðar ákvarðanir og afstöðu sem dæmi, fara þau frekar á snjóbretti en skíði eins og mamma og pabbi. Þau rýna mjög vel í sitt umhverfi og í félagsmiðstöðinni reis til dæmis upp grúppa sem gagnrýndi boðskap rapparanna Rotweilerhunda. Hættan er náttúrulega sú að Tal og Coke ali upp börnin fyrir okkur og við verðum svolítið að berjast við það. Ég tel að það hafi nást heilmikill árangur hér og þetta snertir beint verkefni sem *Ísland án eiturlyfja* er að vinna að.

Grafavogur í góðum málum, það er verkefni sem var sett af stað og ég kom að því og setti það upp og þekki því mjög vel og var mjög ánægður með þann stuðning sem ég fékk sem verkefnisstjóri þar í þeirri viðleitni minni að virkja íbúana. Og halda uppi spegli ef við getum orðað það þannig fyrir framan ekki bara foreldra heldur íbúa almennt um það hvernig staðan væri í þessu hverfi. Og hvaða svo úrræði fólk sá hver í sínu horni. Það var farið yfir verkefnið og mér skilst á öllum könnunum sem hafa verið gerðar í kringum þetta að það hafi komið ágætis niðurstöður varðandi þetta verkefni og held ég að verkefnið hafi heppnast þokkalega og haft jákvæðar afleiðingar í kjölfarið.

Áróðurinn hefur verið alla vega. Það sem snýr að jafningjafræðslu t.d í samtökum félagsmiðstöðva þar fara þau sjálf og semja t.d. auglýsingar og voru með slagorðið *Láttu ekki hafa þig að fífl*. Og þau þurfa að meta sjálf og greina svolítið bakgrunninn á svona auglýsingamálum á hagsmuni fyrirtækja. Þetta hefur farið yfir á forvarnir, hvaða hagsmunir búa að baki áfengissölu og tóbakssölu, fíkniefnasölu. Að láta ekki hafa sig að fífl og leiða sig út í eitthvað sem er hagsmunamál annarra jafnframt því að vera skaðlegt þeim sjálfum. Í kjölfarið höfum við tekið afstöðu og höfum keyrt hér myndbandasamkeppni og auglýsingagerðarsamkeppni þar sem þau hafa verið að fjalla um þetta. Þessu höfum við svo rúllað í sjónvarpinu á Popp Tívi og Skjá einum, svona á þessum stövum sem þau horfa á. Þannig að þau hafa með mjög öflugum hætti tekið afstöðu og notað það form sem þau skilja mjög vel og haft áhrif á önnur ungmenni í leiðinni. Við höldum að þetta sé að skila árangri. Þetta hefur verið stutt af ráðum og dáðum m.a. af þeim aðilum sem komu að þessu verkefni og við hvött og jafnframt fengið fjárstyrki. Miðað við margt annað sem hefur verið gert í gegnum tíðina án þess að vera að deila á neinn, þá hefur verið misgengi í forvarnarmálum og fólk að fá fjármagn til þess að vinna í forvörnum sem að tilheyra svona liðinni tíð þannig að við vorum mjög ánægð með að þarna voru opnaðar dyr fyrir okkur og okkur sýndur skilningur á því sérstaklega með þetta verkefni.

Morgunverðarfundirnir á þriðjudögum eru mjög góðir og við höfum fengið mjög margt sniðugt út úr þeim og auðvitað mjög mikilvægt að ná til foreldra því að þeir skipta höfuðmáli. Auglýsingarnar sem þeir gerðu, *Úr hvaða rassi étur þú?* Það voru brilliant auglýsingar. Það er rosalega margt af þessu sem að hefur verið staðið mjög vel að og

hefur skilað árangri. Fólk hefur tekið eftir þessu og talað um þetta. Kannski helstu breytingar að foreldrar hafi orðið meðvitaðri. Kannski helst verslunarmannahelgar-auglýsingarnar. Ég held að foreldrar hugsi meira um þetta. Ég held að hegðun unglinga breytist ekki mjög auðveldlega. Ég hef hitt krakka sem hafa verið hjá okkur og hafa breytt sínu mynstri og hafa miklu seinna komið til okkar og sagt okkur frá því. Krakkarnir sem eru í þessum hóp, á þeim verður náttúrulega mjög mikil breyting þegar þau byrja að vinna með þetta sjálf. Það er mjög algengt að þau hætti alveg að drekka og einmitt hugsi öðruvísi um lífið og það er það sem skiptir máli.

Þegar ég skoða þessi verkefni finnst mér t.d. allar þessar kannanir sem *Rannsókn & greining* hefur verið með, það er eitthvað sem maður getur nálgast og allir geta notað. Mér finnst það vera mjög góð verkefni og það sem stendur uppúr eru allar svona rannsóknir. Mér finnst að þessar rannsóknir megi efla enn frekar og til að vel eigi að vera og allir geti nýtt sér það að þá séu allir einhvern veginn svona með í þesum rannsóknum. Þetta eru dýrar rannsóknir og þurfa að vera þannig að allir geti nálgast eins og sumar rannsóknir, sem hafa verið gerðar fyrir menntakerfið og fleira og eru opnar á netinu það finnst mér jákvætt, þá fer fólk að skoða sinn þátt.

Það hafa verið mjög góðar ráðstefnur og svo eru það þessar rannsóknir. Og ég nefni þetta verkefni okkar í Fjölskylduverkefninu. Það eru sjáfsagt fjölmörg önnur sem ég þekki þá minna til.

Útivistarátakið finnst mér hafa skilað góðum árangri og þetta með segulmottuna finnst mér hafa skilað árangri og ég veit að fólk hefur úti verið að tala um það og hefur verið að panta segulmottuna aftur og aftur og veit ég sem lögreglumaður úti að það er tekið eftir því og finnst mér það gott verkefni. Maður talar svolítið út frá eigin brjosti. *Skólavinir* fannst mér líka gott verkefni og fannst leiðinlegt þegar það hætti, því það veit ég líka frá eigin reynslu að það var að ganga og hefði gjarnan viljað sjá það lengur og svo *Grafavogur í góðum málum* finnst mér líka standa upp úr. Þetta er svona það helsta sem ég hef orðið vör við.

Við tókum þátt í öllum þessum landsráðstefnum og öllu slíku og fylgdumst með og tókum þátt í herferð fyrir *Förum saman* og *Foreldrar eru bestir* og öllu þessu. Við vorum alltaf að vinna með. Við vorum með fyrstu ráðstefnuna um *Gerum betur*, hún var á Húsavík. Ég var í miklu samstarfi við Snjólaugu Stefáns. Og ég fór suður og gerðum augýsingarnar með Hinu opinbera og hengdum út um allt. Það var mjög góð samstaða með fíkniefnalögreglunni og Akureyri sem sveitarfélag hélt ráðstefnur, við fengum Þórólf og erum búin að fá svoleiðis fullt af fyrirlesurum til að halda námskeið og sveitarfélögin hér í kring komu. Og svo er líka þetta *Eyþing* sem er Eyjafjörður og Þingeyjarsýsla og þar höfum við unnið saman sameiginlega punkta og hist. Þannig að *Eyþing* hefur líka lagt á ráðin með forvarnarstefnu.

Önnur verkefni, það er erfitt að afmarka, við settum upp svo margt. Samstarf lögreglu í Evrópu, eða samstarf Evrópuborga er mjög merkilegt líka, og námskeið fyrir lögregluna. Lögreglan er svo góð að kenna almenningi, að þeir miðli bæði foreldrum og ýmislegt.

Ég hef merkt breytingar, sérstaklega á hegðun foreldra og ég held að þeim foreldrum fari fækkandi sem segja: „Ég vil frekar útvega barninu mínu vín en að það fari að drekka landa“. Fólk er farið að fatta að þetta er ekki nein lausn og það sé eitthvað annað sem að þurfi að koma til. Ég held að við náum Íslandi ekki eiturfjalausu en það sem að ég held að við getum gert er að byrgja eins marga brunna og við mögulega getum.

Mér sýnist það kannski aðeins hafa breyst og kannski er það þessum verkefnum að þakka. Fólk leitar fyrr eftir aðstoð og það er líka hluti af forvörnum, að fólk bregðist fljótt við og það er okkar að verða við beiðninni. Og útivistartíminn, það hefur í raun orðið ákveðin þjóðarsátt, samstaða meðal foreldra, fagfólks og ráðamanna almennt. Ég held að það hafi skilað sér. Það er svona sýnilegt. Ég var ekki alveg sannfærð um

þessa áherslu, fannst þetta kannski aðeins of mikil forræðishyggja, en ég sé að þetta er að skila sér.

Ég veit það ekki hvort hegðun unglinga hér hefur breyst. Það er kannski merkjanlegur munur núna, við erum með miklu færri í reykingum og drykkju á grunnskólastigi. Það er akkúrat þar sem við vildum lenda málum. Þetta er bara teljandi á annarri hendi þeir sem reykja. Það var þó nokkuð um hópamyndanir um helgar á grunnskólanum og í kjölfarið á foreldraröltinu sem kom upp í þessu átaki og eftirliti lögreglu og foreldrar meira inni í þessum málum með hertar útivistarreglur og svoleiðis. Það liggur við að það sjáist ekki krakkar úti um helgar á þessum grunnskólaaldri. Þeir voru nú að kvarta í mér eldri unglingarnir þegar við stóðum í þessu á þessu tíma hvað þeir væru daufir þessir krakkar í grunnskólanum. Ég fór nú einmitt að hugsa það hvort að það gæti verið eitthvað samband þarna á milli. Ég er ekki frá því. Svo kannski verður þetta allt komið í sama farið á næsta ári. Maður veit þetta aldrei.

Ég er ánægður með mjög margt í þeim áróðri sem að hefur verið rekinn eins og t.d. útivistartímann og þetta með fjölskylduna saman á tímamótum. Ég held að það hafi borið talsverðan árangur enda rekið af miklum krafti. Ekki bara með auglýsingum heldur greinaskrifum og beinlínis aðgerðum. Það hefur tvímælalaust borið árangur og það kemur til með að lifa áfram. Ýmislegt hefur haft áhrif t.d. áróður gegn fíkniefnum, en maður getur ekki sagt til um áhrifin. Maður þarf hreinlega að gera viðamikla rannsókn til að finna það út. Áróður er líka erfiður hlutur. Það er erfitt að segja til um árangurinn og erfitt að framkvæma, hvað má vera mikill áróður o.s.frv.?

Miðað við þær skoðanakannanir sem hafa verið teknar hjá *Rannsókn & greiningu* að þá er alveg greinilegt hvað átakið hafði mjög mikil áhrif. Þú sérð það bara á þeim línuritum og árunum á eftir. Við förum inn í þetta 1998. 1999 er bara alveg hrap í línuritinu. Svo fer það aftur upp núna 2000 en það er ekkert víst að það sé neitt. Það er svo erfitt að segja til um það en ég mundi segja að það væri aftur farið niður núna 2001. Ég hef þá tilfinningu. Í svona litlum sveitarfélögum að þá veit maður liggur við hver reykir og hver drekkur. Það er bara ekki flóknara en það. Það eru 100 unglingar. Það eru öll ósköpin í 8., 9. og 10. bekk. Aftur á móti er þetta orðið erfitt þegar þetta er farið að skipta þúsundum og allir komnir í party og Rottweiler spila undir.

Þeir hafa náttúrulega verið með verkefni hérna bæði samtarfsverkefni o.fl. *Ísland án eiturlyfja* er náttúrulega verkefni svo hafa þeir gengist fyrir ráðstefnun og fundum og verið að láta framleiða útivistarmerki og annað því um líkt. Ég held þetta fléttist nú allt saman og þetta verkefni hafi í það heila verið ágætis punktur. Ég held að öll þessi verkefni hafi verið mjög góð hjá þeim.

Maður þekkir ekki nógu vel hvað gerðist í Reykjavík í þessum málum þannig að ég hlakka mikið til að sjá hvernig þetta verkefni verður metið þar. Mér finnst kannski líklegra að það sé þar meiri mælanlegur árangur heldur en hér.

Ég hef merkt breytingar á viðhorfum. Það er engin spurning. Eins og að fara út með allar reykingar og drykkju úr félagsheimilum og félagsmiðstöðvum og skólum og fleira sem að var annars inni. Þetta er allt af hinu góða. Núna seinast bara á síðasta ári þá voru bönnuð einkasamkvæmi þar sem áfengi var um hönd. Þannig að það er alveg fullt af verkefnum sem að maður sér alveg sjáanlegan mun á. Ungmennafélagið er búið að taka öll svona vafasöm skilti niður á vellinum hjá sér og í íþróttahúsinu.

Ég veit að svona verkefni eins og *skólavinaverkefnið* sem SAF styrkti það er klárt verkefni sem skilar árangri. Það kostar heilmikla peninga en skilar miklum árangri. Það er verkefni sem snýr að umhyggju og nærveru en ekki plakata- og bæklingagerð. Það eru svoleiðis verkefni sem skila árangri, að það séu einhverjir aðilar sem eru á staðnum, eru tiltækir, og eru fyrir unglinginn upp á öryggi og leiðsögn.

Það er þetta með öryggið, unglingar eru í erfiðum aðstæðum, eru ekki nógu tengd við fullorðið fólk, ég fann mikinn mun á þessu með *skólavinaverkefnið*. Það var meiri ró og þeim leið betur og þá er tilefni til rangra lífshátta minna, sækja þá minna í það

að drekka og það skapar líka bara betri líðan. Það er grunnurinn, mér finnst að nemendur og foreldrar ættu að horfa á það númer eitt.

Það sem stendur upp úr eru auglýsingagerðin og áróður og svona plakatagerð. Þetta skilar sér alltaf. Þetta féll niður í mörg ár frá því að Tóbaksvarnarráð var með krabbameinsmyndirnar hræðilegu á milli skóla og allir kúguðust yfir. Síðan kom landsliðið okkar tóbakslaust um tíma og síðan lá þetta niðri í nokkur ár þangað til að þetta verkefni fór í gang og það skilar sér. Ég mundi segja það. Allur svona áróður að hann skilar sér.

Það eru kannski breytingar ef maður lítur yfir allt þjóðfélagið að því leyti að, þó að orðið forvarnir sé nú kannski að verða svolítið slitið, þá held ég að þjóðin almennt og almenningur átti sig meira og betur á því í dag heldur en fyrir 5 árum að þessar forvarnir eru nauðsynlegar. Menn þurfa að vera vakandi á ýmsum sviðum. Við höfum náð svolítið áleiðis þannig t.d. með útivistarátakið.

Það hefur t.d. verið staðið að ýmsum könnunum á ýmsum sviðum og það hefur verið mjög gott. Afskaplega gott. Ef maður flettir ársskýrslunni þá gæti maður bara talið upp en það hafa verið gerðar kannanir og þær eru oft á tíðum nauðsynlegur grundvöllur fyrir starfinu þannig að maður viti hvernig ástandið er og hvar útbóta er þörf. Það hefur verið mjög góður hlutur.

Ég held ég gefi *Foreldrahúsinu* og *Vímulausri æsku* 10 og þessi *Foreldrasamningur* var brilliant. Við vorum öll látin skrifa undir í okkar skóla og hverfinu. Það var mjög fín samstaða á gamlárskvöldi. Fólk hringdist á og reyndi að koma í veg fyrir að börnin fengju að fara niður í miðbæ. Þannig að fólk er orðið vant því að tala saman. Mér finnst auðveldara fyrir foreldra að nálgast hvert annað. Foreldrar hringjast á ef að það er einhver grunur um að börnin séu að gera eitthvað og þá ekki endilega okkar eigin börn. Þannig að það er bara látið vita. Allir foreldrarnir vita hvað er að gerast í hópnum. Mér finnst það mjög gott. Það eru allir að fylgjast með. Kannski er þetta bara svona góður foreldrabekkur. Það er aldrei að vita.

Mér finnst áróðurinn og þetta með skilaboðin til foreldrana og styrkja foreldrana. Mér fannst það ofsalega tímabært og nauðsynlegt og eitthvað sem ég myndi ekki vilja sjá detta niður. Ég var líka að velta því fyrir mér vegna þess að núna voru aðeins meiri læti um áramótin heldur en áramótin áður. Þá vorum við verulega áhyggjufull. Það var áramótin 2000 sem við héldum að allar mömmurnar væru bara í galadressunum í Perlunni og þá einhvern veginn tókst með þessari umræðu að snúa spennunni sem var í loftinu þá að þú átt að vera heima með börnunum þínum á þessum hátíðum. Síðan fannst mér það ekki bera eins mikinn árangur núna. Það voru alla veganna meiri læti í Breiðholti. Það voru meiri læti í úthverfunum, Árbæ og Breiðholti. Þá held ég að við megum ekki sofna á verðinum og vera alltaf með sömu aðferðir. Blaðagreinarnar okkar komu fyrir jólin því að árið áður héldum við að það væri of seint. Maður þarf bara alltaf að vera ferskur og finna einhverjar nýjar leiðir til að vekja athygli á umræðunni. Þetta var orðið þreytt núna. Það nennti enginn að fjalla um þetta. Og við líka kannski þreytt, það er svo auðvelt að gera það sama aftur. Mér fannst þetta eitthvað sem má ekki missa sín. Það er þetta að styrkja foreldra. Mér finnst þeir mjög þurfandi fyrir að fá stuðning.

3.2. Hvaða forvarnarverkefni *Ísland án eiturylfja* hafa verið árangurslítil?

Það má stundum deila um fjárstuðning við ýmis verkefni. Sum verkefni sem hafa verið styrkt eru ekki beint forvarnarverkefni en það getur verið erfitt að hafna verkefnum þótt þau falli ekki alveg að markmiðunum.

Ísland án eiturylfja hefði hugsanlega mátt vera sýnilegri öðrum. Kannski eru það þeir sem eru með puttana í þessu sem finna fyrir verkefninu, en ég er ekki alveg viss um hvort almenningur finnur fyrir því. Það er enn þannig að maður er misánægður. Ef ég

bara miða við okkur herna þá var slæmt ástand og okkur tókst að rífa okkur upp og þá fórum við af stað með foreldrasamvinnu.

Og þessi spjöld sem eru send út og póstkort og annað hefur gjörsamlega farið framhjá mér. Þannig að mér finnst við ef til vill ekki vera að nota þá leið sem nær til þessa venjulega fólks inni á skrifstofum og í eldhúsum og þar fram eftir götunum sem eru foreldrar þessarra barna. Það er líka annað sem mér finnst við verða að spyrja okkur að og það er hver á að lesa þetta? Þessar auglýsingar og póstkort sem við búum til. Hver á að fá þetta og að hverjum er þetta beint?

Mér finnst það vannýtt þegar skólarnir svolítið tynast. Mér finnst að hægt hefði verið að nýta skólana betur, t.d. varðandi *lífsleikni*, leggja meiri áherslu á að taka skólana meira með. Í þeim skólum sem ég hef verið að vinna í er fólk lítið meðvitað um þessa fundi og jafnvel kennararnir líka. Netið nær ekki nógu langt. Hópurinn takmarkast við þá aðila sem eru með netið. Á morgunverðarfundunum hefði verið gaman að sjá fleiri málefnum sem við tókum fyrir fylgt eftir. Það þyrftu að vera markvissari verkefni í framhaldi af fundunum og betri eftirfylgd. Nýta þetta betur því ég var mjög hrifin af þessum fundum.

Mér finnast þessir morgunverðarfundir mjög góðir en ég get líka sótt þá í vinnunni minni en fyrir hinn almenna borgara er þetta vondur tími til að sækja fundi. Það hefði kannski þurft að taka tillit til þess að þetta henti ekki öllum. Flest þessi verkefni sem voru tekin fyrir eru svolítið miðuð að fagfólki og kannski var þetta bara ætlað þeim og þá vantar eitthvað fyrir almenning. Besta forvörnin er að mínu mati að ef okkur tekst að virkja foreldra þá leysist vandamálið svolítið, ég held það hverfi aldrei alveg, en ég held það stórminnki ef foreldrar eru meðvitaðir um hvað þeir geri og segi og einnig hvað þeir leyfa.

Við erum í raun ekki að nýta fjölmiðla nóg. Maður hefur t.d. ekki orðið var við þetta verkefni mikið í fjölmiðlum. Það er ein og ein grein sem hefur verið skrifuð í Morgunblaðið annað held ég að ég hafi nú bara ekki séð. Þannig að það hefði sjálfsgagt mátt virkja fjölmiðla betur til að taka þátt í þessu verkefni.

Fræðsluerindin á málþingunum hafa verið mjög lærdómsrík. Margt sem ég nota sjálf hér heima. Það eru örugglega mörg verkefni sem ættu það skilið að vera nefnd. Það sem að snýr að mér sem foreldri og bara Íslendingi burtséð frá því að ég hafi verið að vinna í þessu. Ef ég væri bara húsmóðir í Hafnarfirðinum og vissi ekkert hvað *Ísland án eiturlýfja* hefði með að gera þá myndi ég segja að litlu seglarnir á ísskápana um útivistartímann, þeir voru brilliant og þetta hangir uppi víða og við bendum á þetta miskunnarlaust herna heima og þessi foreldramiðaði áróður held ég að hafi verið góður. Ég veit að það er búið að gagnrýna þennan auglýsingaráróður en ég hef nýtt mér þetta sjálf þegar ég er með forvarnastarf fyrir unglunga.

Já það er endalaust hægt að finna nýjar leiðir. Markmiðin eru nokkuð skýr í þessu verkefni og miðað við þau hefði verið hægt að fara ótal leiðir í þessu. Það eru náttúrulega alltaf einhver tækifæri sem fara fram hjá okkur. En ef ég umorða spurninguna þannig hvort ef ég hefði stjórnað þessu hefði ég gert það öðruvísi og ég held bara ekki.

Póstkortin finnast mér ekki vera að skila sér, fólk talar allavega ekki mikið um það og er mín tilfinning að það verkefni sé ekki að skila sér þó ég viti ekkert um það, það er allavega ekki að skila sér í umræðu fólksins svona út á við.

Ég þekki ekki til verkefna sem hafa borið lítinn árangur. Það eru kannski þeir sem hafa verið nær þessu sem geta sagt meira um það, verkefnastjórar og fleiri. Ég held þetta sé um að slaka aldrei á klónni og samstarf, að menn vinni saman. Það hefur verið kannski svolítið um samkeppni, innan gæsalappa, og þá einhverjir sem vilja láta ljós sitt skína og það held ég að sé mjög skaðlegt.

Mér finnst að það hafi orðið meiri svona vakning og menn fylgist meira með og láti sig hlutina varða. Hins vegar finnur maður fyrir því að í sjónvarpi og fjölmiðlum þá fer orðið lítið fyrir t.d. auglýsingum um þetta. Tóbaksvarnarnefnd hefur haldið úti mjög kraftmiklum áróðri en í sambandi við fíkniefnin og allt það hefur það ekki verið.

Þá verð ég að segja í hreinskilni að ég veit ekki hvaða verkefnum *Ísland án eiturfylfja* hefur staðið að, þau hafa ekki náð til mín sem foreldris. Ég hef ekki hugmynd um hvað ég get skrifað á þeirra reikning og hvað á einhvers annars. Til þess að átta mig á því þyrfti ég að átta mig á því hvaða verkefni þetta voru.

Vandinn fyrir mig er í raun sá að ég þekki ekki hvað *Ísland án eiturfylfja* hefur verið að gera. Ég kynnti mér það ekki sérstaklega fyrir þetta viðtal af því ég taldi ekki rétt að gera það, taldi réttara að segja þér hvernig þetta horfir við mér sem fjögurra barna móður komandi að þessu núna.

Ég veit ekki hvort tækifæri hafa verið ónýtt í verkefninu *Ísland án eiturfylfja*. Ég þekki það kannski ekki nógu vel hve langt þeir gengu því ég var inni í þessu SÁÁ verkefni og það voru mjög markviss vinnubrögð þó að þau kostuðu mikið. Þá voru þau náttúrulega mun aggressívari vinnubrögð heldur en *Ísland án eiturfylfja* hefur beitt sér fyrir. Þeir eins og aðrir gætu gert betur og verið markvissari en það er kannski erfitt að meta það svona 1,2 og 3.

Síðan hafa verið haldnar ýmsar ráðstefnur og kynningar og svoleiðis sem að hefur margt verið ágætt þó að það sé oft spurning hvað mikil áhrif svoleiðis hefur, kannski sé það mest fólkið sem er að vinna í þessu og hefur áhugann sem mætir en það vantar kannski mest fólkið sem að þyrfti að ná til og kynna það betur. Það er alltaf spurning hversu mikil og víðtæk áhrif svona ráðstefnur hafa. Það má setja spurningamerki við það því svona ráðstefnur taka mikinn tíma og kosta peninga. Hvort þetta sé hagkvæmt.

Það hefur nú verið spekulerað í svo mörgu og farið af stað með svo margt. Maður þyrfti að setjast niður og stúdera þetta allt til að geta komið með eitthvert vitrænt svar við þessu. Það hefur hins vegar skort á að geta kannski haldið áfram á því sem hefur verið byrjað á af nægilegum krafti, haldið því við. Vantar að fylgja málum eftir.

Það sem ég vildi breyta, ef það væri möguleiki, væri að fá þá sem hafa tekið þátt í þessum verkefnum til þess að halda áfram af fullum krafti. T.d. hópurinn *Stöndum saman á tímamótum* hefur haldið vel áfram af miklum krafti. Ef það væri hægt að gera það á fleiri sviðum. Ef það væri t.d. hægt að efla foreldrafélögin þannig að þau kæmu betur inn í þetta starf sem þau gera. Það er kannski varla hægt að ætlast til þess, en það væri æskilegt. Ef það væri hægt að efla öll sveitarfélög þannig að þau væru meira beinir þátttakendur í þessu starfi bara alltaf, bara fast prógramm hjá þeim. Manni hefur fundist það án þess að ég sé sérfræðingur í sveitarfélögum, enda ætti að taka það skýrt fram. Manni hefur fundist þau koma og taka þátt í einhverju sem er beinlínis verið að etja þeim út í og svo þegar þetta sérstaka átak er búið að þá kannski dettur þetta niður. Þá verðum við líka að hafa í huga að mörg af þessum sveitarfélögum eru fámenn og tiltölulega fátæk sveitarfélög.

Það er náttúrulega augljóst að þegar hópar eru að starfa saman jafnvel svo árum skiptir að þá verður alltaf þróun. Það eru alltaf ákveðnir byrjunarörðugleikar. Menn vita ekki hvert menn eiga að snúa sér en síðan koma inn nýjar hugmyndir og það er reynt sem að kemur inn þannig að það verður ákveðin þróun á því. Menn sjá árangur eða árangursleysi og reyna þá að taka upp nýjar aðferðir til að breyta gömlu aðferðunum til bóta. Á þann hátt sér maður auðvitað breytingar.

Ég vil undirstrika það sem ég nefndi áðan að það er mjög mikið af góðu fólki bæði fólki í stofnunum, í félögum, einkafyrirtæki út um allt þjóðfélagið sem að hefur áhuga á þessu og er að vinna að þessu. Það er spurning hvort að það vanti kannski aðeins meira skipulag á þessu og kannski verkaskiptingu og eitthvað svona. Hvort að við gætum á einhvern hátt skipulagt og nýtt kraftana betur sem við höfum í dag. Því að

Þetta er svo víða í þjóðfélaginu sem að mikið af góðu og áhugasömu fólki er að vinna. Stundum finnst manni þau fara kannski svolítið í spors hvers annars. T.d. ein félagasamtök fara af stað með verkefni á ákveðnu og afmörkuðu sviði og um svipað leyti er eitthvað annað félag eða samtök að fara af stað með hliðstætt verkefni en ekki sama heldur hliðstætt. Þá væri heppilegra að þessi félög kæmu sér saman með eitt verkefni sem að næði yfir hvort tveggja. Hvort að peningarnir og kraftarnir myndu nýtast betur. Oft er þetta um auglýsingastarfsemi að ræða. Menn eru að auglýsa sín samtök, við erum að gera góða hluti. Það er spurning um að vinna meira saman og nýta kraftana og peningana betur þó að hver um sig fengi örlítið minni auglýsingu ef þeir væru saman. Þetta er spurning.

Ég set alltaf spurningamerki við það að senda fíkla í skólana. Við gerðum þetta með góðum árangri með Marítaverkefni í tíma en svo féll nú fíkillinn okkar og allt það og þeir eru komnir hingað inn á gafl til mín sko. Einhverjir sem eru svo æstir og brjáláðir og vilja gera eitthvað og Bubbi Mortens meira að segja þegar það lak nú úr nefinu á honum þá vildi hann koma hingað fyrir 40 þúsund fyrir hvert skot. Ég er ekkert að gera lítið úr honum og hans átaki með Olís og svona. En ég er ekki hrifin af svona löguðu. Ég held að fíkillinn þurfi að vera orðinn 25 ára og hann þurfi að vera búinn að vera þurr í 5-10 ár áður en hann fer í þetta. En það er ekki við *Ísland án eiturfylfa* að sakast.

Ég held að það séu alveg ferlega mörg tækifæri sem ekki hafa verið nýtt, sem er ósköp eðlilegt. Ég held að svona verkefni eins og *Ísland án eiturfylfa* þurfi að vera lengra vegna þess að hlutir verða alltaf svona barn síns tíma. Þetta þarf að vera í stanslausri endurnýjun. Ég held að það mætti styrkja betur félagsmiðstöðvarnar. Það vantar svolítið að stelpur sæki þangað inn og þær eru eitthvað svona óvirkar og það er dálítill svona vandi og þarna hefði mátt nýta betur félagsmiðstöðvarnar og hafa þær opnar á laugardagskvöldum eða um helgar. Það er ekki. Þær eru opnar á föstudagskvöldum. Það var mjög mikið af hugmyndum sem að komu upp hjá krökkum á öllum málþingunum og líka hópurinn sem að ég var með að auka möguleikana á heilbrigðri skemmtun. Að það sé meira um að sundlaugar séu opnar á kvöldin og auðveldara að verða sér úti um sundlaugarpartý eða eitthvað sem er undir control. Ég held að þetta hafi verið afskaplega vannýtt og *Grundarfjarðarhópurinn* megi líka þarna fljóta með sem sniðugur. Það geta fleiri gert eitthvað sambærilegt.

Þá mundi ég ítrekað vilja undirstrika geðheilbrigði barna og unglinga. Það þarf að bæta og kannski má setja það inn í vannýttir möguleikar að það mætti efla sjálfstyrkingu barna og unglinga. Ég veit að það eru einhver námskeið í gangi en það mætti gera það almennara. *Lífsleikni*-námið í skólum mætti fara svolítið út í það og finna úrræði fyrir þá sem eiga undir högg að sækja. Að því að þar er áhættuhópur að miklu leyti.

Áróðurinn fyrir útivistarreglunum sem er í raun það sama og við höfum verið að kynna árum saman. Ég held að það hafi skilað sér út frá þessari segulrönd, en þegar við förum með *Foreldrasamninginn* í skólana að þá tökum við þetta líka alltaf með okkur. Sumir eru búnir að gleyma þessu og aðrir tóku þetta aldrei til sín og ég spyr mig hvort það skili öllu að bara senda þetta heim. Þarf það ekki einhverja umfjöllun? Ég held að auglýsingarnar *Stöndum saman* og fyrir Verslunarmannahelgina, ég held að þær hafi líka skilað ákveðnu í þeim tilvikum þar sem þær hafa verið teknar til umræðu inn í skólum eða meðal foreldra. Þar sem samstaðan hefur náðst eða hún hefur kveikt samstöðu.

Það er svo mikið af þessum verkefnum sem ná bara til þess hóps sem er að starfa í kringum það. Það er það sem er svo sorglegt. Mér dettur ekki annað í hug. Morgunverðarfundir og ráðstefnur eru bara fyrir fagaðila og hverju skilar það þá í forvarnarstarfi út í samfélagið? Þeir eru góðir fyrir fagaðilana, góður samstarfsvettvangur fyrir fagaðilana. Ég er svona að spyrja sjálfa mig hverju það hefur skilað út í samfélagið. Ég veit það ekki en þeir eru nauðsynlegir fyrir þá sem eru að starfa saman. Ég vil ekki vera neikvæð en ég er bara að reyna að muna eftir einhverju.

Ég man eftir fyrstu ráðstefnunni *Ísland án eiturlyfja* sem var haldin á Sögu 1997. Hún skilaði ákveðinni umfjöllun út í samfélagið. Það var mjög góður erlendur fyrirlesari. Ekki það að hún var góður fyrirlesari heldur ábendingarnar um það hvað það er geysilegt fjármagn sem er notað í það að prómótera fíkniefni og hversu óendanlega litlu fjármagni er varið á móti til að hefja það. Ég man að sá punktur var stingandi og allur daldi áróðurinn inni á netinu. Það hefði svo sem einhver annar getað sagt okkur það líka og þar komu saman einir 200, 300 foreldrar en gallinn var kannski sá að þeir voru einn og tveir úr hverjum skóla og það er svolítið misjafnt hvað þeir fóru með boðskapinn til baka. Sú ráðstefna vakti líka rosalegar væntingar og ég spyr: „Höfum við staðið undir þeim væntingum?“ Ég held ekki.

Eitt sem er galli við þetta allt saman og það eru þeir sem hafa gert grín að markmiðunum. Það er gert hlálegt í stað þess, eins og við höfum alltaf sagt, að þú getur ætlað þér að reisa höll og þó þú náir aldrei nema fyrstu hæðunum að þá er það samt byrjun á höll. Mér finnst að við hefðum átt að gera átak gagnvart innflutningi og sölu. Mér finnst það. Það er ekki hægt að tala um að tækifæri séu vannýtt þegar maður horfist í augu við það að það þurfi svo mikið meiri vinnu og meiri peninga til þess að ná þeim markmiðum sem við ætluðum okkur. Það er aðallega út frá þessu áreitissamfélagi. Það hefði mátt nýta það betur.

Nú sérðu hvað ég er gagnrýnin á þetta og ég hef sagt þetta á fundum með foreldrum alls staðar sem ég kem. Það er að það eru svo margir sem eru að vinna forvarnir fyrir okkur. Það að vera spekingur í forvörnum og maður heyrir af þessum sem eru að halda fyrirlestur inn í hinum og þessum skóla. Foreldrar fá í raun aldrei að vita út á hvað þetta gengur. Þetta svolítið gerir foreldrana stikkfrí. Þannig að það þarf beinlínis að segja þeim að það geri þetta enginn fyrir þá. Þannig að ég held að meðan við beinum ekki meira spjótum okkar inn á við, af því að uppeldi er það sama og forvarnir, að þá náum við aldrei meiri árangri. Þetta er bara það sem að ég er búin að læra á þessum árum af því að menn spyrja stundum hvað og reynum að komast að því hvað hefur haft áhrif og svo segi ég að fyrst að útivistarreglurnar hafa náð í gegn að þá getur allt náð í gegn. Þær spruttu ekkert upp úr sjálfum sér. Það hefur kostað ómælda vinnu. Að telja foreldrana á að þetta sé börnunum hollt og gott.

Ég hef merkt breytingar á hegðun og viðhorfum meðal foreldra. Þó það sé ekki allur hópurinn hverju sinni að þá næst til það mikils meirihluta að hann hefur áhrif á viðhorf hinna. Ég hefði lagt í þetta mörgum sinnum meiri pening af því að þetta er spurning um að tapa ekki baráttu. Ef þú setur markið svona hátt að þá verður þú líka að fylgja því eftir með öllum þeim tækjum og tólum sem þú hefur. Ég hefði sagt að það hefði þurft alla veganna tíu sinnum meiri pening. Það leysist auðvitað ekki allt með peningum og ég hefði horfið frá þessari forsjárhyggju. Að einhverjir aðrir stundi þetta heldur en heimilið. Vera nær því þar sem uppeldi og forvarnir fara fram. Ég hefði einbeitt mér meira að skólunum, í takt við skólana. Hafandi yfirsýn í rauninni yfir allt áreitið sem þangað kemur inn. Það þarf að controlera líka þannig að við séum að vinna í sömu áttina og ég hefði lagt miklu meira í það að ná beint til foreldra og hóps foreldra. Það þarf ekki endilega að vera dýrara en það hefði þurft hvort tveggja. Meiri áhersla á það og meiri peningur til þess að þetta týndist ekki alveg inn í þessum auglýsinga- og fjölmiðlaskógi sem það hefur svolítið gert.

Það sem ég vildi gera fyrir þreur, fjórum árum síðan, þá vildi ég gera svipað og með smokkinn. Ég vildi fá þjóðþekkta einstaklinga til að koma fram undir nafni og mynd í Mogganum, bara heilsíðu, sem segðust styðja þetta verkefni. Þannig að það væri hluti af þessu af því að þú heyrðir svo víða grín að því gert. Ég man að þetta dugði mér svolítið með smokkinn. Ef þessi notar hann og segir það og svona að þá er það ekkert asnalegt. Þetta er í raun það sama. Það vantaði að það kæmu fram menn og segðu: „Ég styð þetta átak og vil sjá þessi markmið nást“. Þetta hefur svolítið verið svona hulduhópur og enginn sem hefur í rauninni nógu mikið gert þetta mál að sínu. Við verðum að taka á þessu.

3.3. Hverju viltu breyta í forvarnarstarfi Ísland án eiturlyfja?

Helstu breytingarnar sem ég vildi sjá eru að efla hlut heilbrigðisgeirans; landlæknis og heilsugæslustöðva almennt.

Það sem er mikilvægt núna er að þetta haldi áfram og menn lesi í þá reynslu sem er komin og menn fari að vinna þetta meira svona sem þekkingu. Það þarf að halda áfram og vinna þetta af skynsemi og leita lausna hjá fólkinu í landinu. Þær eru til staðar, það þarf bara að finna þær. Við erum búin að stíga fyrsta sterka skrefið og svo er bara að halda áfram með þessa vinnu og hættum aldrei.

Ég held að það sé mikils virði að færa forvarnarstarfið neðar, ekki bara byrja á unglíngastigi. Að byrja bara á efstu stigum leikskólans. Og að hætta ekki, vera ekki með þessi upphlaup, bara að þetta sé partur af daglegu starfi.

Mikilvægt er að ríkisstjórnin ákveði í eitt skipti einhverja ákveðna stefnu í forvörnum og reyndar er búið að ákveða einhverjar aðgerðir. M.a. að hún ákveði að það standi ekki til að lögleiða kanabisefni eða nein vímuefni eins og oft kemur upp og að það standi heldur ekki til að afnema einkasölu ríkisins á áfengi og það verði selt í léttvín og bjór í matvöruverslunum landsins.

Mér finnst mikilvægt að ríkisstjórnin taki ákvarðanir um skýrar línur áður en hún fer að styðja við bakið á grasrótarhreyfingu, skólum og uppeldisstofnunum, heilsugæslu, félagsmálayfirvöldum, lögreglu og foreldrahópum. Einnig finnst mér mikilvægt að það sé einhver mótur á vegum ríkisvaldsins og sveitarfélaganna sem sé í gangi, svona verkefnisteymi, sem að finni leiðir til að sameina krafta sem þarf að nýta eins og starfsmenn skóla, lögreglu og heilsugæslu o.s.frv. Það þarf að tengja fulltrúa frá öllum landsfjórðungum við svona verkefnastjórnun þannig að fólk sé dregið til ábyrgðar.

Nú standa þeir frammi fyrir því að það á að leggja verkefnið *Ísland án eiturlyfja* niður og þá væntanlega kemur eitthvað annað í staðinn og þá er bara að sjá hvað menn vilja gera í framhaldi af þessari ráðstefnu sem verður haldin 1 mars. Ég held að ef foreldrar eru virkir og meðvitaðir þá er árangur en ef þeir slaka á taumunum og fylgjast ekki með og ætla að láta alla aðra ala upp sín börn þá eru málin auðvitað ekki í góðum farvegi. Það er mjög nauðsynlegt að samfélagið sé meðvitað um unglínginn og börnin. Eftir því sem er byrjað fyrir að taka á þessum málum þá hlýtur það að verða auðveldara þegar upp kemur.

Kannski þarf að ná betur inn á ríkisfjölmíðlana og að þeir sinni þessu meira í að geta gert og keypt auglýsingar um þessi mál og fjallað um það. Þó að fjölmíðlar taki svona mál mikið inn til sín eins og t.d. kynlíf unga fólksins, það er mikið í umræðunni núna, en þetta vill svona verða ákveðinn toppur en svo dettur þetta út og er ekkert áfram og ekki heldur í formi ábendinga eða auglýsinga. En þá komum við að því að auglýsingar eru náttúrulega alveg ótrúlega dýrar bæði í ljósvaka og sjónvarpi þannig að það þarf örugglega mikið fjármagn í þetta. Það þarf að hvetja menn til að standa og vera vel á verði, við lífum á tækniöld og það er auðvelt að koma öllu í kring og skilaboðum fljótt og vel af stað o.s.frv. eins og GSM sími hann er hið ótrúlegasta tæki í öllum þessum málum og eins og upp hefur komið að öll þessi skilaboð sem fara á örskotsstund á milli. Það er fljótt að skila sér hvort sem það er til góðs eða illis. Ég álit að menn eiga að vinna forvarnir inn á tækniöldina til krakkanna og vera inni þar sem krakkarnir eru á netmiðlum og öðru. Einhvern veginn þannig að ef þau fari inn á eitthvað þá sé óhjákvæmilegt að þau verði kannski að berja þetta augum eða heyra þetta áður en þau fara inn á þetta og þetta.

Forvarnir verða alltaf að vera til. Það eru lokaorðin. Það verður alltaf að vera mikið aðhald bæði í útivist og útivistarreglum og peningamálum og afskiptum við unglíngana. Þessi vinna tekur aldrei enda. Það koma alltaf nýjir og nýjir inn á jaðarsvæðin í 7. og 8. bekk, jafnvel yngra. Við verðum að hafa eitthvert kerfi í gangi svo að við getum hjálpað skólunum og félagsmiðstöðvunum í þessum pakka. Það

verður að koma fjármagn úr Ríkinu inn í þetta, beint inn í jaðarinn. Jafnvel beint inn í skólana, þar sem þeir eru bara skyldugir til að keyra eitthvert ákveðið verkefni.

Við höfum alveg sofið á landsvísu í svona áróðri. Ég get nefnt þér alveg fullt af dæmum sem að er verið að gera erlendis og bera árangur. T.d. „bíl-crash“ myndirnar úti í Ástralíu sem er eitthvað farið að sýna hérna að þeirri fyrirmynd, sem eru alveg hrikalega vel gerðar myndir sem höfðu beint til ungs fólks sem er nýkomið með bílpróf. Ef að tónlistarmyndbönd höfðu til unglínganna þá getum við gert svona myndbönd. Við höfum tæknina. Við tókum eitt verkefni sem var mjög þarft. Það var að skynja áhættuþætti í sjálfsvígum og þunglyndi. Við keyrðum það núna í vetur. Ég lít nú á svona forvarnir sem bara einn pakka. Allt frá vöggu til grafar. Þú getur alveg eins verið með forvarnir á elliheimilinu í tóbaksnotkun og hreyfingu þannig að það er endalaust hægt að vera með tengd forvarnarverkefni út um allt. Þetta er bara oft spurning um peninga og kraft, framkvæmdakraft.

Við eigum að halda áfram og við eigum að meta hvernig til tókst með þetta og það sem á kannski að gera þegar maður er að kanna árangur að maður á að taka handahóf úti í samfélaginu en í rauninni ekki að spyrja okkur sem erum hluti af þessu. Það er eiginlega það sem segir okkur meira hvaða áhrif þetta hafði og þá hefði ég sem fagmanneskja áhyggjur af því hvemig væri spurt. Ef einhver er spurður hvað hefur þú séð til Íslands án eiturlyfja? Það segir ekkert um árangurinn af því að það er ekki alls staðar yfirskriftin yfir því sem að gert er. Á sama hátt held ég að ef að það er verið að spyrja einhvern út í svona forvarnarmál tengt *Ísland án eiturlyfja* að þá er ég ekkert viss um að einhver nefni *Foreldrasamninginn* okkar. Við höfum aldrei tengt þetta saman. Þannig að það er rosalegur vandi að spyrja þannig að þú fái einhverja niðurstöðu sem að hægt er að byggja á.

Svo myndi ég stórefla lög- og tollgæslu á þessu sviði af því það er stríðið sem við erum að tapa. Við getum endalaust verið að harka með alls konar verkefni undir yfirskrift forvarna en meðan framboðið er það sem það er í dag að þá er alltaf eitthvað dæmt til að mistakast því það er alveg rosalegt framboð. En svo er ekki eins og maður viti nú allt hvað maður er að gera rétt eða rangt heima hjá sér. Ég er búin að hafa mjög gott af þessu vegna þess að nú er minn eldri strákur 16 að verða 17 ára þannig að maður getur talað líka af reynslu við aðra foreldra um hvað þeir etja.

Ég myndi vilja fá meira fjármagn og hafa svona karaktera eins og Hildi Hafstein sem er snillingur í að fá fólk til að vinna saman. Að efla starfið hennar. Að vinna með þessa margvíslegu hópa. Ég held að það mætti leggja meira í framhaldsskólahópinn hennar. Ég myndi vilja halda áfram að styrkja foreldrana, það mætti gera það eitthvað meira. Síðan mætti vinna meira með framhaldsskólahópinn. Við erum búin að hreinsa bæina eiginlega af þessum litlu grísum undir 16 ára en mér finnst við standa ráðþrota gagnvart 16-22 ára hópnum. Mér finnst við hafa einhvern veginn svona frítt spil og það þyrfti að vinna það með Jafningjafræðslunni og Félagi framhaldsskólanema og koma böndum á skemmtanirnar þeirra og einhverri fræðslu inn til þessara krakka. Þau eru þrælklár.

Er að fara í mjög spennandi verkefni núna þar sem eru sjálfkjörnar konur úr grasrótinni, sem vinna á bráðapjónustunni, hjá ÍTR og félagspjónustunni og viljum taka nýjan pól í hæðina og virkja fjölmiðla með okkur. En það þarf að fá fólk í þetta sem hefur áhuga á þessu. Frá grasrótinni. Og svo er spurningin hvernig það er hægt að fóstta það og viðhalda því áfram. En þetta er gríðarlega vonlaust starf og það má auðvitað ekki missa móðinn. Við erum að kljást við alheimsstarf nánast, byltingu í heiminum og það er þessi peningamaskína sem hefur ekki tekist að vinna með, en ég veit að lögreglan hefur verið að reyna að vinna með það, í gegnum þvætti og annað, en það sem snýr beint að unglíngunum er númer eitt að styrkja við starfið í skólanum og foreldra. T.d. umsjónakennarar og námsráðgjafar. Þetta krefst bara vinnu og samvinnu.

Ég mundi vilja sjá foreldra virkari því ég tel að foreldrar séu lykillinn. Einnig mundi ég vilja sjá gríðarlegan áróður í þjóðfélaginu fyrir breyttu viðhorfi og til þess sem við

getum kallað siðferði í framkomu kynjanna hvert við annað. Einnig mundi ég vilja að farið yrði af stað með eitthvað eins og við gerum í þessu verkefni okkar, þar sem staðið er fyrir framan foreldra og þeir spurðir hvort þeim finnist bara allt í lagi að barnið þeirra komi heim undir áhrifum áfengis eftir að hafa drukkið nokkra bjóra þó svo að það hafi ekki valdið neinum vandræðum eða hvort þeim finnist aldeilis alls ekki í lagi að börn í grunnskóla séu undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Það þarf að fá fólk til að taka þessa virku afstöðu hverja manneskju fyrir sig. Og síðan að fá fólk til að bindast samtökum, vegna þess að það sem ég heyri t.d á fundum þar sem eru 70-80 manns og einn maður stendur upp og segist alltaf hafa keypt áfengi fyrir son sinn sem er kannski 18-19 ára, og hann hafi lofað dóttur sinni því sama þegar hún verður 16 ára. Þessi maður nær kannski því að einhverjum hópi á forledrafundunum þyki kannski þessi áróður okkar hallærislegur og teprulegur og í raun ekki í takt við tímann, því auðvitað drekki allir krakkar. En svo er breiða línan, kannski 86-92% af fólkinu sem er algjörlega ósammála en segir ekki orð því það vill ekki vera teprulegt og hallærislegt. Og meðan við bregðumst á þennan máta við innan þjóðfélagsins, þá erum við ekki að sýna börnunum okkar það fordæmi, að þegar þau standa ein frammi fyrir einhvers konar ögrun í félagahópnum, að þá geti þau staðið upp og staðið á sínu, af því að þau hafa ekki fyrirmyndina að því. Fullorðna fólk þeir ekki að gera það svo af hverju ættu þau að þora.

Með grunnskólana að þá er ég ekkert með brjálæðislegar tillögur. Ég held það þyrfti bara að vinna meira með þungu hópana. Við náðum mjög miklum árangri með afbrotastráka í Breiðholti síðastliðið sumar. Í samvinnu við Vinnuskólann að þá vorum við með starfsmenn sem að tóku þá alveg í gegn. Það var mælanleg minnkuð tíðni afbrota í Breiðholti. Þetta er það sem að þessir krakkar þurfa. Þau þurfa svona sértæk úrræði og ég vona nú að fólk mitt hafi staðið við orð sín að þau ætli að senda fullt af umsóknum inn í forvarnarsjóðinn. Þetta eru náttúrulega þúra forvarnir vegna þess að þetta eru líka krakkar sem að eru í neyslu og þetta eru ekkert bara strákahópar. Við bara ákváðum í þetta skipti að taka bara stráka. Svona verkefni gæti ég séð fyrir mér að hægt væri að vinna 12-16 finnst mér. Hins vegar núna erum við búin að vera að vinna heilmikla rannsóknarvinnu varðandi hópinn 5.-6. bekkur. Ég held að þar geti maður byrjað að skoða brottfallshópinn. Við erum að skoða félagslega virkni þessara krakka og alveg niður á skóla. Þannig að maður geti séð í hverju eru stelpur í 5. bekk Grandaskóla. Hvað vilja þær? Það verður unnið fyrir okkur endanlega og þá getum við séð hversu margir eru ekki í neinu. Það finnst mér vera áhættuhópur. Þeir sem eru utanveltu. Ef maður gæti unnið eitthvað með þann hóp og fyrirbyggt að hann væri kominn í eitthvað bull 13, 14, 15 ára að það væri svakalegur áfangi. Þannig að það er okkar næsta skref.

Viðauki I – umræðuramma

Sent til viðmælenda áður en viðtöl hófust

Frekara mat á meðal tengla og samstarfsaðila í verkefninu **Ísland án eiturlyfja**

Fyrirkomulag viðtala: Fyrstu 4 viðtölin verða tekin við tengla á höfuðborgarsvæðinu augliti til auglitis annað hvort á skrifstofu Gallup eða hjá viðmælenda. Næstu 16 viðtölin verða tekin í síma.

Umræðuramma: Spurningar til tengla um *Ísland án eiturlyfja*. Vinsamlega athugið að umræðuramminn á að vera mjög opinn þannig að skoðanir ykkar og viðhorf komi sem best fram. Allar spurningarnar eiga einungis við um verkefnið *Ísland án eiturlyfja*. Umræðuramminn getur breyst eftir að fyrstu fjögur viðtölin hafa verið tekin, þ.e. ef eitthvað kemur þar fram sem nauðsynlegt þykir að falla undir umræðurammann.

I. Almenn mat

Þegar á heildina er litið hvernig metur þú árangur verkefnisins *Ísland án eiturlyfja* sem hefur verið í gangi frá 1997, hefur mikill eða lítill árangur náðst?
Hvað hefur áunnist?
Hvað hefði mátt gera betur?

II. Sameina krafta þjóðarinnar

Hefur verkefnisstjórn *Ísland án eiturlyfja* tekist að fá nógu breiðan hóp samstarfsaðila – Var einhver hópur / samtök / félag sem vantaði í samstarfið – hvers vegna?
Hvað var jákvætt í samstarfinu?
Hvað var árangursríkt í samstarfinu?
Hvað hefði mátt fara betur í samstarfinu?
Hvað hefur þú unnið með mörgum hópum / samtökum / félögum?
Hafa samstarfsaðilar verið virkir innbyrðis / út á við – hvernig?
Hafa samstarfsaðilar komið með nýjar hugmyndir og leiðir – hvaða?

III. Efling forvarna og skipulagning verkefna og aðgerða

Hvaða forvarnarverkefni *Ísland án eiturlyfja* hafa verið árangursrík og hvers vegna?
Hvaða forvarnarverkefni hafa verið árangurslítill og hvers vegna?
Voru einhverjar leiðir og eða tækifæri sem hefði mátt nýta betur?
Í ljósi reynslunnar hverju viltu breyta í forvarnarstarfi *Ísland án eiturlyfja* – hvað viltu bæta – hvernig?
Hefur forvarnarstarfið verið sýnilegt innan þeirra hópa sem þú vinnur með / umgengst – merkir þú einhverjar breytingar á viðhorfum eða hegðun í hópnum – hvernig? Nefnið dæmi.

Viðauki II - viðmælendur

Viðmælendur komu frá eftirtöldum stofnunum eða félagsamtökum:

Augliti til auglitis:
1. Æskulýðs-og tómstundaráð Hafnarfjarðar
2. Miðberg, félagsmiðstöð
3. Félagsþjónustan í Reykjavík
4. Rannsóknarlögreglan, fíkniefnadeild
5. Hitt húsið
Í síma
6. Félagsþjónustan Reykjavík
7. Æskulýðs- og tómstundaráð Borgarbyggðar
8. Lögreglan, Ísafirði
9. Félagsmálasvið Dalvíkur
10. Áfengis- og vímuvarnarnefnd Akureyrar
11. Æskulýðs-og tómstundaráð, Hornafirði
12. Æskulýðsráð ÍTR
13. Ríkislögreglustjóri
14. Unglingablaðið Smellur
15. Alþingi
16. Heimili og skóli
17. Jafningjafræðslan
18. Forvarnarnefnd Hveragerðis
19. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
20. Götusmiðjan

Fjölmiðlagreining

Ísland án eiturlyfja

1998
1999
2000
2001

Trúnaðarmál

Fjölmiðla *vaktin*

IMG

Skýrsla þessi og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki eða þeim einstaklingi sem hana keypti. Öll opinber birting eða dreifing er óheimil án skriflegs leyfis Fjölmiðlavaktarinnar.

Þess ber vandlega að gæta, að farið verði með upplýsingar um þau fyrirtæki, sem tekin eru til samanburðar við það fyrirtæki sem óskar eftir könnun, sem trúnaðarmál, og að þær berist ekki til annarra aðila en þeirra sem óskað hafa eftir viðkomandi könnun. Jafnframt er því fyrirtæki óheimillt að birta upplýsingar um samanburðarfyrirtækin á nokkurn hátt.

Allur réttur áskilinn: © Fjölmiðlavaktin ehf.

Fjölmiðlavaktin
er aðili að IMG

NIÐURSTÖÐUR

Inngangur	3
Heildarumfjöllun fíkniefnaumræðunnar	4
Heildarumfjöllun fíkniefnaumræðunnar, prentmiðlar	4
Hvar birtist greinin í prentmiðlum	5
Málefni	5
Þróun heildarumræðunnar um fíkniefnamál	6
Ísland án eituryfja	7-10
Umfjöllun um Ísland án eituryfja skipt eftir prentmiðlum	7
Hvar birtist greinin í prentmiðlum	7
Málefni	8
Þróun heildarumræðunnar Ísland án eituryfja	8
Niðurstöður umræðunnar um Ísland án eituryfja	9
Þróun jákvæðra og neikvæðra greina um átakið	9
Dreifing umfjöllunar milli mánaða	10

Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er að finna niðurstöður greiningar á fréttum íslenskra dagblaða á umfjöllun sinni um átakið Ísland án eituryfja. Það tímabil sem hér um ræðir er frá 1998-2001 að undanskildum maímánuði 1998. Markmið rannsóknarinnar var að innihaldsgreina allan fréttáflutning um átakið.

Greiningin er unnin á þann hátt að allar greinar og fréttir sem birst hafa um tiltekið efni eru greindar eftir því hvort um jákvæða, neikvæða eða hlutlausa umfjöllun er að ræða, tíðni fréttar og er umfjöllun skoðuð út frá fjölda jákvæðra og neikvæðra fréttar/greina um átakið. Skýrslan er sett fram á myndrænan hátt og eru skýringartextar þar sem það á við.

Þeir fjölmiðlar sem notaðir voru við greininguna voru Morgunblaðið, DV, Dagur, Viðskiptablaðið, landsmálablöð, tímarit og Fréttablaðið.

Rannsóknin nær til 3289 greina í prentmiðlum.

Í þeirri greiningu sem hér um ræðir er stuðst við eftirfarandi vinnureglur:

- Grein er metin er jákvæð, ef rannsakandinn telur að lesandi eða áhorfandi fái jákvæða mynd af þeirri umfjöllun sem hér um ræðir þ.e. umfjöllun. Hann skoðar hana út frá þeirri spurningu hvort greinin eða fréttin sé líkleg til að ýta undir jákvæða ímynd átaksins í hugum lesenda.
- Grein er metin hlutlaus, ef ekki eru taldar líkur á að hún auki við jákvætt eða neikvætt viðhorf í garð átaksins við lestur.
- Grein er er metin neikvæð ef hún er talin líkleg til að vekja neikvætt viðhorf í garð þess viðfangsefnis sem hér er rannsakað. Einnig ef innihald viðkomandi fréttar eða greinar er líklegt til að ýta undir neikvæða ímynd átaksins í hugum lesenda.

Reykjavík 20.2 2002

Skýrsluna unnu sérfræðingar IMG

Magnús Heimisson


Guðni Magnús Ingvason

Heildarumfjöllun fíkniefnaumræðunnar 1998-2001

Breyta	Tíðni	Hlutfall
Almenn umfjöllun	1802	54,8%
Almenningur	601	18,3%
Lögreglan	310	9,4%
Fagaðilar	212	6,4%
Stjórnámálmenn	186	5,7%
Opinberir aðilar	175	5,3%
Ísland án eiturlyfja	137	4,2%
Heilbrigðisstarfsmenn	131	4,0%
Fíkniefnaneytendur	26	0,8%


Hér kemur fram hverjir eru þátttakendur í umræðunni í hverri blaðagrein fyrir sig. Taka ber fram að almenn umfjöllum merkir það að ekki var rætt við neinn. Hvað varðar Ísland án eiturlyfja þá voru allar greinar teknar með hvort sem rætt var við forsvarsmenn átaksins eða það einungis nefnt á nafn.

Heildarumræða




Heildarumfjöllun fíkniefnaumræðunnar, prentmiðlar

Prentmiðill	Tíðni	Hlutfall
Morgunblaðið	1381	42,0%
DV	982	29,9%
Dagur	547	16,6%
Landsmálablöß	276	8,4%
Fréttablaðið	99	3,0%
Viðskiptablaðið	4	0,1%
Samtals	3289	100,0%




Hvar birtist greinin í prentmiðlum

Hvar birtist greinin	Tíðni	Hlutfall
Fréttir	2383	72,5%
Fastur dálkur	220	6,7%
Lesendur	189	5,7%
Aðsend grein	187	5,7%
Viðtal	150	4,6%
Fréttaskýring	82	2,5%
Forystugrein	78	2,4%
Samtals	3289	100,0%




Málefni

Málefni	Tíðni	Hlutfall
Lögreglu og dómsmál	1580	48,0%
Almenn umfjöllun	821	25,0%
Forvarnir	530	16,1%
Vímuefnaneysla unglunga	166	5,0%
Meðferðarúrræði	124	3,8%
Skaðsemi eiturlyfja	58	1,8%
Burðardýr	10	0,3%
Samtals	3289	100,0%




Þróun heildarumræðunnar um
fíkniefnamál 1998-2001 í
prentmiðlum



Umfjöllun um Ísland án eiturlyfja skipt eftir prentmiðlum


Prentmiðill	Tíðni	Hlutfall
Morgunblaðið	77	56,2%
DV	26	19,0%
Dagur	26	19,0%
Landsmálablöð	7	5,1%
Fréttablaðið	1	0,7%
Samtals	137	100,0%

Ísland án eiturlyfja




Hvar birtist greinin í prentmiðlum

Hvar birtist greinin	Tíðni	Hlutfall
Fréttir	76	55,5%
Fastur dálkur	19	13,9%
Lesendur	17	12,4%
Aðsend grein	14	10,2%
Viðtal	4	2,9%
Fréttaskýring	4	2,9%
Forystugrein	3	2,2%
Samtals	137	100,0%




Málefni

Málefni	Tiðni	Hlutfall
Forvarnir	94	68,6%
Almenn umfjöllun	33	24,1%
Vímuefnaneysla unglunga	7	5,1%
Meðferðarúrræði	3	2,2%
Samtals	137	100,0%




Þróun heildarumræðunnar um Ísland án eiturlyfja 1998-2001 í prentmiðlum




Niðurstaða umræðunnar um Ísland án eituryfja

Útkoma	Tíðni	Hlutfall
Jákvæð	89	65,0%
Hlutlaus	40	29,2%
Neikvæð	8	5,8%
Samtals	137	100,0%




Þróun jákvæðra og neikvæðra greina um Ísland án eituryfja

ATH: Hér er um rauntölur að ræða en ekki hlutfallstölur



a) Dreifing umfjöllunar milli mánaða. Ísland án eiturlyfja



b) Dreifing umfjöllunar milli mánaða. Ísland án eiturlyfja

